

Endurminningar Árna Jónassonar frá Svínaskála

Endurminningar Árna Jónassonar

| | |
|---|----|
| Bernskuminningar | 3 |
| Mylnan og smiðjan | 17 |
| Áhættusöm lending | 19 |
| Loftvogin..... | 21 |
| Sumarís..... | 22 |
| Á Eskifirði | 23 |
| Síldveiði..... | 26 |
| Hafnarferð..... | 29 |
| Í Hamborg..... | 33 |
| Söfn, dýragarðar o.fl..... | 36 |
| Hafnarvist veturinn 1894-5..... | 39 |
| Á Fáskrúðsfirði..... | 43 |
| Takið gæsina meðan hún gefst | 47 |
| Í síldarleit | 49 |
| Þorskanet og stauranót | 51 |
| Með Flóru..... | 53 |
| Fágætir fiskar..... | 58 |
| Dásemdir náttúrunnar | 59 |
| Fríkirkjan..... | 61 |
| Miacastrandið..... | 62 |
| Draumar o. fl. | 63 |
| Álftin..... | 66 |
| Móri | 68 |
| Örnefni í Svínaskála og Svínaskálastekks landi..... | 71 |
| Ameríkuferðir..... | 72 |
| Hákarlaveiði í Seley..... | 73 |
| Með Perwie..... | 75 |

Bernskuminningar

Ég er fæddur 4. okt. 1872 að Svínaskála við Eskifjörð. Foreldrar mínir voru Jónas Símonarson f. 1. ágúst 1836 dáiinn 17. apríl 1893 og Guðbjörg Jónsdóttir f. 2. nóvember 1843 og dáiin 10. marz 1929. Faðir minn fluttist með foreldrum sínum 9 mánaða gamall að Svínaskála og var þar alla sína ævi. Móðir mín kom unglingur þangað. Þau giftust 1862.

Ég var sá sjöundi í röðinni af 17 systkinum, sem mörg dóu ung. Ólst ég upp á Svínaskála og hefi verið þar alla mína ævi að undanteknum 4 árum. Við systkinin ólumst öll þar upp. Á fyrstu búskaparárum foreldra minna festi faðir minn kaup á jörðinni og er hún nú í eign minni.

Faðir minn var mikill athafnamaður. Við systkinin vorum því fljótt vanin við vinnu og hefir það reynst okkur gott vegarnesti. Hann stundaði sjó af kappi haust og vor, hafði landbú eins og jörðin bar, en hún er fremur lítil, 9 hundruð að fornu mati, útheyskapur erfiður en bithagi góður. Hann smáfærði túnið út eins og hægt var og sléttaði mikið af því. Töðufengur af því óx úr 50 hestburðum í 200 að jafnaði á ári. Áhöfn var eftir að ég man eftir venjulegast 100 til 120 sauðkindur, 3 til 4 kýr og 3 hestar.

Heimilið var mannmargt, oft um og yfir 20 manns því að fyrir utan okkur systkinin var margt vandalaust fólk, vinnufólk og gamalmenni. Þurfti því mikla aðdrætti að heimilinu, en aldrei man ég eftir, að við fengjum ekki nóg að borða, þó að það stundum væri fábreytt, því að það voru harðindaár um lengri tíma.

Mikið var af umrenningum, þegar ég fyrst man eftir mér. Flæktust þeir bæ frá bæ og voru 1 til 2 nætur á sama stað í einu. Þessir vesalingar fóru ekki framhjá Svínaskála og voru oft tveir samtímis þar. Ég man sérstaklega eftir Halldóri Hómer, Gilsárvalla-Gvendi, Þórarni múff, Sigurði stýrsa og Benóný gamla. Engir af þessum mönnum áttu heima við Reyðarfjörð, þeir voru ofan af Héraði eða norðan af fjörðum.

Fyrir utan búskapinn stundaði faðir minn smíðar, því að hann var afbragðs smíður bæði á járn og tré. Hugvitsmaður var hann og fann upp ýmislegt, sem aðrir tóku svo eftir. T.d. hugsaði hann út og byggði vatnsmyllu, sem vakti athygli víða, enda fekk hann opinber verðlaun fyrir. Í þessari myllu voru tvær kvarnir, sem gátu malað 12 tunnur á sólarhring. Sög til að fletta með málsborðum, rennibekkur og hverfisteinn. Allt var þetta í sambandi við spjaldakarlinn í vatnsmyllunni með tannhjólum eða reimum. Eftir teikningu, sem faðir minn gerði sjálfur, pantaði hann frá Danmörku öxla og tannhjól og annað, sem til þessa þurfti. Þá varð að mala allt brauðkorn og fletta öllum borðum í innanþiljur og báta. Það var því oft mikið að gera í myllunni, einkum á haustin, ef vatn var nóg, við að mala og saga fyrir flesta bæi í sveitinni. Oft kom fyrir, að vakað var alla nóttina við mölun. Það varð hlutskipti okkar bræðranna á unglingsárunum að passa kvarnirnar, því að það var fremur létt verk. Aðallega áttum við að sjá um, að ekki vantaði korn í þær og þær hitnuðu ekki. Átti ég þarna marga vökunótt.

Það var erfitt verk að fletta borðum. Sögin var stórtennt og ýtti trjánum, sem flett var úr, frá sér. Var ég alveg hissa á, hvað faðir minn entist til að standa þarna allan daginn og verða að spyrna á móti söginni af öllum kröftum. Það tók 5 mínútur að fletta 6 álna borði. Ef átti að búta niður tré svo sem til eldiviðar eða annars, var skipt um sagir og notuð smátennt sög. Það gekk mjög fljótt.

Bátasmíði var eitt af því, sem faðir minn stundaði. Hann var oft allan veturinn, þegar veður leyfði, við bátasmíði og varð stundum að fá menn sér til hjálpar. Þá var ekki stundað annað en hákarlaveiði á vorin, því að lýsi var aðalinnleggið. Saltaður fiskur var þá ekki verslunarvara. Var því einungis legið til vers í Seley. Bátarnir, sem þar voru notaðir, voru nokkuð sérkennilegir. Kjölurinn var mjög stuttur en stefnin löng, sérstaklega framstefnið og hallaði mjög fram. Þetta þótti þá óhjákvæmilegt vegna þess, að þarna var brimlending og varð að taka bátana upp á hallandi klöpp. Það þótti því hyggilegt, að framstafninn væri kominn hálfur upp á land áður en kjölurinn tók niðri, svo að þeir, sem tóku á móti bátnum í landi, gætu strax náð tökum á honum. Faðir minn sá fljótt gallann við þessa báta. Þeim var illróandi móti kviku líkt og prömmum og ekki hægt að sigla þeim nema í rúmum vindi. Ef átti að sigla þeim hliðvind, rak þá eins mikið út á hliðina. Þegar faðir minn fór sjálfur að gera út í Seley, smíðaði hann sér bát, sem nefndur var Laxinn. Þetta var fjögurra manna far og bezti bátur. Hann var alveg eins í laginu og bátar gerast nú, með hringuðu stefni. Í staðinn fyrir trjónuna á gömlu bátunum boraði faðir minn gat gegnum framstefnið á bátnum rétt fyrir ofan kjölinn, festi mjórri keðju þar í með keðjulás, en fangalínan var bundin í keðjuna. Þegar átti að taka bátinn á land var fangalínunni fleygt upp á klöppina og röðuðu menn sér á hana. Var báturinn á augabragði kominn hálfur á land. Það var spáð illa fyrir þessum bát, fyrst þegar hann kom þarna, en reyndin varð önnur, því að eftir fá ár vildi enginn vera á gömlu bátunum lengur. Faðir minn fékk því svo margar pantanir á Seleyjarbátum, að hann gat ekki sinnt þeim öllum. Aðrir bátasmíðir tóku svo upp þetta sama lag. Þessutan smíðaði hann nokkra minni báta. Ég man eftir að okkur bræðrunum þótti oft kalt að vera úti allan daginn við að halda á móti, þegar verið var að hnoða sauminn. Allan saum þurfti að smíða.

Túnasléttun byrjaði faðir minn fyrstur manna hér austan lands. Þegar ég var barn, man ég að aðalkjarninn í túninu var svo þýfður, að við börnin vorum í felingaleik milli þúfnanna. Sumsstaðar voru hálfgerðir grafningar milli þeirra. Þá þekktust engin jarðyrkjuverkfæri nema páll, reka og torfljár. Það var því skorið ofan af þúfunum með torfljá og svo pælt og mulið með páli og reku. En svo vel var þetta unnið, að þegar búið var að tyrfa, var það að sjá sem hefluð fjöl. Þessar sléttur héldust óhaggaðar í 30 til 40 ár.

Á haustin, þegar tíð var góð, var unnið við þetta, þegar ekki var annað að gera og í mörg haust fekk hann gamlan mann, sem vanur var torfskurði, til að vera hjá sér mánaðartíma eða svo til að skera ofan af þúfum. Á vorin var svo flagið tyrft.

Eftir að farið var að salta síld og hún var orðin verzlunarvara hafði faðir minn mikla netjaútgerð á haustin fram að hátíðum. Fengust stundum allt að 300 tonnur yfir vertíðina. Hann hafði venjulegast úti tvær setningar. Í hvorri voru tvö net 20 faðma löng og 8 til 10 faðma djúp. Oft voru netin sokkin til botns af síld, þegar vitjað var um þau, en á stjóranum vara varaból, svo að alltaf mátti ná í þau, þó að þau væru sokkin. Netin voru úr mjög grönnum þræði og var það kalt verk að sitja allan daginn í frosti og vindi berhentur við að taka síldina úr.

Einn morgun sem oftur fórum við suður í Rákarbót til að vitja um netin. Var þá snjókoma mikil og töluverður vindur, beint á eftir. Við sátum þarna allan daginn við að taka úr netunum og vorum ekki búnir fyrr en farið var að dimma. Var þá báturinn, sem tók 20 til 25 tonnur, orðinn hlaðinn. Það hafði mokað niður snjó allan daginn og vindur aukizt. Það var því ekki að tala um annað en slaga sig heim á

seglum. Það var engin skemmtisigling að sigla þarna á hlöðnum bát í náttmyrkri og kafaldsbyl. Tveir harðduglegir menn, sem með okkur voru, Jón Steingrímsson, mágur minn og Jón Halldórsson á Innstekk ætluðu ekki að geta náð saman seglunum, þegar að landi kom. Þau voru orðin svo frosin. Botnlaus ófærð var orðin á landi og var erfitt að bera alla síldina á börum inn í hús, sem stóð nokkuð frá sjó, svo að hún frysji ekki um nóttina. Þá var eftir að komast heim móti brekkunni. Gekk það seint því snjórinn var undir hendur og þreifandi bylur. Klukkan var víst orðin 9 að kvöldi þegar heim kom.

Auk búskaparins hafði faðir minn oftast nær á hendi einhver opinber störf.

Hann var sjálfmenntaður maður, hafði aðeins fengið tilsögn í ensku, dönsku og reikningi einn vetur hjá séra Einari í Hofteigi á Jökuldal. Bókhneigður var hann mjög en las helst ekki nema fræðibækur. Dönsku las hann sér til fullra nota en minna í ensku. Hann átti töluverðan bókakost eftir því, sem þá gerðist. Mjög var hann söngelskur, söng sjálfur og hafði töluverða rödd. Þegar ég var barn, man ég að hann átti harmóniku með hálfnotum, sem hann notaði til að ná lögum eftir nótum.

Skólar fyrir börn voru þá engir og þótti föður mínum slæmt að við börnin færum á mis við allan lærdóm. Hann réð því heimiliskennara handa okkur í þrjá vetur og var það í fyrsta skipti að fastur kennari var ráðinn hér um slóðir á sveitaheimili. Fyrsti kennari okkar var Guðmundur Sigurðsson, prentari, annar var Ögmundur Sigurðsson, síðar skólastjóri við Flensborgarskóla, þá nýútskrifaður frá Möðruvallaskóla. Sá þriðji var Páll Bergsson útskrifaður frá sama skóla. Sjálfur hafði faðir okkar kennt okkur lestur, skrift og dálítið í reikningi. Fleiri vildu njóta góðs af þessari kennslu og var því nokkrum ungum mönnum komið fyrir hér heima þessa vetur.

Árin fyrir 1880 komu oft miklar fiskigöngur í fjörðinn á vetrum. Man ég sérstaklega tvisvar eftir því í janúarmánuði. Fjörðurinn fylltist svo af fiski, að undrum sætti. Allir karlmenn á heimilinu voru önnum kafnir við fiskiríið. Ég var þá hálfgerð barn, en samt var ég í viðlögum látinn gefa lömbunum og öðrum fénaði, sem inni stóð, svo að fjármaðurinn gæti hjálpað til við sjóinn. Þegar þetta var búíð, átti ég að koma niður að sjó og hjálpa til við aðgerðina, slíta slóg og því um líkt. Þegar ég stundum kom þarna um tíuleitið var fyrsta hleðslan komin á land og báturinn farinn af stað aftur. Ef veður var sæmilegt, voru oft teknar þrjár hleðslur á dag. Tíð var umhleyppingasöm og oftast rok úr einhverri átt, svo að það voru tiltöluleg fáir dagar, sem sjóveður var. Samt fyllti faðir minn báða þessa vetur stórt fiskihús af söltuðum fiski.

Hvalagengd var mjög mikil í firðinum og menn fóru oft hikandi á sjóinn þess vegna. Ef netstubba var fleygt í sjóinn, fylltist hann strax af síld. Mekkir af hvítflugli svífu í loftinu yfir þessum auðæfum. Beita var nóg, því að þá voru menn almennt farnir að nota síld til beitu.

Veidiskapur var mikill á þessum árum, svartfugl á vetrin og oft töluvert af sel, hnísur voru á sumrin og fullt af rjúpum á vetrin, þó að þær féllu óefað af og til, því að harðindi voru mikil. Í eitt skipti man ég eftir, að við komum eftir frostveður niður að sjó og sátu þá fullar rimarnar í þurrkhjallinum af helfrosnum snjótittlingum og mun það þó sjaldgæft, að þeir falli. Sama vetur var það, að við börnin vorum að reyna að þíða svell af rúðu í baðstofunni í miklum frostbyl og sáum þá tvær rjúpur sitja í gluggakistunni. Þrátt fyrir harðindin var svo mikið af rjúpum, að þegar fór að þiðna á vorin og melar og rindar voru auðir, glitraði allsstaðar á rjúpunar móti

sólinni. Eitt skipti man ég, að seldar voru í einu 600 rjúpur á 8 auro stykkið. Oft vantaði skotfæri og voru rjúpunar þá snaraðar. Snaran var þannig útbúin, að hafður var mjór strengur 15 til 20 faðmar á lengd. Á honum miðjum var snara með hleypilykkju fléttuð af taglhári af hesti. Henni var haldið sundur með puntstrái. Tvo menn þurfti við snöruna og fóru þeir þá hvor sínum megin við rjúpunna, þar sem hún sat, og létu lykkjuna leggjast utan um hálsinn á henni., síðan var rjúpan rekin upp og gaf þá stráið eftir og snaran hertist að hálsinum. Rjúpunar þurftu að sitja kyrrar, ef átti að snara þær, væru þær hlaupstyggar, var ógerningur að eiga við þær.

Eitt skipti seinni part vetrar var ég sendur inn á Eskifjörð. Jörð var öll hulin gaddi nema melar, sem stóðu upp úr niður við sjó. Þar var allt á kviki af rjúpum. Sá ég þá þrjár rjúpur taka sig upp af háum mel fyrir ofan mig og fljúga beint upp í loftið fyrst. Síðan tóku þær stefnuna þvert yfir fjörðinn. Þetta er líklega 5 mínútna flug. Þær voru ekki komnar nema 1/3 af leiðinni, þegar þær sneru við til sama lands og náðu aðeins fjörunni, áður en þær fellu í sjóinn, svona voru þær orðnar máttfarnar af hori, því að nái þær ekki í lauf, horast þær jafnt, þó að þær hafi nóg af grasi.

Þegar ég var átta ára gamall, var farið að láta mig sitja yfir ám, fyrst með öðrum, síðar einn og tók ég við þeim starfa af eldri systkinum mínum. Tólf ára var ég tekinn með út á Vattarnes og látinn elda mat handa áhöfn bátsins. Eftir það var ég mest við sjó bæði þar og víðar, því að mér fell það betur en landvinna. Fjórtán ára var ég einn vetur í barnaskóla á Eskifirði. Þann vetur gerði hinn illræmda janúarbyl, sem drap flesta, sem úti voru staddir, bæði á sjó og landi. Við vorum nálægt 20 talsins í skólanum og var Bjarni Jónsson frá Þuridarstöðum kennari okkar. Þegar við komum í skólann klukkan 9 um morguninn var veður stillt, bjart í lofti og mikill laus snjór á jörðu. Um klukkan 11 sást dimmur mökkur inni í dalnum. Nokkrum augnablikum síðar skall veðrið á eins og byssuskot, hurðir slógust upp og gluggar ætluðu úr húsum. Það varð hálfdimmt í húsunum af snjómeckkinum útifyrir og alveg óstætt veður úti, varð helzt að skriða, ef á móti var að sækja. Það komu því margir karlmenn til að koma börnunum í næstu hús undan veðrinu, því að á móti því voru ekki tiltök að koma þeim. Frostið varð brátt mikið og stóð þetta veður í 3 daga.

Allt fé, sem búíð var að hleypa út, annaðhvort fennti eða hrakti í sjóinn. Faðir minn hafði þá beitarhús inni á Hlíðarenda. Beitarhúsamaðurinn var að gefa á garðann og hafði hleypt fénu út, þegar veðrið skall á. Hann komst með naumindum undan í næsta hús, en féð fennti sama sem allt. Fáeinir gamlir sauðir höfðu náð sér aftur inn í fjárhúsið og stóðu þar málþola meðan veðrið helzt. Það var mikið leitað að því fé sem fennti, bæði með járnstöngum og hundum. Fannst eitthvað af því aftur, en ekki nærri allt.

Rétt fyrir mitt minni fréttist um haust, að mokfiski væri við Vattarnestanga. Faðir minn dreif sig því þangað með þrjá vinnumenn. Heima voru ekki eftir aðrir en við börnin, kvenfólk og gamall maður, sem passaði fjósið. Veður hafði verið stillt um tíma og ekki útlit fyrir breytingu á því. Var því allt fé úti um hagann nema lömbin, sem komin voru á gjöf. Allt í einu gekk í vöðaveður með frosti og snjókomu. Faðir minn, sem á örfáum dögum var búinn að fá 12 skpd. af fiski, sem hann hafði saltað úti á klöpp, nokkuð frá sjónum, missti þennan fisk allan í sjóinn og þegar heim kom var mest allt féð komið í fönn. Það, sem ég minnst frá þessum atburði er, að sumarið eftir á túnaslætti hlupum við börnin einn daginn niður að sjóhúsum. Á leiðinni er gil og var stór fönn í því. Þegar við fórum yfir fönnina sáum við gat á henni. Við fórum að horfa niður í gatið og sáum þá á kindarhorn. Við gerðum aðvart um þetta og voru

þarna dregnar upp 6 eða 8 ær. 12 fullorðnir sauðir fundust í Snæhvammsgili fyrir ofan Eskifjörð um sumarið. Ræflar af öðru fé voru að smáfinnast fram á haust. Sumt fannst aldrei.

Fjárskaðaveður voru þá tíð og eftir að komið var fram á þorra mátti alltaf búast við hafísnum. Veturinn 1880-81 var öll jörð hulin gaddi og frost mikil, oft dag eftir dag yfir 20 stig. Lagði þá fjörðinn svo fara mátti með hestalest á ísnum alla leið út að Vattarnesi. Þessi lagís varnaði því, að fjörðurinn fylltist af hafís í þetta sinn. Á sumardag fyrsta hafði ísinn brotið upp inn að Mjóeyri. Komu þá tvö norsk gufuskip inn fjörðinn. Héldu skipstjórar, að þetta væri bara venjulegur þunnur lagís og sigldu með fullum krafti á skörina. En þau fengu ónota högg, brutu eitthvað stefni og sneru frá og lögðust í víkinni. Með öðru þessu skipi var Jón Ólafsson, rithöfundur og var þá að koma frá Noregi. Hann kom heim að Svínaskála samdægurs til að fá lánaðan hest út að Karlsskála til unnustunnar. Giftu þau sig skömmu síðar og byrjaði Jón að gefa út Skuld á Eskifirði. Hann var bláfátækur og mun nafnið á blaðinu því hafa verið táknrænt.

Á þessum árum var lítillar hjálpar að leita, þó að stórskaða bæri að höndum, enda áttu allir nóg með sjálfa sig. Menn urðu því að duga eða drepast.

Næstu árin fór faðir minn snöggar ferðir til Noregs með síldveiðiskipum, sem gengu hér á milli. Hann fór með saltaða netjasíld til sölu og keypti aftur ýmislegt til heimilisþarfa og ýmis áhöld og verkfæri, sem ekki höfðu þekkt hér áður til sveita svo sem kvíslar, þægilegar rekur og skóflur, granna járnkarla úr stáli, eldavélar og fleira. Bráðlega urðu þetta eftirsóttir munir.

Eins og áður er getið kunni hann mikið í dönsku og gerði það þessi viðskipti auðveldari. Ensku skildi hann dálítið, þegar hún var töluð hægt en lítið á bók. Hann hafði tvö fyrstu búskaparárin að sumri til verið smiður með ameríska hvalveiðiskipinu "Hreindýrið" sem stundaði hvalveiðar hér á Austfjörðum. Lærði hann þá að skilja ensku að nokkru. Meðan hann var fjarverandi annaðist faðir hans búskapinn. Foreldrar hans dóu bæði 1878.

Móðir mín hafði mikið að sjá um á jafn fjölmennu heimili eins og nærri má geta og var sívinnandi fram á síðustu stund. Hún hafði lært algengan vefnað og fyrstu árin, sem ég man eftir, sat hún og óf dag eftir dag mikinn part vetrar. Öll föt, yzt sem næst, voru unnin heima, svo að mikið þurfti að vefa. Þrjónavélar voru þá óþekktar hér. Vefstólinn hafði faðir minn smíðað að öllu leyti nema skeiðina. Seinna sá hann í blaði eða bók mynd af hjólskyttu og smíðaði hana úr járni eftir myndinni. Þessi skytta flýtti mikið fyrir vefnaðinum og létti verkið, því að ekki þurfti annað en kippa í band í hvert skipti, er hún átti að renna í gegn um skilin.

Móðir mín var öllum góð og ekki síst okkur börnunum. Hún mátti ekki aumt sjá. Það var ekki mælt eða vigtað allt það sem hún lét af hendi rakna til þeirra, sem bágt áttu, því að heimili foreldra minna var alltaf fremur veitandi en hitt.

Þetta, sem hér hefir verið tilfært er það helzta, sem ég man frá æsku minni, að undanteknum nokkrum atburðum, sem sérstaklega eru mér minnisstæðir og koma á eftir í köflum sem sérstakar frásagnir. Undir þessum kringumstæðum ólumst við systkinin upp, þar til ég um tvítugt fór að heiman og breyttust þá lífskjör mín að ýmsu leyti.

Mér hefir láðst að geta þess, að faðir minn tók mikinn þátt í stofnun fríkirkjusafnaðar Reyðarfjarðar og studdi þann félagsskap meðan hann lifði. En um það mál ætla ég ekki að fjölyrða. Aðrir hafa sagt frá því, en einu atviki í sambandi við

Það mál get ég ekki stillt mig um að geta um, því að það lýsir einum stofnendanna betur en mörg orð.

Þegar búíð var að stofna söfnuðinn var strax farið að vinna að því að koma upp kirkju. Var safnað fé með ýmsu móti. Meðal annars var maður látinn fara um hreppinn með lista, hvar menn skrifuðu, hvað þeir vildu leggja af mörkum til kirkjubyggingar. Flestir betur stæðir bændur skrifuðu sig fyrir 100 til 200 krónum. Maður þessi kom einnig að Karlsskála, sagði Eiríki Björnssyni frá erindi sínu og spurði hann, hvort hann ætlaði ekki að vera með á listanum. “Hvað hafa þeir skrifað sig fyrir hinir” spurði Eiríkur. Maðurinn las svo upp af listanum, þá sem mest ætluðu að leggja fram. Eftir dálitla stund segir Eiríkur: “Skrifaðu mig með 30 eða 35 krónur”. Maðurinn ætlaði varla að trúa þessu og hikaði við að skrifa um stund, en skrifaði svo 35 krónur. Þá spurði Eiríkur: “Hvað hefir þú skrifað”? Maðurinn sagði honum það. Þá sagði Eiríkur: “Nú skaltu bæta núlli aftan við”:

Eins og getið er um hér að framan var okkur börnunum snemma haldið að vinnu, en faðir okkar sá alltaf um, að ekki væri of þung vinna lögð á okkur. Við vorum því búin að læra öll algeng störf bæði til lands og sjávar áður en við værum svo þroskuð, að við gætum tekið virkan þátt í þeim. Hugur okkar bræðranna beindist mest að sjónum og veiðiskap. Faðir okkar bjó til handa okkur tjörn fyrir utan túnið. Veggir hennar standa enn. Í hana mátti hleypa vatni eftir vild og vorum við oft með skútur okkar þar allan daginn. Einnig voru þar leikbræður okkar frá næsta bæ og var lagt mikið kapp á að eiga beztu seglskúturnar og vildi stundum kastast í kekki út af því. Bezta skemmtunin var þó þegar þægilegur vindur var að fá að sigla á firðinum, því að þeir þrír bátar, sem til voru á heimilinu af ýmsum stærðum, voru allir með ágætis seglaútbúnaði. Tíu til tólf ára gamlir vorum við orðnir leiknir í að fara með báta og annað, sem að sjómennsku laut. Ef við sáum skip eða bát, sem sigldi sérstaklega vel, skoduðum við það í krók og kring til að komast að, í hverju það lægi og reyndum svo að stæla það, bæði hvað lag og seglaútbúnað snerti. Þá fengust ekki þess háttar leikspil í búðunum, börnin urðu að mestu að hugsa þau út og búa þau til sjálf. Þetta var óefað góður þáttur í uppeldi barna, sem því miður er nú úr sögunni. Nú á að læra allt í skólum, en þó vantar þann skólann, sem nauðsynlegastur er og það er að kenna mönnum að hugsa rökrétt og draga af því ályktanir.

Í þessu sambandi dettur mér í hug atvik fyrir nokkrum árum. Ég var að spila vandasamt spil ásamt tveimur öðrum. Útvarpstæki var í gangi þarna í herberginu með einhverri skrallmúsik. Ég spurði, hvort ég mætti ekki stöðva tækið, því að ég gæti ekki hugsað neitt með þetta glamur í eyrunum. Þá svarar annar maðurinn: “Til hvers á maður að vera að hugsa? Það eru nógir aðrir sem gera það”. Mig undraði svo þetta svar, að ég sagði ekki meira, því að þetta var barnakennari með ágætri einkunn frá kennaraskólanum.

Annar barnakennari, sem einnig var skólastjóri, var einu sinni að þrátta við annan mann um eitthvert efni. Maðurinn sagði þá meðal annars, að annað sýndi reynslan. Þá sagði skólastjórinn: “Hvað er að marka reynsluna?”. Menn með svona takmarkaða greind, sem vonandi eru fáir, eins og þessir tveir kennarar, ættu ekki að hafa fræðslustörf með höndum. Nú er þessi starfi orðinn að álitlegri atvinnu.

Á vetrin, þegar lítið var að gera og veður hömluðu leikum úti mátti oftast finna okkur drengina í smíðahúsinu eða við rennibekkinn því að heima var góður rennibekkur, sem faðir okkar hafði smíðað sjálfur að öllu leyti og komu oft aðrir

Endurminningar Árna Jónassonar

smiðir til að fá að renna í honum. Rennibekkur þessi er til ennþá, þó að lítið hafi verið notaður í seinni tíð.

Faðir okkar var glaður í vinarhóp og gat þá oft verið spaugsamur en hans mesta yndi var að lesa góðar bækur, helst fræðibækur um ókunn lönd eða að ræða við fróða menn um alvarleg málefni. Hann gaf sig lítið að daglegu bæjarhjali og lét einkamálefni nágrannanna afskiptalaus. Hann byrjaði ekki á neinu verki fyrr en hann var búinn að þaulhugsa það, hvernig því yrði haganlegast fyrir komið. En þegar hugsunin var fullmótud, gekk hann að því með röskleik og dugnaði og þótti sumum hann sækja verkið af fullmiklu kappi. Hann var aldrei ósanngjarn í kröfum við þá, sem undir hann voru gefnir eða okkur börnin, en hann vildi láta hlýða því, sem hann lagði fyrir um öll verk. Hann mátti ekki sjá neitt verk illa af hendi leyst. Ætíð sá hann um, að allir fengju nóga hvíld, ef þess var nokkur kostur.

Liðtækur hefir hann ófæð þótt á fleiri sviðum, því að fyrir utan sveitarstjórn og önnur opinber störf, sem hann hafði oftast með höndum, leituðu menn iðulega til hans með ráðleggingar t.d. í málaferlum. Hann var oft beðinn að taka að sér vörn í málum, en væru varnargögn ófullnægjandi eða vafasöm, neitaði hann því.

Á sumrum var ætíð farið á fætur kl. 6 á morgnana. Þetta var þá venja á bæjum. Voru þó klukkur hafðar fljótar. Þetta var ófæð gert til þess, að kýrnar kæmst í haga sem fyrst. Þær eru búnar að tæma sig og orðnar soltnar kl. 4 á morgnana, þegar þær ganga á grænum grösom. Það var því fyrsta verkið að mjólka þær og voru alltaf einhver af okkur börnunum vakin um leið til að reka þær í haga. Nú er þetta orðið öðruvísi. Nú eru kýrnar víðast hvar ekki mjólkaðar fyrr en kl. 8-9 og sumsstaðar gefinn dýr fóðurbætir til að halda í þeim mjólkinni á sumrin, því að náttúran vill ekki beygja sig fyrir duttlungum mannanna.

Á sumrin, meðan gengið var að heyskap, hvíldu menn sig á eftir miðdegisverði, nem sérstaklega staði á, þyrfti að bjarga heyjum eða þ.u.l. Kvöldmatur var ekki borðaður fyrr en að loknu dagsverki. Allir voru komnir í rúmið kl. 10 að kvöldi.

Á vetrin var að jafnaði ekki farið eins snemma á fætur, þá tóku menn sér ætíð hvíld í rökkrinu áður en ljós voru kveikt. Ljósjárn í frammihúsum og eldhúsi voru lýsiskolur, en í baðstofu og öðrum herbergjum voru steinolíulampar. Allt vatn varð að ber í fötum í bæinn og fjósið úr læk, sem var nokkurn spöl frá bænum. Var það oft erfitt í dimmviðrum og að halda vatnsbólínu opnu. Utan á fjósveggnum var kassi og lá rör úr honum inn í fjósið, að tunnu, sem þar var. Þurfti því ekki að opna fjósið, þegar vatn var borið þangað. Vatnsleiðslur þekktust ekki í þá daga.

Óþurrkasumur hafa þá verið af og til eins og oftar. Einn vetur man ég t.d. að taðan í kúahlöðunni var svo brunnin, að það varð að skera hana niður með torfljá, annars molnaði hún öll niður. Fóðurbætir var þá enginn annar en eitthvað þurrkað fiskmeti og rúgmjöl, því að maís fluttist þá ekki.

Á fjalli var heyjað allt sem hægt var og heyið flutt heim jafnóðum og látið í hlöður. Kom sjaldan fyrir, að kasta þyrfti heyjum úti. Tjald var ætíð haft á fjalli, þegar heyjað var þar og sváfu oftast karlmenn þar, en kvenfólkið fór heim á kvöldin.

Öll lífvænleg lömb voru sett á vetur, hrútarnir sem sauðir og gimbrarnar til að halda við ærstofninum, því að afföll voru mikil, sérstaklega af bráðafári og kom oft fyrir, að 20-30 kindur dræpust af því á haustin og fram eftir vetri. Kjöt af þessu fé var helst óætt, nema nædist til að skera kindina nokkru áður en hún dræpist. Ef kindin varð sjálf dauð, var ekkert hirðandi af henni nema gæran. Ganglimirnir voru stundum teknir og lagðir í saltlög, síðan undir farg og reyktir, en aldrei þótti það góður matur.

Faðir okkar byrjaði hér fyrstur manna að fódra sauðfé að nokkru leyti á saltsíld, sérstaklega með útigangi og útheyi. Væri þetta feit haustsíld, var kindum venjulega gefin ½ síld á dag. Væri það vorsíld mögur, var gefið meira. Væri mikil áta í síldinni, var maginn tekinn frá. Þessi fódurbætir reyndist ágætlega. Smám saman varð þetta svo algengt, að menn fóru að veiða síld til fódurs og var svo þar til síldarmjölið kom til sögunnar. Hér voru oft til á haustin 6-8 tunnur stórar af saltsíld til fódurs. Mjólkandi kúm var lítið gefið af saltsíld til fódurs og mátti ekki gefa meira en eina síld á dag, ef ekki átti að koma keimur af mjólkinni.

Eitt sumarið sat ég einn yfir ánum uppi í fjalli. Þá var það eitt laugardagskvöld, að ég var að halda heim með ærnar og rak þær fram hjá lægð, sem þarna r og kölluð er Kringla. Þar sá ég fjóra hesta með reiðtygjum á beit og við veginn lágu í grasinu 3 karlmenn og einn kvenmaður. Margir, sem fóru ríðandi yfir Oddskarð áðu þarna, því þar var skjól fyrir flestum vindum og grösugt. Ég ætlaði ekki að skipta mér neitt af þessu fólki og hélt áfram með ærnar. Var þá kallað til mín og mér sagt að koma. Þó að ég væri feiminn, þorði ég ekki annað en að hlýða. Þegar nær kom, sá ég að þetta var fólk, sem ég þekkti af Eskifirði. Það var séra Jónas Hallgrímsson, Jón Magnússon, kaupmaður, Johnsen sýslumaður og Ingibjörg systir hans. Þessi þrjú voru að fara með séra Jónasi norður að Skorrastað því að hann þjónaði þar þá, en átti annars heima hjá Johnsen mági sínum á Eskifirði. Þeir byrjuðu strax að spyrja mig og spjalla við mig um fjárhöld og fleira, en sjálfsagt hefir það ekki verið merkilegt, því að eftir dálitla stund segir Ingibjörg: "Hættið nú þessu. Verið ekki að þessari vitleysu við barnið". Þá segir séra Jónas: "Eigum við ekki að gefa honum mark?" Ég fór þá að færa mig frá, datt í hug, að þeir ætluðu að marka mig eins og kind, en sá um leið, að þeir fóru allir í vasa sína og tóku upp peningabuddur. Síðan réttu þeir Jón Magnússon og sýslumaður að mér sinn silfurpeninginn hvor en séra Jón rétti mér eitthvað vafið innan í pappírblað og sagði: "Stiktu þessu í vasann. Kysstu mig og farðu svo. Þú mátt ekki skoða þetta fyrr en þú ert kominn langt í burtu og ef einhver sér það hjá þér, skaltu segja, að þú hafir fundið það milli steina uppi í fjalli." Ég fór svo af stað en var víst ekki kominn meira en í hvarf, þegar ég fór að skoða í bréfið, en í því var 10 króna gullpeningur. Ég rak víst ærnar nokkuð hratt heim þetta kvöld til að geta sagt fréttirnar. Mömmu gaf ég gullpeninginn en fyrir hitt keypti ég eitthvað sjálfur. Þetta þótti stórgjöf á þeim tímum, því að þá voru peningarnir mikils virði og lítið til af þeim.

Fram til 1800 var árskaup vinnumanns frá 50 til 75 krónur og vinnukonukaup 25 til 35 krónur. En þessu kaupi fylgdu frí sokkaplögg og skæðaskinn, þessutan íveruföt og verjur, einnig rúmfatnaður. Yfirleitt þótti það illa goldið kaup, ef vinnufólkið var ekki eins vel fatað, þegar það yfirgaf vistina og þegar það kom í hana. Þá borgaði ekki vinnufólk útsvar eða neina aðra skatta. Þeir vinnumenn, sem aðallega fengust við skepnuhirðingu, tóku oft vinnukaup sitt að mestu eða öllu í kindafóðrum, en fódur var þá reiknað á 4 til 6 krónur fyrir ána. Þegar svo kindunum fjölgaði, komu þeir þeim á leigu. Eftir 6 til 10 ára vinnumennsku áttu sumir þeirra orðinn svo mikinn fjárstofn, að þeir gátu byrjað búskap sjálfir og var það það, sem flestir sóttust eftir, því að þá var ekki úr mörgu að velja.

Þegar kom fram um 1890 hækkaði kaupið, enda fóru þá að verða meiri peningar manna á milli og komst árskaup þá upp í kr. 150 fyrir duglega menn. Vinnukonukaup hækkaði þá einnig og varð yfirleitt 50 til 75 krónur um árið. Þegar svo vistabandið var slitnið, gjörbreyttist þetta. Þá hækkaði kaupið, en fólkið varð að

leggja sér allt sjálft og byrja að borga útsvör og önnur gjöld, svo að það stóð lítið eða ekkert betur að vígi en áður. Áður höfðu einstöku menn keypt sér lausamennskuleyfi og minnir mig það kosta 15 krónur.

Áður en ég skil við æskuheimilið ætla ég að lýsa dálítið húsakosti og öðru, eins og ég man eftir því. Eins og áður er getið festi faðir okkar snemma kaup á jörðinni (borgaði síðustu afborgun 1876) fyrir 1700 krónur. Hans fyrsta verk þá var að rífa niður allan bæinn og byggja hann upp að nýju til. Ég sá því aldrei elzta bæinn. Bæjarhús voru öll í röð frá suðri til norðurs. Syðst var íbúðarhús, voru veggir að því hlaðnir úr grjóti og steinlímdir. Þeir voru um 1 1/2 alin á þykkt. Niðri var stór gluggi á stafni og tveir á vesturhlið. Hús þetta var að innanmáli um 6 x 10 álnir og var það þiljað um þvert í tvö herbergi. Í syðra herberginu, sem var stærra, sváfu foreldrar mínir og yngstu börnin. Í hinu herberginu, sem nefnt var piltahús, sváfu vinnumennirnir og við eldri bræðurnir. Uppi á lofti var baðstofan, þar sváfu vinnukonurnar og eldri systur okkar. Í norðurenda baðstofunnar var lítið herbergi, sem afi og amma héldu til í. Gluggar voru þrír uppi og var því vel bjart þar. Uppganga var úr piltahúsinu. Húsið var allt þiljað innan uppi og niðri. Á þaki var súð innst úr þykkum bordum, ofan á henni var lag af þurru lótorfi, yfir það var klætt með bordum en yzt var tjörupappi. Húsið var mjög hlýtt og man ég aldrei eftir því að kvartað væri um kulda þar, þó að hörkur væru. Ofn var í herbergi foreldra minna og lágu rörin frá honum upp í gegn um baðstofuna og hituðu mikið. Gluggar voru allir tvöfaldir og á hjörum, svo að ætíð mátti fá hreint loft.

Sambyggt við norðurenda íbúðarhússins var annað hús álíka langt en dálítið mjórra. Á framhlið þess var hálfveggur úr timbri. Þetta hús var með lofti og allt þiljað innan. Þar sem húsin komu saman var gangur þvert í gegn inn í stórt eldhús, sem var á bak við hin húsin. Í suðurenda eldhússins var afþiljað stórt búr, þar var stórt bord, skápar fyrir matarílát og á gólfi tunnur og keröld fyrir sláturmat og skyr. Inngangur í íbúðarhúsið var úr göngunum. Næst við göngin að norðanverðu var smíðahús og inn af því lagleg stofa eða gestaherbergi. Loftið var aðallega notað til geymslu, en í herbergi, sem var í norðurenda þess, var stundum sofið, þegar margt var um manninn. Norðan við þetta hús var óbyggt sund um tvo faðma á breidd. Hinumegin við það kom kúahlaðan og við hliðina á henni fjós og hesthús. Nokkuð frá var smiðjuhús úr timbri, sem stendur enn. Aðeins hefir verið skipt um klæðninguna á því.

Tvö fjárhús voru á túninu með viðbyggðum hlöðum og sumarfjós var í túnjaðri. Við sjóinn voru fiskihús, hjallur og bátahús síðar. Tvö beitarhús voru inni á Hlíðarenda og lítil hlaða. Taðið þaðan var flutt heim til áburðar. Alltaf vantaði áburð, því að nokkru af sauðataðinu varð að brenna. Var þó öllu, sem nokkur áburður var í, safnað í þró og notað, svo sem fisksoði, skólpi, salernasaur o.fl. Þá var verið að stækka túnið eins og hægt var. Annars var mikið brúkað sem eldiviður timbur úr skipum, sem voru af og til að stranda hér við fjörðinn, því að af þeim litla skógvið, sem eftir var í landinu, þegar faðir okkar keypti jörðina, leyfði hann ekki að væri rifin nokkur hrísla. Kol var þá ekki byrjað að selja í verzlunum nema smíðakol. Eldiviður var því ekki annar en sauðatað og mór, þar sem ekki var skógviður. Áður en eldavélin kom, var allur matur eldaður við hlöðir. Var þá oft reykur í eldhúsi, enda var þar reykt allt, sem reykja þurfti. Kaffi var oft hitað við smiðjubelg og var þá höfð grind úr járn með þremur fótum undir katlinum og var hún kölluð þrifótur. Víða voru pottarnir látnir hanga í keðju yfir eldinum. Litlir belgir, sem kallaðir voru

Endurminningar Árna Jónassonar

físibelgir voru einnig notaðir. Þeir voru í laginu eins og smiðjubelgir með pípu fram úr. Blakkirnar voru lítið stærri en matardiskar. Var þeim haldið milli handanna, þegar blásið var.

Þegar baka átti mikið af flatbrauði, var gerð mikil glóð af tré, Var glóðinni síðan jafnað yfir stóra hellu eða járnplötu og lagðar á í einu eins margar kökur og rúmuðust. Síðan var blásið hægt undir með físibelg eða stóru spjaldi veifað fyrir framan glóðina. Svona flatbrauð var miklu ljúffengara en það sem bakað var á plötum yfir eldi. Þá var allt rúgmjöl heimamalað og brauð úr því mikið betri en nú gerist. Nú er hveitið sigtað úr því og selt sérstaklega.

Í baðstofunni var unnið á vetrin að tóskap og öðru. Þangað söfnuðust allir á kvöldin eftir að útiverk voru búin. Þar var kembt, spunnið, sniðið og saumað. Vefstóllinn var þar á vetrin. Venjulegast voru þrír vinnumenn og einn eldri maður sem sá um kýrnar og þrjár vinnukonur. Þær skiptu á milli sín vinnumönnunum og okkur eldri bræðrunum til þjónustu. Það var föst venja, að hver vinnumaður kembdi fyrir þjónustukonu sína eftir að hann var kominn inn á kvöldin og þótti það ekki vel leyst af hendi, nema hún hefði nægar kembur til næsta dags. Við börnin vorum látin tæja ull, tvinna band eða þrjóna. En ef veður var gott, fengum við ætíð að vera úti nokkra tíma við leiki.

Það var oft glatt á hjalla í baðstofunni á kvöldin, þegar allir voru komnir upp og til vinnu sinnar. Stundum var líka einhver látinn lesa sögur fólkinu til skemmtunar. Á sunnudögum var ætíð lesinn húslestur, ef ekki var farið til kirkju og stuttar hugvekjur voru lesnar á kvöldin yfir veturinn.

Um mataræði hefi ég lítið að segja. Það var mest heimafenginn matur, sem notaður var, harðfiskur af ýmsum tegundum, hákarl, kjöt nýtt og reykt eða saltað, slátur og svið, ýmiskonar mjólkurmatur og gulrófur. Kartöflur voru þá hvergi ræktaðar hér um slóðir og þekktust varla. Það var ekki fyrr en Norðmenn fóru að sækja hingað í síldarleit, að menn kynntust þeim. Kornmatur, sykur og kaffi var það einasta, sem keypt var að. Af gulrófum var mikið notað framan af vetri, en eftir áramót fóru þær venjulega að skemmast. Rúgbrauð var því mikið notað og voru þrjár tegundir af því, pottbrauð, flatbrauð og soðkökur, sem oft voru hafðar með feitu kjöti. Á sumrin var ætíð fært frá 60-70 ám og þrjár og fjórar kýr voru oftast mjólkandi, svo að skyrgerð var mikil á sumrin. Var það þurrsíað og látið í tunnur til vetrarins. Ef staðið var yfir fé á daginn, vildu yfirstöðumennirnir helst fá svona skyr áður en þeir færu, því að þeir voru svo lengi saddir af því. Það var oft, að enginn heitur matur var notaður allan daginn, nema þá mjólkurgrautur á kvöldin. Annars var það kaldur átmatur með skyrhræru og mjólk á eftir og oftast kaffi. Sum harðindavorin, þegar hafís hindraði allar siglingar og ekki var hægt að ná í fisk, var oft fábreyttur matur. Eitt hafísvorið man ég, að enginn kornmatur var til í verzlunum nema baunir og vissi ég til, að margir suðu þurrkaðan hákarl í þeim til að fá fitu í þær. Hér heima var oftast látinn tólgarbiti eða smjörklípa út í baunirnar, þegar skammtað var. Þessi vor var það óefað oft mjólkurdropinn úr kúnum, sem bjargaði fólkinu frá skyrbjúg og öðrum næringarkvillum.

Oftast var soðin mjólk höfð á morgnana í kaffis stað. Þó var ætíð kaffi handa þeim, sem ekki vildu fá mjólkina. Te af íslenzkum grösom var mikið notað, þegar lítið var um mjólk. Ætíð var farið á grasafjall einn dag seinnipart sumars. Fjallagrösin voru soðin í mjólk og þótti það góður matur. Einnig voru þau oft höfð í pottbrauð. Í eitt skipti man ég eftir, að skip kom hingað með gjafakorn frá Englandi, mig minnir það vera "Camoens" fjártökuskip Slimmons, sem þá var byrjaður að kaupa hér sauði og flytja lifandi til Englands. Þetta korn var víst aðallega maísmjöl og man ég, að mönnum féll það illa í grauta.

Fiskur var að sjálfsgöðu mikill partur fæðunnar, hertur saltaður og nýr. Allur smáfiskur var hertur, einnig skötur og sprökur, allir þorskhausar, stórir og smáir. Þeir smáu voru barðir vel og gefnir kúnum, einnig öll fiskroð. Þorskhausar voru sjaldan skammtaðir með máltíðum, heldur voru þeir einskonar aukaglaðning milli máltíða, þegar menn tóku sér hvíld frá vinnu. Þó man ég eftir, að stundum, þegar lítið var að gera á vetrin, að vinnumennirnir voru látnir rífa hausa. Var fiskinum úr

Endurminningar Árna Jónassonar

Þeim safnað í körfu, síðan barinn og skammtaður með öðrum mat. Á þessum árum var mikil sprökuveiði á vorin og voru oftast til á haustin nokkrar tunnur af söltuðum sprökuhausum og rafabeltum. Þetta þótti slíkt lostæti, að margir tóku það fram yfir kjöt. Yfirleitt var lagt kapp á að hafa sem mestar birgðir af mat og fóðri til vetrarins, því að alltaf mátti búast við að hafís kæmi og bannaði allar bjargir fram á sumar. Hrossakjöt var aldrei notað til manneldis. Það var ætíð haft til hákarlabeitu.

Endurminningar Árna Jónassonar

Það, sem ég hefi sagt hér frá húsakynnum á Svínaskála fyrir um 70 árum síðan gildir ekki almennt um húsakost á sveitabæjum í þá daga hér um slóðir. Allsstaðar, þar sem ég man eftir, voru torfbæir með löngum göngum í baðstofu og kýr undir palli í það minnsta að vetri til. Þó voru víða sumarfjós utan túns eða í túnjaðri og var það gert, svo að ekki þyrfti að reka kýrnar um túnin. Tún voru þá öll ógirt og voru unglingar látnir vaka yfir þeim fram að slætti. Sláttumenn byrjuðu þá snemma á morgnana oftast kl 4 meðan áfall var og ekki orðið ofheitt af sólu. Þeir sváfu svo aftur um miðjan daginn. Iðjuleysi þekktist þá ekki. Alltaf var nóg að gera, þó að ekki væri hægt að vinna úti, svo sem gera í stand veiðarfæri, lagfæra reipi og reiðtygi, kemba og spinna hrosshár og tóg í reipi og flétta þau fyrir utan allar smíðar, sem faðir okkar sá um að mestu leyti. Halda þurfti öllum húsum við og gera að þeim á haustin til að verjast innfenni. Þá þekktist ekki að hafa grindur í fjárhúsum og var því reynt að verjast að bleyta kæmist í þau.

Mylnan og smiðjan

Ég hefi áður minnzt lítilsháttar á mylnuna og smiðjuna en ætla að lýsa þeim nokkru nánar hér. Mylnuhúsið var að stærð um 8 x 8 álnir með skúr við hliðina til timburgeymslu. Vegg hæð var 3 álnir undir loftbita. Sterkt loft var í húsinu og mátti hafa þar marga kornpoka. Húsið var neðan undir bröttum mel og stóð á 2 álna háumsteingrunni, sem var opin að framan. Um 20 föðmum ofar við lækinn var komið fyrir trégrind í hann með tveimur flóðgáttum. Fyrir þeim voru rennilok. Væru þau niðri, mátti ná öllum læknum til mylnunnar eða takmarka vatnsmagnið eftir vild. Vatnið var síðan leitt í opnum skurði, sem hlaðinn var að innan með grjóti fram á melbrúnina, þar tók við trérenna, sem smáþrengdist og lá hún gegnum grunninn undir gólfi hússins. Fremsti partur þessarar rennu var á hjörum. Væri rennan alveg niðri, féll bunan úr henni beint á spjöldin á mylnukarlinum. Þau voru íbjúg og lágu flatt við bununni. Úr neðri enda rennunnar lá mjó keðja upp í gegn um gólfið í litla járnvindu, sem var á þilinu. Mátti með örfáum snúningum á vindunni lyfta rennustokknum svo að vatnið fór mestallt eða allt yfir karlinn án þess að snerta hann og takmarka þannig snúningshraðann eftir vild. Á veggnum á móti var vinda af sömu gerð og voru kornpokarnir dregnir upp á loftið með henni. Öxullinn á karlinum stóð um alin upp fyrir gólfið. Niður við það var á honum tannhjól með skátönnum en á efri enda annað með réttum tönnum. Með gólfinu lá öxull með skátönnum á öðrum enda en reimskífu á hinum og voru sagirnar settar í samband með honum. Öxullinn mátti draga til og taka hann þannig úr sambandi. Við efra tannhjólið voru kvarnirnar settar í samband með tannhjólum, sem voru undir þeim. Kvörnunum mátti hvorri fyrir sig kippa úr sambandi með því að færa þær örlítið. Yfir hvorri kvörn var trektmyndaður kassi og var korninu helt í hann ofan af loftinu. Í botni þessara kassa var járnplata, sem snerist með kvörninni. Á henni og annarri plötu, sem var undir, voru í einum stað göt, sem opnuðu fyrir kornið. Kornrennslið til kvarnarinnar mátti takmarka eftir vild. Ætti að mala gróft, var kornið látið renna örara.

Eins og fyrr er getið, voru hjólsagirnar tvær. Sú stærri tók 8 þumlunga en sú minni 4. Minni sögin var mest notuð heima. Hún var létt í flutningum og þægilegt að grípa til hennar, þegar þurfti að renna í sundur bordum eða öðru. Var henni þá snúið með handafla af tveimur. Önnur sveifin var hjól úr steini tveggja þumlunga þykkt og jafnaði það snúningshraðann.

Það var vandasamt verk að fletta sundur breiðum bordum í stærri söginni enda sá ég engan gera það nema föður okkar, svo að í lagi færi. Aðrir, sem reyndu það, eyðilögðu oftast bordin.

Þegar flett var bordum, þurfti ætíð að vera aðstodarmaður sem bar bordin að og tók á móti þeim úr söginni. Bordin fóru um dyr á efri hlið hússins að söginni en út um hleragat á neðri hlið. Sög og kvarnir stóðu í röð svo að ganga mátti með veggjum allt í kring. Rennibekkurinn var fluttur heim áður en ég man eftir, en snúrurnar sem hann var settur í samband með, voru til. Þær voru úr hvalseymi.

Smiðjan er lítið timburhús 5*5 álnir. Hún er með turnþaki. Þar var stór belgur og steinlímdur afl, steðji, sem vegur 80-100 pund, og stórt skrúfstykki við smiðjubekkin. Upp með þilinu við skrúfstykkið var stöng úr gildu járn. Á þessari stöng var vinkilbeygt járn, sem færa mátti upp og niður eftir henni. Milli endanna á vinklinum var skástífa úr járn. Annar armur vinkilsins náði yfir skrúfstykkið. Í þeim

enda var 4 þumlunga langur skrufnagli oddmyndaður að neðan með handfangi að ofan. Þegar bora átti járn, var það sett fast í skrufstykkið, löðin með bornum látin undir naglann og hert að eftir því sem þurfti. Þannig fekkst nógur kraftur til að bora með 1/2 þuml. bor eða meira. Þegar ekki þurfti að bora, lá þessi vinkill við vegginn og var því ekkert fyrir. Að sjálfsögðu voru þarna öll helztu handverkfæri til járn- og koparsmiði. Sama var um smíðahúsið. Þar voru allskonar heflar og grindasagir af ýmsum stærðum. Með rennibekknunum var fjöldi af allskonar rennijárnum.

Bókbandsáhöld voru einnig til og var það oft iðja föður okkar á kvöldin að vetri til að binda bækur. Nokkur af þeim verkfærum, sem notuð voru við smíðar og bókbönd, hafði hann smíðað sjálfur.

Öll amboð þurfti að smíða, þar á meðal alla hrífuhönd. Þeir voru úr beykitré og fluttist efnið í verzlunir. Það voru hæfilega langir, sverir hálfbútar. Þessir bútar voru sagaðir í hjólsöginni í mátulega þykkar plötur og voru svo hausarnir sagaðir út úr þeim. Úr stærstu plötunum fengust 4 hausar. Þegar við bræðurnir stálpuðumst, vorum við látnir saga út hausana og bora þá. Í hrífutinda var haft brúnspónstré. Það fluttist líka í verzlunir. Það var sagað niður í búta eins og tindarnir áttu að vera langir, síðan klofið niður og tindarnir tálgaðir til. Það var eitt af vetrarverkum okkar að tálga tinda til sumarsins, því að mikið vildi brotna af þeim.

Tvisvar man ég eftir að strönduðu stór seglskip út við Breiðuvík. Í annað skiptið strönduðu tvö í einu. Bændur við fjördinn keyptu þessa skipsskrokka og rifu þá. Þetta var mikið verk, því að skipin voru úr eik og að mestu negld með eirboltum. Faðir okkar keypti þarna mikið af stögum bæði úr járnvír og köðlum. Virstögin voru rakin í þrennt og þættirnir brúkaðir sem girðingavír. Girðingastaurarnir voru sagaðir úr byrðingnum. Með þessu móti var girt nýrækt, sem verið var að gera fyrir ofan sjóhúsin. Þessi girðing stóð óhöggðu í fjöldamörg ár. Þetta var fyrsta vírgirðing, sem ég sá. Annars voru það torf eða grjótgardar. Kadalstögin voru öll rakin niður og undin upp í hnykla. Síðan smíðaði faðir minn strengjarokka og var annar þeirra á hjólum eins og vagn. Voru svo spunnar mjóar trássur úr öllum þessum köðlum og fengust þannig birgðir til margra ára í netjaútfara o.fl.

Eitt sinn fekk faðir okkar lánaða á Eskifirði langviðarsög. Sögin var sama sem ný og hafði aldrei verið lögð út, hún sat því strax föst í trénu, þegar átti að saga með henni. Eigandi sagarinnar tók föður okkar vara á því, að hann mætti ekki reyna að leggja hana út, því að hún væri svo hörð, að þeir sem hefðu reynt það hefðu bara brotið úr henni tennur. Þrátt fyrir þessa aðvörun lagði faðir okkar í það að leggja sögina út og lukkaðist það án þess að brjóta nokkra tönn úr henni. Hann hafði blýplötu undir tönnunum og sló þær með léttum hamri niður í blýið. Eftir þetta var sægin ágæt að saga með henni. Þegar hann skilaði söginni aftur, ætlaði eigandinn ekki að trúa því að hægt hefði verið að leggja hana út.

Áhættusöm lending

Skömmu eftir 1880 byggði faðir minn ágæta sjóbúð úti á Vattarnestanga. Lágum við þar til vers haust og vor og sum árin yfir sumarið líka. Sjóbúð þessi var þannig innréttuð, að niðri var allt plássið ætlað fyrir fisk og salt en íbúð uppi á lofti. Uppganga á loftið var úr skúr við norðurenda hússins. Íbúðin var öll þiljuð innan og stoppuð. Þurfti því mjög lítið að hita hana upp. Gluggar voru sinn á hvorum stafni. Tvö stór rúm voru við suður stafn og borð undir glugganum. Góð eldavél var á miðju gólfi. Okkur gat því liðið eins vel þarna og heima, þó að vond veður væru.

Eitt haustið var ég sem oftast með föður mínum þarna til sjóróðra ásamt tveimur vinnumönnum hans. Báturinn sem við vorum á var þægilegt þriggja manna far og hét Bergþóra. Pennan bát hafði faðir minn keypt í Noregi. Var það skekta mjög breið og botnflöt. Hann tók hana í sundur í miðju og lengdi hana um eitt rúm. Þetta varð afbragðsbátur, sem tvisvar er búið að byggja upp aftur og er nú í eigu Karls bróður míns.

Það var orðið áliðið hausts og tíð stirð en góður fiskur. Einn dag urðum við vegna suðaustan hvassviðris að skilja eftir eina línu, skammt fyrir utan Vattarnestangann. Morguninn eftir var vindur hægur en haugasjór. Dimmt var í lofti og allt í kring. Faðir minn áleit gjörlegt að ná línunni, áður en veður breyttist, enda mundi það ekki taka langan tíma. Við lögðum því af stað, fundum línuna og drógum hana. Á henni var lítill fiskur. Var svo haldið í land. Þegar við vorum komnir næstum inn að Tanga, brast allt í einu á norðvestan rok, svo að við gerðum lítið betur er halda bátnum við. Loksins náðum við þó í dálítið afdrep undir horninu, en brim var svo mikið, að við urðum að vera nokkuð frá landi. Við lögum til í bátnum áður en lagt yrði fyrir sjálfan Tangann, því að um annað var ekki að gera en ná landi á Vattarnesi. Allar aðrar leiðir voru ófærar. En þegar fyrir hornið kom og sækja átti á móti veðrinu og sjónum út úr firðinum, vannst ekki þumlungur áfram lengi vel. Sjónum jós yfir okkur svo að einn varð af og til að standa í austri og rak þá heldur undan á meðan. Það tók langan tína að komast hverja bátslengdina og var þó lagt að sér til að bjarga lífinu. Loks eftir líklega um tvo tíma náðum við í svolítið afdrep á Hólmsvíkinni. Frá horninu á Tanganum og þangað eru ekki meira en á að gizka 60 faðmar.

Hólmsvíkin er fremst á tanganum og myndast að utan af honum sjálfum en að innan af grynslum, sem ganga fram í fjörðinn og enda á skeri, sem flæðir oft yfir. Fyrir botni víkurinnar er stórgrýtt urð í fjörinni. Fyrir ofan urðina er mjótt sandbelti og svo hólminn, sem er grasi vaxinn blettur og verpir þar kría á vorin. Okkur gekk sémilega að halda okkur við þarna, því að sjóinn braut á skerinu, sem var í kafi og grynslunum fyrir ofan það. Við sáum strax að Bótin var bráðófær, þó að við hefðum kannske komizt inn á hana, sem kom þó ekki til mála. Nú var farið að frysta, við orðnir þreyttir og blautir og mundum ekki hafa haldið út að andæfa þar til veðrinu slotaði, sem ekki var líklegt að yrði fyrr en undir morgun. Jeg stakk því upp á við föður minn að reyna að hleypa til skipbrots upp í Hólminn og fellst hann á það.

Við fórum svo að undirbúa þessa áhættusömu lendingu. Fleygðum við í sjóinn, því sem fengizt hafði á línuna og færðum okkur svo nærri landi, sem við þorðum. Okkur virtist, að dálítið skarð væri á einum stað í urðina og ákváðum því að reyna helzt þar. Biðum við svo eftir lagi og rerum á því lífróður upp í skarðið í urðinni. Komumst við allir upp á steina, sem stóðu upp úr sjónum. Á útsoginu stukkum við upp í sandinn. Annar framímaðurinn hafði gripið með sér fangalínuna og sáum við

Endurminningar Árna Jónassonar

nú, að báturinn hekk á síðunum milli tveggja stórra steina og var hátt bil undir kjölinn á honum. Þegar næsta alda reið undir bátinn, fyllti hún hann svo að allt lauslegt flaut úr honum en hann losnaði af steinunum um leið, svo að við gátum dregið hann upp fyrir urðina fullan af sjó og var honum þá borgið. Þegar hér var komið voru komnir tveir menn okkur til hjálpar. Voru það þeir Páll Jónsson frá Sellátrum og Pétur Sigurðsson frá Högnastöðum, nú í Innri-Njarðvík. Meðan við vorum að berja fyrir Tangann, höfðu margir menn verið komnir niður fyrir miðjan Tanga til að hjálpa okkur, ef tök væru á en þar var þröskuldur í vegi. Þar var lægð í Tanganum, sem ekki var upp úr sjó nema á nokkurri fjöru. Lægð þessi er að innanverðu full af stóreflis björgum og var því kölluð Urð. Þennan dag var Urðin alveg ófær á flóði, stórbrim að utan og stormkvika úr firðinum að innan. Enn í dag er mér óskiljanlegt, hvernig þeir Pétur og Páll komust yfir urðina, þó að nokkuð væri farið að fjara. Það hefir óefað verið svaðilför.

Við helltum svo sjónum úr bátnum, settum hann upp í Hólminn og gengum frá honum. Tíndum við saman það, sem úr honum hafði skolazt. Fundum við það flest lítið skemmt. Það einkennilegasta var þó, hvað báturinn var lítið brotinn. Efstu bordin á síðunum voru aðeins sprungin.

Við heldum svo heim og gekk það vel, því þá var mikið fjarað og urðin orðin slarkfær. Lofuðum við okkar sæla fyrir að hafa sloppið svona vel, því að útlitið var ekki álitlegt um tíma. Annar maðurinn, sem með okkur var á bátnum var Eiríkur Steingrímsson frá Fossi á Síðu, harðduglegur maður, Því miður man ég ekki hver hinn var, en duglegur hefir hann líka verið, því að annars hefðum við aldrei haft okkur inn fyrir Tangann.

Loftvogin

Mig minnir það vera sama haustið, að við beittum línuna að kvöldi og var áformið að leggja hana um nóttina kl. 2 til 3 eins og vant var. Við höfðum með okkur litla, ómerkilega loftvog. Var hún á stærð við kaffibolla. Um nóttina, þegar við fórum á fætur, var alveg logn en mjög dimmt úti og sá hvergi í loft. Loftvogin hafði fallið mikið frá því um kvöldið áður og hélt áfram að falla, svo að föður mínum leizt ekki á að leggja af stað og sagði, að við skyldum bíða við og sjá, hvað gerðist. Um klukkan fjögur heyrðum við, að vermenn í næsta húsi voru farnir að bera niður í bátinn línubjóðin. Hekk þá vísirinn á loftvoginni beint niður. Faðir minn fór út og sagði þeim frá þessu. Þeir hættu þá við að fara á sjóinn. Heiman frá Vattarnesfjöru heyrðist að þar voru menn komnir á kreik. Faðir minn hljóp af stað og náði þangað áður en þeir ýttu á flot. Þar voru sex menn, sem ætluðu inn á Eskifjörð á bát. Hann helt svo heim aftur eftir litla dvöl. Þegar hann var nýkominn inn til okkar, skall á bráðófært veður, norðvestanrok. Eftir fáar mínútur varð sjógangurinn og rokið svo mikið, að við urðum að bjarga bátunum upp á bakkann í skjól við húsin. Meðan við vorum að því, rauk yfir okkur sjórinn og til þess að missa ekki bátana í veðrið, urðum við sumir að vera fyrir neðan bakkann og hanga í þeim í böndum, meðan verið var að koma þeim fyrir húshornið.

Loftvogir voru þá óvíða til og þessi, sem við höfðum, var sú einasta, sem til var þarna á Vattarnesi. En hefði hún ekki verið, hefðu óefað farizt þarna 14 manns, því að veðrið var óstjórnlegt og þessutan myrkur. Um hádegi var komið sama sem logn

Sumarís

Ég held það hafi verið sumarið 1886 að við vorum úti á Vattarnesi snemma í júlímánuði. Einn morgun í góðu veðri, þegar við komum á fætur, sáuð við hafís fyrir öllu hafinu suður fyrir Skrúð og svo langt norður sem sást. Við flýttum okkur á sjóinn til að ná upp veiðarfærum, sem lágu þar og fórum svo að búa okkur heim. Um hádegi vorum við tilbúnir og var þá ísinn kominn inn að Vattarnestanga og sást ekki nokkur vök í honum svo langt sem augað eygði. Morguninn eftir var Eskifjörður orðinn fullur og Reyðarfjörður inn að Hólmanesi. Var þó alltaf logn. Þann dag var byrjað að slá túnið. Þessi ís kom öllum að óvörum, því að ís hafði ekki heyrzt orðaður seinni part vetrar eða um vorið. Ísinn fór ekki fyrr en seinast í september. Veður var stillt, eftir að ísinn kom en fremur kalt, því að alltaf var einhver sliðja í loftinu, svo að sólar naut ekki.

Seinast í september vorum við uppi á fjalli við heyskap. Sáum við þá gufuskipt reyk upp úr ísnum langt úti í hafi. Eftir 12 tíma var þetta skip, sem var póstskipið Thyra, komið inn að Svínaskála og lagðist þar. Morguninn eftir komst hún inn á Eskifjörð. Með skipinu var séra Jón Austmann frá Stöð í Stöðvarfirði og fekk hann föður minn til að flytja sig sjóleiðis til Stöðvarfjarðar. Var þá ísinn að reka frá landi.

Á Eskifirði

Vorið 1892 fór ég til kaupm. C.D. Tuliniusar á Eskifirði og var þar næstu þrjú árin við verzlunarstörf og fleira. Ég kom þangað í maí og var þá verið að búa af stað suður á firði skútu, sem Mandal hét. Var búið að senda í veg fyrir hana mikið af tómunum ílátum undir brennivín. Það varð mitt fyrsta verk þarna að mæla brennivín á öll þessi ílát og skrifa nótur yfir það. Nokkru seinna kom norskt seglskip með timburfarm. Þegar búið var að losa skipið, var innréttuð sölubúð í lestinni, því að það átti að sendast á Norðfjörð sem verzlunarskip. Var svo raðað í þessa búð öllum helztu búðarvörum. Þessutan voru kornmatur, timbur og fleira. Carl A. Tulinius fór með skipinu, sem verzlunarstjóri og var ég látinn fara með til hjálpar við afgreiðslu. Við lágum á Norðfirði í viku og verzlunum og var aðsókn mikil. Við bjuggum alveg í skipinu. Hafði ég gaman af þessari ferð, enda kom ýmislegt spaugilegt fyrir. T.d. hafði Carl boðið kunningjum sínum úr landi eitt kvöld til kvöldverðar. Man ég sérstaklega eftir þeim Sveini Sigfússyni, sem þá stóð fyrir útbúi frá Framkaupstaðarverzlun á Eskifirði og Þorsteini Jónssyni síðar á Borgarfirði. Kokkurinn spilaði dálítið á harmóníku en hafði þann kæk að berja niður fótunum, þegar hann spilaði. Þegar gestirnir voru seztir undir borð, sögðum við kokksa, að nú skyldi hann setjast aftur á káetukappann og spila fyrir gestina. Þeim mundi þykja gaman að því. Kokksi fellst á þetta, byrjaði að spila og barði fótunum niður í þilfarið svo að undir tók. Rétt á eftir kom skipstjórinn upp bálvondur. Rak hann kokkinn í burtu og sagði honum að fara til fjandans. Við hlógum mikið að þessu.

Þegar kaupstefnunni var lokið, voru vörurnar, sem eftir voru, fluttar í land og Einari Jónssyni á Ekru falið á hendur að afgreiða þær eftir hendinni.

Það var ágætt að vera hjá Tuliniusi, hvað allan viðurgerning snerti. Skemmtilegt var það oft, því að mikið af gestum sótti þangað. Eitt skipti var margt fólk komið á Eskifjörð í veg fyrir póstskipið Thyra, sem átti að fara til Reykjavíkur norður um land. Gistu þá hjá Tuliniusi 30 manns í tvo daga. Voru það skólapiltar o.fl.

Tulinius var ákveðinn og vildi láta hlýða sér skilyrðislaust. Stundum þótti okkur hann nokkuð vinnuharður. Við urðum stundum að vinna á nóttunni og á helgidögum, ef verzlunin krafðist þess, því að hún varð að ganga fyrir öllu. Sjómenn, sem lágu til vers út með firði, þurftu að fá sig afgreidda á öllum tímum. Marga sunnudaga vorum við allan seinni partinn að afgreiða sjómenn fyrir luktum dyrum. En frúin sá alltaf um, að við fengjum einhverja aukahressingu, þegar svona stóð á, því að ekkert var sparað hvað það snerti. Ef vakað var á nóttunni, var alltaf ein stúlkan látin vaka til að hafa til heitt kaffi handa okkur. Tulinius hafði þá orðið útibú á Fáskrúðsfirði og var Jón Stefánsson frá Kolfreyjustað þar verzlunarstjóri.

Við vorum þrír verzlunarþjónar og var alltaf einn okkar látinn vera á Fáskrúðsfirði Jóni til hjálpar um mánaðartíma á vorin meðan fransmennirnir lágu inni. Ég var þar eitt vorið og hafði mjög gaman af þeim viðskiptum.

Það var venja Tuliniusar að spila á spil á hverju kvöldi að vetri til frá kvöldverði til kl. 12. Væru ekki gestir, sem spiluðu eða vantaði mann, var sjálfsagt að taka einn af okkur búðarmönnum inn til að spila, þó að við hefðum yfirdrifið að gera við að skrifa reikninga. Við höfðum sína höfuðbókina hver að skrifa út en ekki annan tíma til þess en eftir að búið var að loka búð kl. 8 á kvöldin. Búð var ætíð opnuð vetur og sumar kl. 8 á morgnana. Varð þá að vera búið að taka til í henni og hita upp kontórinn og var það okkar verk til skiptis. Ekki spilaði Tulinius annað en whist eða

l'hombre. Ætíð var spilað um eitthvað en mjög lágt. Ég lærði þar að spila l'hombre. Við ýmis tækifæri voru haldnar veizlur og var þá ekkert til sparað. Mér fell þar ágætlega, fólkíð var mér gott. Ég æfðist þar mikið í reikningi, bókhaldi og dönsku, sem kom mér að gagni síðar.

Þá voru alltaf farnir skógartúrar upp í Egilsstaðaskóg á hverju sumri. Voru stundum í þeim hóp 40 til 50 manns, allir ríðandi. Á laugardag var ætíð sendur maður með klyfjahest með matvælum og öðru og átti hann að vera á tilteknum stað í skóginum, þegar fólkíð kæmi þangað kl. 8 til 9 á sunnudagsmorgun. Eitt skipti, er við komum þangað svangir eftir 4 tíma reið, var enginn maður kominn. Var hans leitað lengi. Loks kom hann. Hann hafði þá drukkið heldur mikið á leiðinni uppeftir og sofnað fast. Þegar annað kofortið var opnað man ég, að kaupmaður, sem var með í förinni, greip stórt hangikjötslæri og labbaði með það inn í skóginn. Norðfirðingar tóku oft þátt í þessum túrum, sem voru skemmtilegir. Þá gafst gott færi á að reyna reiðhestana.

Samkeppni var töluverð á milli verzlanna á Eskifirði og kom oft fyrir, að ef einhver vörutegund þraut hjá annarri verzluninni, þá var hún strax hækkuð í verði í hinni. Í þá daga var mikið keypt, af brennivíni og öðrum vínföngum. Við seldum venjulega 60 tunnur á ári fyrir utan önnur vín. Þó var meira keypt af brennivíni í Framkaupstaðarverzlun, því að það þótti betra þaðan. Á sumrin var ég oft sendur út í fjörð á þilfarsbát til að smala verkuðum fiski. Annað þótti ekki vogandi, því að flestallir skulduðu við báðar verzlarnar. Þá sáust varla peningar manna á milli. Allt var borgað með milliskriftum. öll opinber gjöld til sýslumanns voru greidd í milliskrift. Svo gaf Tulinius ávísun á Kaupmannahöfn fyrir öllu saman.

Fyrir utan okkur, sem sáum um búðina og reikningshald, voru ætíð utanbúðarmaður og beykir, því að þá var síldveiði bæði á sumrin og haustin. Það var því í mörgu að snúast.

Um 1890 varð fyrst föst verzlun á Nesi í Norðfirði og var það útibú frá Framkaupstaðarverzlun. Fram að þeim tíma höfðu Norðfirðingar sótt alla sína verzlun til Eskifjarðar. Örfáir bændur þar voru svo stöndugir, að þeir gætu birgt sig á haustin til vetrarins. Allur fjöldinn varð að sækja nauðsynjar sínar smám saman kornamat og fleira á bakinu yfir háan, vandan og langan fjallveg. Oft gistu á Svínaskála stórir hópar af þessum mönnum á heimleið og lögðu þaðan á fjallið, oft í ófærð með þunga bagga á bakinu, allt upp í 80 pund. Sömu mennirnir fóru stundum fleiri svona ferðir á vetri. Innleggið var lítið, sem sumir höfðu, ekki annað til að borga með en úthey, sem flutt var þessa löngu leið á hestum og selt á Eskifirði fyrir 3 aura pundið.

Tulinius var ágætis maður og raungóður. Það sá ég bezt, er hann nokkrum árum seinna lánaði mér 1500 krónur í peningum án nokkurrar tryggingar. Það voru miklir peningar í þá daga, því að t.d. kaup okkar, sem unnum við verzlunina var frá 150 til 300 krónur á ári, auk fæðis, húsnæðis og þjónustu. Ég byrjaði þar sem viðvaningur með 100 króna kaup á ári en venjan var að hækka kaupið um 50 krónur á ári allt upp í 300 krónur. Ég hafði því 200 krónur síðasta árið.

Þeir, sem voru við verzlunina þessi ár voru Jón C.F. Arnesen, Anton Jacobsen og ég. Carl sonur Tuliniusar átti þar heima þá, en var mikið á Fáskrúðsfirði og keypti 1894 á verzlun af föður sínum og settist þar að. Síðasta árið var Ottó bróðir hans kominn heim. Carl fór ætíð til útlanda á veturna, þegar síldveiði var lokið til innkaupa á vörum fyrir verzlarnar.

Endurminningar Árna Jónassonar

Á þessum árum voru fyrst sýndir sjónleikir á Eskifirði og var það Vilhelm Knudsen frá Reykjavík, sem kom því í kring. Hann var þá skrifari hjá Johnsen sýslumanni. Þetta þóttu svo góðar skemmtanir, að fólk sótti þær langt að. Leikhús var útbúið á pakkhúslofti hjá Tuliniusi og tók í sæti líklega 60 til 80 manns.

Þessi ár voru á Eskifirði auk Tuliniusar Jón A. Johnsen, sýslumaður, Fritz Zeuthen, læknir, Friðrik Möller, verzlunarstjóri við Framkaupstaðarverzlun, Fr. Klausen, útgerðarmaður og ýmsir fleiri atkvæðamenn. Kirkjan var þá á Hólumum. Sóknarprestur var séra Daníel Halldórsson en séra Jóhann L. Sveinbjarnarson aðstoðarprestur. Kirkjan var síðar flutt á Eskifjörð.

Við Reyðarfjörð bjuggu þá margir atkvæðamenn og dugnaðar. Það sýndi bezt stofnun frikirkjusafnaðarins. Þar voru þó lagðar í veginn þær hindranir, sem hægt var. Treysti ég mér ekki til að geta þeirra allra, enda þarf ég þess ekki, því að mér er kunnugt um, að Ásmundur Helgason var búinn að safna nokkrum drögum að sögu Reyðarfjarðar og eru þau ófað í eftirlátnum blöðum hans. Við Ásmundur vorum á svipuðu reki.

Áður en ég skil við Eskifjörð verð ég að minnast eins manns þar. Er það Jón Arnesen. Við unnum saman þau þrjú ár, sem ég var hjá Tuliniusi. Urðum við þá góðir vinir og jókst sú vinátta með árunum, enda höfðum við oft ýmislegt saman að sælda. Eftir að hann giftist og myndaði heimili, mátti segja, að ég væri þar heimagangur. Ég var alltaf boðinn og velkominn þar hjá þeim ágætis hjónum. Jón var meðalmaður að vexti, mesta prúðmenni í allri framkomu, síkátur og fjörugur og svo ör á fé, að hann tók nærri sér að þurfa að neita nokkrum manni. Er ég hræddur um, að sumir hafi misnotað þennan eiginleika hans. Ef einhver þurfti á hjálp að halda til að komast burtu til lækninga eða því um líkt, skyldi hann ætíð gangast fyrir því og vera þar efstur á blaði með stærstu upphæðirnar. Hann var því framúrskarandi vinsæll maður og sáu allir mikið eftir honum, þegar hann flutti frá Eskifirði.

Síldveiði

Á þessum árum var síldveiði með nót orðin fastur liður í atvinnulífi víða hér á Austfjörðum, einkum þó við Eskifjörð og Reyðarfjörð. Það þótti sæmileg trygging fyrir vöruúttekt seinni part vetrar, ef menn vildu ráða sig í nótabruk á næstu vertíð, því að síldargöngur höfðu þá verið öruggar í mörg ár.

Sumarveiðin byrjaði ekki fyrir alvöru fyrr en seinni part júlímánaðar. Síldin var venjulega of mögur fyrir þann tíma, enda voru nótamenn aldrei fastráðnir fyrr. Fram að þeim tíma stunduðu sjómenn þorskveiðar frá verstöðvum yzt við fjörðinn á Vattarnesi, Karlsskála og víðar. Oft var þó byrjað lítilsháttar fyrr, bæði til að ná í beitu og til að komast að raun um, hvað síldin væri orðin feit. Var þá venjulegast fátt um góða nótamenn og varð því að notast við unglunga og aðra lítt vana. Vorum við búðarmennirnir sjálfsgaddir við þessar tilraunir, ef ekki var því meira að gera við verzlunina. Ég hafði verið við sjó frá því að ég var 12 ára og var því fljótt gerður að undirbassa, sem kallað var. Formaður eða yfirbassi var Hallgrímur Jónsson, duglegur og heppinn veiðimaður. Um hann var stundum sagt, að hann fleytti rjómann ofan af síldveiðinni við Reyðarfjörð.

Oft var erfitt að eiga við sumarsíldina og fór það mest eftir því, hvort áta var mikil eða lítil í firðinum. Væri nóg áta var síldin gæf og róleg. Væri aftur á móti lítið um átu, var síldin svo óstöðug og stygg, að varla mátti tala saman í bátunum, enda varð þá margt kastið til lítils.

Sumarið 1892 gekk síld að venju í fjörðinn, en hún var stygg, sérstaklega framan af. Varð því sumarveiðin í minna lagi. Þessu var tekið rólega, því að menn vissu, að haustveiðin var eftir, en á þessum árum var haustið orðið aðalsíldarútgerðartíminn. Í þetta gekk sumarsíldin úr firðinum seinast í ágúst og fyrst í september, eins og venja hennar var. Var þá nótagið leyst upp um tíma, enda þurfti að gera við nætur og fleira, áður en haustvertíðin byrjaði.

Þegar leið á októbermánuð var farið að halda spurnum fyrir, hvort ekki sæjust hvalir úti fyrir. Um mánaðamótin október og nóvember fréttist á Eskifjörð, að hvalagengd væri komin í Vattarnesála. Þótti þá öruggt af margra ára reynslu, að síld væri komin í fjörðinn. Var þá brugðið við og farið að undirbúa flutning á Reyðarfjörð, því að síldin var mikið stöðugri þar en á Eskifirði, vegna þess, hve hann var djúpur.

Tulinius átti á þessum árum síldarverstöð á Reyðarfirði. Var þar söltunarskúr með tilheyrandi bryggju og íbúðarhús fyrir fólkið, sem við veiðina vann. Að flytja þangað var erfitt og umsvifamikið verk, því að allt þurfti að hafa með sér, nætur og allan annan veiðiútbúnað, matvæli, eldivið, eldhúsgögn og matarílát handa 30-40 manns, sem þarna áttu að dvelja um tíma. Sjómenn við nótagið voru venjulegast 16 talsins, söltunarkonur 12-14, þessutan nokkrir karlmenn til landvinnu, matreiðslufólk og beykir. Allt þetta fólk þurfti að hafa með sér rúmföt og annan fatnað fyrir utan smádót, því að það varð að hafa þarna heimili fram að jólum, ef síldveiðin helzt svo lengi. Það var því ekkert smáræði, sem flytja þurfti og allt við örðug skilyrði, því að til flutningsins voru aðeins árabátar.

Fyrst í nóvember var svo flutt á Reyðarfjörð og strax byrjað að leita síldar. Kom þá í ljós, að feiknamikil síld var komin í fjörðinn, en hún helt sig öll í álnum, þar sem fjörðurinn er dýpstur, svo að ekki voru tiltök að ná henni í landnætur. Net, sem lögð voru þarna, fylltust svo af síld, að þau náðust varla upp aftur. Þarna var síldin

hreyfingarlaus dag eftir dag og ekkert náðist af henni í nætur vegna fjarlægðar frá landi. Má þó nærri geta, að vel var passað upp á, ef hún sigi nær landi af þeim 7 eða 8 notalögum, sem voru þarna við fjörðinn. Þannig leið tíminn, að síldin gaf aldrei færi á sér.

Svo var það einn dag seinni partinn í nóvember um hádegisbilið, að tvö stórhveli komu inn í fjörðinn og köfuðu fram og aftur eftir dýpinu, þar sem síldin hafðist við. Sama kvöldið stóð síldin eins og veggur með allri ströndinni og þaðan fór hún sjaldan það, sem eftir var af vertíðinni. Það varð því lítið um hvíld hjá nótamönnunum fyrsta sólarhringinn. Það var sjálfsagt að festa sem mest af síldinni í nótum, áður en hún legðist aftur í dýpið, ef hvalirnir færu, en það kom ekki til, þeir voru þarna alltaf öðru hvoru, það sem eftir var af vertíðinni.

Eftir þetta var unnið af kappi við veiðina, þegar veður leyfðu. Oft var vakað langt fram á nótt við síldarsöltun, þegar ekki vantaði tunnur, sem kom þó fyrir af og til. Flest eða öll notalögin höfðu eitt eða fleiri skip til umráða, en þó kom fyrir, að þau höfðu ekki undan að flytja upp tunnur og salt. T.d. man ég, að Fr. Wathne lét salta mikið af síld í allskonar lagarheld ílát og báta, sem stóðu á landi, meðan beðið var eftir tunnuskipti. Þegar veiðin var komin í algleyming, varð að fá fólk víðar að til vinnu í landi. Við útveg Tuliniusar vorum við um tíma orðin 60 talsins. Fr. Wathne varð t.d. að fá söltunarstúlkur frá Færeyjum í viðbót við það söltunarfólk, sem hann hafði fyrir.

Kastnætur þær, sem við höfðum, voru orðnar gamlar og lélegar. Þær höfðu upphaflega verið keyptar af Norðmönnum, sem voru hér við veiðar. Til að bæta úr þessu, hafði um sumarið verið fengin stór kastnót frá Noregi vegna haustveiðanna. Hún var að mig minnir 180 faðma löng og djúp eftir því úr grófum hörþræði og teinar úr tvöföldum gildum kaðli. Annað var eftir því. Þessi nót jók okkur mikið erfiði og veiðitjón, því að þegar hún blotnaði, varð hún svo þung, að varla var hægt að hreyfa hana, hvorki á sjó eða landi. Útfararnir slitnuðu og vindurnar brotnuðu. Var heppni, að ekki hlutust slys af.

Snemma eitt kvöldið köstuðum við henni undan Búðareyri. Um miðnætti varð að hætta við að ná henni að landi. Hún var þá búin að draga upp í sig svo mikið af leðju úr botninum. Um morguninn var loks búíð að ná henni upp í bátinn aftur og var hann þá sökkladinn. Þessi bátur bar 100 tunnur af síld. Var þá farið í land og hvílt sig nokkra stund. Síðan var byrjað að draga hana upp á bryggjuna, sem virtist vera sæmilega sterk. En þegar það var langt komið, brotnaði bryggjan niður undan henni. Varð þá að draga hana aftur inn í bátinn og fara að annarri bryggju. Þegar búíð var að leggja hana niður í bátinn aftur, var komið langt fram á kvöld og komið myrkur. Ekki þurfti að leita að síldinni, því að þegar skekturnar voru komnar á 4-5 faðma dýpi, var síldin eins og grautur á lóðinu. Nótinni var því kastað þarna strax, en eins og fyrri daginn sat hún föst, þegar búíð var að draga hana dálitla stund og varð síðast að gera úr þessu hringkast, en þá var mest af síldinni sloppið út. Náðust þar aðeins 400 tunnur. Í eitt skipti náðum við nótinni að landi með skaplegu móti vegna þess, að botninn var þar harðari og fengum við þá þúsund tunnur. Nótin reyndist svo illa, að eftir þessa vertíð var hún aldrei notuð, enda höfðum við tapað mikilli veiði hennar vegna.

Wathnesbræður höfðu þá síldarútgerð á Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði og Seyðisfirði. Þegar leið á vertíðina var lítið um síld á Fáskrúðsfirði. Lét þá Fr. Wathne nótagið þaðan koma til Reyðarfjarðar. Snemma daginn eftir köstuðu þessi Wathnes-nótalög í

félagi tveimur stórum nótum. Um kvöldið var búið að koma allri síldinni í aðra nótna en ná hinni upp. Upp úr þessari nótnót voru teknar, að sagt var, um 10 þúsund tonn, því að ekki einasta var saltað allt sem hægt var, heldur sigldu tveir eða þrír togarar alltaf með síld til Englands. Að endingu varð svo að sleppa úr nótnotti því, sem eftir var, þegar hætt var að salta.

Ég var kunnugur nótaformanni Wathnes og spurði hann, hve miklu mundi hafa verið sleppt úr þessari nótnót. Sagðist hann ekki geta sagt um það, en sér hefði virzt ótrúlega lítið minnka í henni við það, sem tekið hafði verið upp.

Á þessari vertíð gerði frost og stillur, svo að fjörðinn lagði út að Bjargatanga. Var því keppzt við að ná síldinni úr nótnótunum og bjarga þeim. Var þá farið út fyrir ísinn og veiðinni haldið áfram, því að allsstaðar var síldin. Seinast varð ísinn svo þykkur, að bátar komust ekki í gegn um hann. En þetta dró ekki mikið úr veiðinni, því að þennan vetur lá á Reyðarfirði hjólskipið Njörður, sem Otto Wathne átti. Það var sett í gang og látið brjóta ísinn og draga síldarbátana fram og aftur, þar til ísinn leysti. Njörður var tilvalinn til þessa, því að hann braut ekki einasta breiða vök í ísinn, heldur muldu hjólin ísinn svo smátt að hann sakaði ekki bátana, þó að farið væri með töluverðum hraða.

Það er ekki sársaukalaust að minnast þessarar uppgripaveiði og vita nokkurnveginn með vissu, að það er mannanna skuld, að hún kemur ekki aftur. Um ástæðurnar læt ég nægja að vísa til greinar, sem birtist í Víkingi 4. tbl. 1948. En eitt er víst, að haustsíldargöngur og hvaladráp getur ekki samrýmzt á sömu slóðum. Fyrir því er fengin næg reynsla bæði í Noregi og hér. Annars sá ég nýlega í blaði staðhæft, að síldin gengi í firðina aðeins á eftir átu. Það hlýtur að vera einhver ný, ósýnileg átutegund, sem haustsíldin sækir inn í firðina, því að ekki sést hún í maga hennar,

Þó að hér að framan hafi verið sagt dálítið frá haustvertíðinni á Reyðarfirði 1892, voru margar síldarvertíðir þar svipaðar. En þessi er mér einna minnisstæðust. Haustsíldin hafði þá um áratugi verið nokkurnveginn árviss og var það fram til 1900, en það ár byrjuðu hvalveiðar hér við Austurland og síðan hefir aldrei komið haustsíld.

Þegar ég kom til Tuliniusar var það orðin föst regla, að halda fólkinu, sem til náðist og unnið hafði við síldveiðarnar veizlu að lokinni vertíð. Var þar veittur góður matur og drykkur eins og hver vildi, enda voru þau hjón bæði höfðingjar á því sviði. Var þar sungið, dansað og drukkið fram á morgun, og fyrir kom, að sumir voru valtir á fótum, þegar heim var farið. Ég tel víst, að aðrir útgerðarmenn hafi gert það sama við sitt fólk, þó að ég muni það ekki. Sömuleiðis var það orðin venja, að hver útgerðarmaður heldi fínt ball seinni part vetrar. Böll þessi voru haldin með nokkru millibili og var boðið á þau öllu yngra fólki og öðrum, sem höfðu gaman af að dansa. Vöktu böll þessi mikla tilhlökkun, sérstaklega hjá þeim, sem yngri voru. Ég man eitt árið eftir, að hið síðasta af þessum böllum var haldið inni á Hróteyri af þeim Fr. Klausen og P. Randulff. Þar voru stórmannlegar veitingar og skemmtun hin ágætasta.

Þessar síldveiðar bættu ekki einasta efnahag manna, heldur fylgdi í kjölfar þeirra búferlaflutningur margskonar framfarir og breyttir lifnaðarhættir.

Hafnarferð

Þegar ég fór frá Tuliniusi vorið 1894 flutti ég heim aftur. Móðir mín var þá orðin ekkja. Ég gerðist formaður á Bergþóru. Um sumarið lágum við í húsi okkar á Vattarnestanga. Fiskirið gekk sæmilega. Seinast í september fórum við þó aftur heim, var þá lítið um fisk og beitulaust. Daginn, sem við komum heim, gekk ég inn á Eskifjörð. Lá þá þar við bryggju kúttarinn Helga, eign Þor. Tuliniusar, sem þá var orðinn stórkaupmaður í Höfn. Helga hafði um vorið komið með vörur til verzlunarinnar og þá ráðizt á hana margir sjómenn á Eskifirði. Átti hún að stunda handfæraveiðar um sumarið. Nú var hún hætt veiðum, búið að leggja fiskinn á land til verkunar og lá hún þarna hlaðin haustvörum tilbúin að sigla. Strax og ég kom inn í búðina, komu boð frá Tuliniusi um að finna sig inn á kontór. Þegar ég kom þangað var hann þar fyrir sjálfur ásamt Ottó syni sínum og Koefod skipstjóra af Helgu. Tulinius hóf mál sitt eitthvað á þessa leið: Árni, þú hefir látið í ljós, að þig langaði að koma til útlanda. Nú hefir þú tækifæri. Það vantar mann á Helgu. Stýrimaðurinn varð veikur í sumar og var sendur heim. Nú getur þú fengið pláss hans. Kjörin eru 50 krónur um mánuðinn og frítt fæði. Þú verður að ákveða þig strax, því að Helga á að leggja af stað í fyrra málið.

Ég fellst á þetta og flýtti mér heim aftur til að undirbúa mig. Gekk þá allt kvenfólkið að því að þvo og undirbúa föt mín og annað og varð þetta vökunótt fyrir það. Um nóttina dreymdi mig, að ég væri heima og yrði mér lítið til hafsins. Sá ég þá svartan skýflóka rísa úr hafinu, en eftir litla stund birti aftur undir hann. Ég þóttist því vita, að eitthvað mótdrægt mundi koma fyrir mig í þessari ferð.

Um hádegisbilið var ég settur um borð í Helgu, sem þá var komin út á móts við bæinn. Hún var svo hlaðin, að ég steig úr skektunni yfir hástokkinn inn á þilfarið. Þegar ég fór í skektuna og ætlaði að taka olíufötin mín með mér, kom í ljós, að þau höfðu orðið eftir á Vattarnesi. Ég bað því skipstjóran að lofa jollunni að vera á floti, svo að ég gæti skroppið þar í land og náð olíufötunum og gerði hann það. Vindur ver enginn og okkur miðaði ekkert áfram. Seint um daginn kom norskt gufuskip inn á Eskifjörð og stóð það lítið við. Tulinius hafði beðið skipstjóran að kippa í Helgu út í fjarðarmynnið. Skipið kom svo til okkar, þegar það fór út og dró okkur út að Vattarnestanga. Var þá farið að hvesa suðvestan og komið myrkur. Ég náði því ekki í sjófötin, en hásetarnir lánuðu mér gömul olíuföt, sem þeir voru hættir að nota. Var svo jollan tekin upp á þilfar og seglin rifuð undir nóttina. Síðan var lagt á hafið. Vindur var orðinn hvass og jókst alltaf. Þegar við vorum komnir nokkrar mílur frá landi, fengum við dálítinn brotsjó á kinnung. Ég stóð á þilfari hjá skipstjóra og sagði hann þá við mig, að ef við fengjum fleiri slíka sjóa, yrðum við ekki lengi ofansjávar. Mer þótti þetta hálfótrúlegt og leiddi það í tal við hásetana. Þeir sögðu mér, að ég skyldi ekki taka neitt mark á þessu, þetta væri venja hans, þegar nokkuð væri að vedri.

Um miðja nótt var lagt til drifs. Var þá kominn stormur. Var svo drifið allan næsta sólarhring. Snerist þá vindur meira í suðaustur með rigningu, en dró úr storminum. Var þá byrjað að sigla aftur, en nú var á móti að sækja, svo að lítið vannst áfram. Þannig liðu tæpar þrjár vikur. Vindur var alltaf á móti og varð að slaga sig áfram með litlum seglum, þegar ekki var legið til drifs. Alltaf var þykkt loft og oftast rigning. Ég var því alltaf meira og minna blautur, því að olíufötin heldu ekki og ég gat ekki þurrkað neitt af mér, því að ekki mátti kveikja upp eld í káetunni. Var það

gert til að spara kolin. Þetta var alls ekki að fyrirlagi útgerðarinnar, skipstjóri hafði fundið upp á því sjálfur.

Rúmfötin urðu því einnig blaut og varð ég að leggjast þannig í rúmið í hvert skipti og þurrka á sjálfum mér fötin. Afleiðingarnar komu í ljós seinna.

Áhöfnin á Helgu var fyrir utan skipstjóra og mig, bátsmaður, háseti og kokkur. Bátsmaðurinn var um þrítugt, duglegur og vanur sjómaður. Hásetinn var rúmlega tvítugur, röskur maður. Kokkurinn var líklega 16-17 ára, mesti letingi en reif alltaf kjaptinn. Varð oftast að draga hann fram úr rúminu. Að ræsa hann þýddi ekkert, hann sneri sér bara á hina hliðina og svaf áfram. Þessutan var hann sóði. Var því matur oft illa tilreiddur.

Skipstjórinn var vægast sagt mesta rola. Eitt sinn t.d. þegar við höfðum beðið eftir matnum og hann var ekki nema hálfsoðinn, þegar hann loks kom, fór skipstjórinn að skamma kokksa og bar á hann meða1 annars, að hann hefði stolið frá sér um sumarið. Kokksi sagði hann ljúga þessu og til áréttingar tók hann af sér blauta þrjónahúfuna og barði henni ofan í borðið fyrir framan skipstjórann. Skipstjórinn steinþagnaði en kokksi fór sína leið. Þegar vont var veður virtist Koefod alltaf hálfhræddur, en kæmi gott veður, spígsporaði hann um þilfarið og sagði okkur ýmsar frægðarsögur af sér. Í því sambandi sagði hann meðal annars, að hann hefði fyrir löngu getað verið búinn að fá gyllta hnappa í treyjuna og borða um húfuna eins og yfirmenn á skipum Sameinaða gufuskipafélagsins, ef hann hefði kært sig um það. Skipverjar voru mér allir góðir og var ég á verði með bátsmanni. Loks eftir næstum þriggja vikna útivist birti í lofti og kom logn. Sá þá sól og tók skipstjóri sólarhæðina. Eftir að hafa verið niðri nokkra stund, tilkynnti hann okkur, að við værum á réttri leið milli Shetlandseyja og Líðandisness. Rann þá á frískur vestanvindur og skilaði okkur vel áfram. Næsta kvöld snerist vindurinn í norðaustur, varð bráðlega nokkuð hvass en þó ekki svo, að við þyrftum að fækka seglum. Sigldum við svo næsta dag allan sama strik. Seinni part dags sáum við bakka rísa úr hafi framundan. Hann smáhækkaði án þess að taka nokkrum breytingum. Við fórum því að hafa orð á, að þetta mundi vera land. Skipstjóri sagði, að það gæti ekki verið, því að Líðandisnes væri lágt. Um miðnætti sáum við vita framundan. Álitum við, að þetta væri vitinn á Líðandisnesi, en nokkru seinna sáum við vitaröð langt suður og norður. Vakti ég þá skipstjóra og sagði honum þetta. Hann kom svo upp með vitabókina og sýndi sig þá, að við vorum út af Bergen. Var svo breytt stefnu og siglt suður með landi. Vindurinn hafði alltaf aukizt eftir því sem leið og var nú kominn stormur með stórsjó. En það gerði ekki mikið, því að nú var hleypt undan veðrinu. Daginn eftir vor sami stormur og mikill sjór. Sá sem var við stýrið var bundinn til vonar og vara. Seinni part dags var ég með skipstjóra að fást við eitthvað hjá framsigluinni. Kallaði skipstjóri þá: Árni, í guðs bænum náðu taki. Hann stökk upp á stagin og hekk þar. Ég gerði það sama. Um leið valt sjór yfir skipið að aftan, svo að það stóð á ská í sjónum með stefnið upp en náði þó fljótt jafnvægi aftur. Hásetinn, sem verið hafði við stýrið, lá hjá káetukappanum fastur í böndunum. Sjórinn hafði skollið í afturseglið (mesan) og brotið mastrið til háls. Voru síðan negldar á það spelkur og vafið, en ekki var vogað að hafa nema hálf seglið eftir það. Nóttina eftir náðum við Líðandisnesi. Kom þá sama veðrið á móti okkur og var eftir þetta á móti að sækja fyrir Jótlandsskaga. Var ekki um annað að gera en leggjast til drifs. Við drifum svo í áttina til Jótlands, en þar voru grynnsli mikil og var dýpið mælt öðru hvoru, því að dimmt var yfir og landið lágt. Var svo snúið við og drifin sama leið til baka. Næstu nótt rak okkur þessa sömu

leið. Við gátum ekki séð vitann á Hansholm, en hann slær ljósleiftri á loftið og nær mátti ekki fara en að hann sæist. Við vorum komnir á 15 fadma dýpi. Fór ég þá niður og vakti skipstjórann. Þegar rekið er svona verður að snúa við undan vindi, því að of lítil ferð er á skipinu til að snúa því hinn veginn. Var nú snúið við. Þegar stórseglið átti að renna yfir til bakborðs, kom snurða á kaðalinn í blökkinni, svo að bóman sat föst vindmegin. Skipið lá flatt fyrir sjóum og hlýddi ekki stjórn. Eftir mikið strit komst þetta í lag aftur. Fór þá skipstjóri niður aftur að sofa. Þegar ég nokkru seinna fór hljóðlega niður í káetuna til að ná mér í tóbak, brá mér í brún, því að hann sat þá þarna og lá fram á borðið og grét. Ég varð svo undrandi, að ég ætlaði að snúa við upp, en þá leit hann upp og sagði: Þig undrar líklega að sjá mig gráta, en settu þig í mín spor. Ég er næstum kominn heim til konu og barns eftir langa útivist en hefði getað farið hér vegna skeytingarleysis hásetans. Meðan við þvældumst þarna fram og aftur rak fram hjá okkur fjölda af stórum skipum, flest voru þau þrímöstruð. Þau voru öll tóm og rak á hliðinni eins og heypoka. Við urðum að vara okkur á þeim, að þau ekki ræki á okkur. Hurfu þau okkur öll í suðvestur. Skipsmenn sögðu mér, að þessi skip væru öll á leið inn í Eystrasalt aðallega til að sækja námútimbúr. Eftir þrjá daga gerði logn. Eftir það rann á vestanvindur og var siglt í áttina að Skaganum. Þegar við fórum fyrir hann, voru dregin upp merkiflögg Helgu til að tilkynna útgerðinni komu hennar. Á öðrum degi þar frá vorum við komnir að Helsingjaeyri, því að vindur var góður og hagstæður. Klukkan tólf um nóttina lögðumst við á ytri höfnina í Kaupmannahöfn.

Þegar búíð var að ganga frá seglum, var okkur skipt niður á vörð um nóttina og áttum við að standa eina klukkustund hver. Ég átti að vera fyrstur, svo hásetarnir en seinast kokkurinn og átti hann að vekja skipstjórann kl. 5, svo að hægt væri að taka fyrsta hafnsögumann, sem kæmi út klukkan 6 að morgni.

Ég notaði tækifærið og fekk leyfi skipstjóra til að kveykja upp í káetunni, hafa fataskipti og þvo af mér mestu óhreinindin. Ég hefi líklega látið nokkuð í ofninn, því að eftir nokkra stund kallaði skipstjóri til mín og spurði, hvort það væri meining mín að steikja sig lifandi í rúminu. Ég opnaði þá gluggann yfir káetunni og let deyja í ofninum. Ég vakti svo bátsmanninn, fór í rúmið og sofnaði strax. Þegar ég vaknaði, skein sól í gluggann og leit ég á klukkuna. Var hún þá orðin átta en skipstjóri svaf enn í rúminu á móti mér. Allir sváfu á skipinu, því að kokksi hafði sofnað aftur og aldrei vakið skipstjóra. Var nú farið á fætur og dregið upp flagg. Kom þá bráðlega hafnsögumaður og dráttarbátur, sem dró okkur inn að tollbúðinni. Eftir nokkra viðstöðu þar, vorum við dregnir lengra inn í höfnina og gengið frá Helgu í dokk í Kristjánshöfn. Fór nú skipstjóri í land með öll skilríki til útgerðarinnar en sagðist koma bráðlega aftur.

Þegar við vorum við Skagann, sagðist skipstjóri ætla að heita á okkur, að ef við næðum til Kaupmannahafnar á afmælisdaginn hans, skyldi hann eyða fimm krónum á hvern okkar. Nú var afmælisdagurinn hans þennan dag. Við fórum því strax að taka saman dót okkar og búa okkur undir veizluna hjá Koefod. En það dróst, að hann kæmi aftur. Loks vildu hinir ekki bíða lengur, sögðu að hann hefði aldrei ætlað sér þetta og fóru í land. Ég var þá orðinn einn eftir og vissi ekki, hvað ég átti að gera. Loks, þegar dimmt var orðið, kom Koefod og sagði, að nú væri bezt, að hann efndi lofordið við mig. Hann hafði sem sé lofað að koma mér fyrir á góðum stað, þar til ég gæti náð mér í herbergi. Segir seinna af því, hvernig hann uppfyllti það loford. Ferðin

Endurminningar Árna Jónassonar

með Helgu var á enda eftir 28 daga útivist og þar með orðin þáttaskipti í þessari utanlandsför.

Í Hamborg

Haustið 1919 fór ég til útlanda í þeim tilgangi að kaupa eða láta byggja stóran bát, 60-80 smálesta. Það var leitað tilboða um byggingu á honum bæði í Danmörk og Svíþjóð og fengust mörg, en þau voru öll svo há, að ekki var við þeim lítandi.

Þá var Þýskaland að byrja að rísa úr rústum eftir styrjöldina og voru Þjóðverjar farnir að byggja smærri skip fyrir aðrar þjóðir, svo sem togara. Mér var því ráðlagt að leita fyrir mér þar, um smíði á bátnum. Ég fór svo til Hamborgar í nóvembermánuði og komst strax í samband við danskan skipamiðlara, sem var búsettur þar Leth að nafni. Tilboð um byggingu voru þar mjög aðgengileg. En þegar átti að fara að semja um gjaldeyrinn kom babb í bátinn. Þjóðverjarnir vildu ekki semja um greiðslu nema í mörkum. Þeir þóttust svo vissir um, að markið mundi stíga aftur, þó að það væri alltaf að falla í verði. Ég hafði enga trú á markinu þýska og vildi því semja í dollurum eða dönskum krónum. Gekk lengi í þessu þjarki og endaði loks með því, að ekkert varð úr samkomulagi sem betur fór, því það fé hefði tapazt, sem búið hefði verið að greiða fyrirfram.

Ég var í Kaupmannahöfn um jólin, en fór svo aftur í janúar til Hamborgar og dvaldi þar alls í rúma tvo mánuði. Ég hafði því góðan tíma til að skoða mig um þar um slóðir og var þar margt að sjá. Allt vitnaði um, að þar hefði ekki verið horft í peningana við ýmsar framkvæmdir. Kunnugur maður þarna sagði mér, að það hefði verið svo mikið af peningum í Hamborg fyrir styrjöldina, að það hefði þótt gott að fá 2% í vexti af sparifé.

Hamborg er stór bær, og stendur á sléttlendi, margar mílur inni í landi. Siglingar til borgarinnar eru því allar eftir stórflyótinu Elbu, sem bærinn stendur við að norðanverðu. Sunnan megin fljótsins eru aðallega skipasmíðastöðvar og vörugæmsluhús. Jarðgöng eru undir ána milli þessara borgarhluta og er þar stöðugur straumur af fólki og flutningi. Járnbrautarbrú er yfir fljótið ofar í borginni. Borgin liggur svo lágt, að síki úr fljótinu liggja um mikinn part hennar og stórt stöðuvatn er í miðjum bænum. Vatnið í síkjunum var grunnt og gruggugt, því umferð var mikil eftir þeim. Öll þungavara var flutt á prömmum um bæinn, þar sem síkin voru. Neðanjarðarhringbraut var þarna, en hún kom alltaf upp úr jörðinni, þar sem hún þurfti yfir síki, en stakk sér svo niður í jörðina aftur.

Eigi að dæma bæ eftir byggingum, þá er Hamborg fallegur bær, því meiri partur bæjarins var, sama sem nýbyggður og húsin falleg. Nokkrum árum fyrir styrjöldina var ákveðið að byggja allan bæinn upp að nýju, og var það langt komið þegar styrjöldin skall á.

Ég kom í eitt hverfi af gamla bænum, þar sem hætt hafði verið við að rífa niður þegar styrjöldin hófst og þóttu mér það skuggalegir mannabústaðir. Og hafi mikið af íbúðunum verið þannig, þá hefir ekki verið vanþörf á að skipta um. Þetta hverfi var girt háum steinvegg. Húsin voru tvær hæðir og kjallari. Götturnar svo þröngar, að tvær kerrur gátu tæplega komist hvor fram hjá annarri. Stigarnir voru utan á húsunum og handriðin voru úr kaðli eða járnvír. Öll voru hús þessi grásvört á lit, svo hálfdimmt var í götunni um miðjan dag. Engir bjuggu í þessum húsum, en þau voru óefað tilvalinn felustaður fyrir þá, sem vildu leynd sér. Margar ljómandi fallegar byggingar sá ég í Hamborg, en þó bar ráðhúsið af þeim öllum. Það var lokað fyrir almenningi meðan ég var þarna vegna viðgerðar. Það hafði skemmst svo mikið bæði utan og innan, þegar kommúnistar gerðu uppreisnina í styrjaldarlokin og reyndu að

taka það. Enginn gluggi var heill í þessari stóru byggingu og útveggir allir skemmdir eftir hríðskotabyssukúlur. Austarlega í borginni er dálítill hæð og er þar hlaðin myndastytta af Bismark gamla. Þessi stytta er 2-3 mannhæðir og mjög falleg að sjá í fjarlægð, en komi maður nær fer fegurðin af, því hún er hlaðin í cement úr óhöggnu grjóti og meira að segja, illa hlaðin, svo ég hefi séð margan steinvegg betur hlaðinn á Íslandi. Styttuna ber svo hátt að hún sést langar leiðir og var mér sagt, að skip notuðu hana sem siglingamerki á fljótinu í nágrenni borgarinnar.

Það var árið eftir styrjaldarlokin, að ég var þarna og leyndu sér ekki afleiðingar hennar, því það var svo að segja skortur á öllu, þó sérstaklega á mat og eldsneyti. Vegna kolaskorts logaði ekki nema á þriðja hverju götuljósi. Sama gildi um öll veitingahús. Ég fór einu sinni með jarnbrautarlest niður með fljótinu, en á leiðinni til baka staðnæmdist lestin á miðri leið vegna kolaleysis. Allur matur var skammtaður nema kartöflur, enda voru þær aðalfæðan, því hitt var svo smátt skammtað, að það kom ekki að neinu verulegu gagni. Til dæmis gat maður einu sinni í viku fengið kjötbita á stærð við eldspýtustokk. Á hótelnunum var oftast hægt að fá sæmilegan mat, t.d. góðan silung og góðar súpur, en ein slík máltíð kostaði þar um 50 mörk og gátu ekki aðrir en aðkomumenn notað sér það, því mánaðarlaun skrifstofufólks voru frá 3-500 mörk. Ef maður bauð Þjóðverja að borða með sér góða máltíð á matsöluhúsi, þá talaði hann helzt ekki um annað í marga daga á eftir. Þegar ég kom fyrst þarna, fékk ég 800 mörk fyrir 100 krónur danskar. En þegar ég, í febrúar 1920, fór þaðan, fékk maður 1400 mörk. Það var því mikið ódýrara að lifa þarna heldur en t.d. í Kaupmannahöfn. Mig undraði mikið að sjá hve vel fólkíð yfirleitt var útlitandi, hvað holdafar snerti eftir allan skortinn. Það var alls ekki magurt að sjá. En gengi maður á eftir Þjóðverja á götu, sá maður fljótt hve máttlaus hann var í hnjáliðunum og sama var ef hann átti að lyfta einhverju. Fullorðinn maður virtist ekki hafa krafta á móti unglungi um fermingaraldur. Maður þarna sagði mér, að þetta væri eðlilegt, því þeir hefðu í mörg ár verið sveltir eftir listarinnar reglum. Fjöldi var þarna af blindum mönnum og bækludum úr styrjöldinni. Sumir voru ekki annað en partur af mönnum. Vantaði t.d. báða fætur upp að mjöðmum og annan handlegginn og jafnvel blindir í tilbót. Þessir menn voru bundnir niður á fjalir með hjólum undir og voru þeir fluttir út á gangstéttirnar á morgnana og sátu þeir þar allan daginn og rettu fram höndina, þegar einhver gekk framhjá. Það var sorglegt að sjá þetta, því flestir þessara manna voru ungir og má geta nærri, hve mikið hefir verið innan dyra af svona örkuðlamönnum, því þeir, sem úti voru, voru þeir, sem álitíð var, að gætu að mestu leyti unnið fyrir sér með betli. Blindu mennirnir, sem mikið var af, höfðu hunda til að leiða sig úti og gat maður ekki annað en dáðst að, hvað þessir hundar leystu þann starfa vel af hendi, svo það hefði enginn maður gert það betur. Þeir fylgdust með allri umferð um göturnar og stönuðu, ef nokkur hætta var á ferðum af bílum eða öðru.

Tíðarfar var hálfleiðinlegt í Hamborg, meðan ég var þar og er það víst ætíð svo á vetrum. Það kom varla fyrir dagur, sem ekki kom krapaél eða rigning, enda álitu allir sjálfsagt að taka með sér regnhlíf, ef þeir fóru út. Þessar skúrir komu fyrirvaralaust. Snjó festi aldrei meðan ég var þar og ekki man ég eftir, að nokkurntíma frysi. Leth skipamiðlari sagði mér, að Hamborg væri óhollur staður. Úrfelli á vetrum en feikna hiti á sumrin og gufaði þá upp allskonar óhollusta úr síkjnum. Inflúenzufaraldur gekk þar þennan vetur og dó fólk í hrönnum allt í kringum okkur. En við Íslendingarnir, sem þarna vorum urðum aðeins lasnir einn dag eða svo.

Endurminningar Árna Jónassonar

Margir íslenskir síldarútvegsmenn komu þennan vetur til Hamborgar. Þeir voru allir að reyna að selja saltsíld, en það tókst ekki, því Þjóðverjar höfðu ekkert til að borga með, hvorki vörur né peninga. Íslenska síldin lá í haugum bæði í Kaupmannahöfn og víða í Svíþjóð og varð um vorið að flytja hana út á haf og sökkva henni. Það var talið, að á þessari síld hefði tapast 10 miljónir króna og voru það miklir peningar í þá daga, því íslenska krónan var þá í gullgengi.

Eftir að útséð var um, að ekki yrði af samningum um bátsmíðina, fór ég til Kaupmannahafnar og þaðan heim með Sterling, sem landsstjórnin hafði þá keypt fyrir strandferðaskip.

Söfn, dýragarðar o.fl.

Þegar ég hefi dvalið erlendis, í bæjum þar sem söfn hafa verið, hefi ég gert mér að reglu að skoða þau, því þar er ótrúlega mikinn fróðleik að fá. Því miður er ég búinn að gleyma mestu af því, sem ég sá þar, enda eru rúm fimmtíu ár síðan ég sá sumt af þessu. Eitt skipti tókum við okkur 12 saman um að skoða Rósenborgarhöll í Kaupmannahöfn. Það kostaði 12 krónur að láta sýna sér höllina, en það máttu vera 12 í hóp, svo þetta varð ekki nema ein króna á mann.

Rósenborgarhöll lét Kristján konungur fjórði byggja og er í höllinni allt sem konungshjónin áttu af húsmunum og öðru, meira að segja rúmföt og annar fatnaður. Þar voru margir fágætir og dýrir húsmunir og listaverk, en einkennilegir voru margir af þessum munum. Stólarnir voru t.d. baklausir, svo að það mátti setjast í þá báðumegin frá, en hliðarbríkur var svo háar, að olnboginn gat hvílt á þeim. Dragkista eða kommóða var þar og var hún jafnframt einskonar píanó, því þegar efsta skúffan var dregin út, var í henni nótnaborð eins og á píanói. Úr drottningarinnar var eins og hænuegg í laginu og haldan á mjórri endanum. Skífan var á hliðinni og ekki stærri en einseyringur. Þar voru tvö drykkjarhorn, ótrúlega stór. Við vorum að gizka á, að þau tækju 1/2 pott hvort þeirra. Silfurgjörð var um þau neðantil og í hana festur silfurfótur, svo þau gátu staðið á borði. Allsstaðar var þarna fullt af dýrum listmunum og voru það ófæð gjafir frá ýmsum þjóðhöfðingjum og öðru stórmenni. Í svefnherbergjunum voru uppbúin rúmin og fötin hengu á veggjunum. Það hefðu ekki allt þótt fín föt nú á dögum, í það minnsta, ekki nærfötin og sokkarnir. Af listmunum man ég sérstaklega eftir tveimur skipum (freigátum) um hálfra alnar löngum, sem stóðu þar á borði. Þau voru nákvæm stæling af þeirra tíma herskipum með öllum seglum og reiða, allt skorið út úr fílabeini.

Friðriksborgarhöll í Hilleröd skoðaði ég einnig. Höllin er fremur lítil en ljómandi falleg og er byggð úti í vatni, svo að farið er eptir stuttri brú út í hana. Þar er líka margt að sjá. Ég man aðeins eftir tvennu þaðan, það er kapellan og eitt málverk. Kapellan er mjög lítil en svo skrautleg að undrum sætir. Altarið er t.d. allt úr silfri og veggir þaktir dýrum listaverkum. Á efri hæð gekk ég fyrir enda á gangi og sá þá inn í svefnherbergi. Þar lá í rúmi gamall maður, kominn að dauða og var að rétta að unglungi, sem stóð við rúmið lykil, að mig minnir. Mér varð hverft við þessa sjón, þar til ég áttaði mig á, að þetta var málverk, en ekki virkileiki. Það leyndi sér ekki, að þar hafði enginn klessumeistari verið að verki.

Jeg hefi minnst á þessi tvö söfn vegna þess, að það munu tiltölulega fáir, sem skoða þau, en þau eru sannarlega þess virði, að þeim sé veitt athygli.

Safnið í Bergen skoðaði ég og er þar margt að sjá, en sérstaklega man ég eftir steina og eggjasafninu. Þar gat víst að líta allar tegundir steina, sem þekktar eru og af eggjum voru allar tegundir frá kólibrífuglaeggjum upp í strútsegg.

Þegar ég hefi verið í Kaupmannahöfn, hefi ég ætíð eytt einum degi í dýragarðinum, en að fara að lýsa öllu því, sem þar er að sjá yrði of langt mál, enda er hann svo mörgum kunnur. Meðan ég var í Hamborg ætlaði ég að skoða Hagenbecks dýragarðinn, en þegar til kom var hann lokaður og var mér sagt, að það hefði orðið að drepa öll dýrin vegna fódurskorts í styrjöldinni, nema þau allra fágætustu. Hagenbecks garðurinn var fyrir fyrri heimsstyrjöldina, fullkomnasti dýragarður í heimi, og þaðan fengu aðrir dýragarðar mikið af dýrum sínum. Inni í Hamborg voru nokkur fágæt dýr til sýnis og skoðaði ég þau. Þar var vatnahestur, sækýr, api

(mannapi) gíraffi, nokkrar fágætar rottutegundir og smáfiskar. Þetta hafa líklega verið leifar frá Hagenbecksgarðinum. Það hafa óefað verið þarna margar fleiri dýrategundir, því fjöldi af dýraklefum voru auðir.

Vatnahesturinn virtizt mér svipaðastur svíni í vexti og á stærð við tvæveturt naut. Annars sást það tæpazt því að hann lá hreyfingarlaus í þró með volgu óhreinu vatni svo að flaut yfir hann að mestu, en nasirnar stóðu upp úr vatninu og snörlaði í þeim þegar hann andaði. Hann var dökkur á lit.

Sækýrin var á stærð við meðal landsel og svipuð honum, nema hvað hún var mikið flatari, og svo lík að aftan og framan, að maður var dálitla stund að átta sig á hvorumegin hausinn var. Hún lá hreyfingarlaus í glerkassa með vatni í.

Gíraffinn var fallett dýr, hvítgulur, með brúnum röndum. Hann var svo hár að framan, að fullorðinn maður hefði getað staðið undir bringukollinum á honum. Hálsinn var álíka langur og allur búkurinn, en mjór fram við hausinn, sem var lítill og í lögun eins og á kollóttri sauðkind. Hann var að éta þegar ég var þarna og var jatan, sem hann át úr tvær til þrjár mannhæðir frá gólfi.

Apinn var sá langstærsti, sem ég hefi séð. Hann var eins og þrekinn karlmaður yfir axlirnar, hve hár hann var, sást ekki, því hann sat álútur á grein hreyfingarlaus, og hélt sér með annarri loppunni. Hann var óefað mjög gamall, því hann leit varla á mann, þó að komið væri að honum.

Nokkrar tegundir af sjaldgæfum rottum voru þar í klefa. Voru þær af ýmsum litum og stærðum. Sérstaklega tók ég eftir einni tegund, fremur lítilli. Þær voru hvítar, með brunum smádílum.

Smáfiskarnir voru þarna í glerkassa. Þeir voru á að gizka einn þumlungur á lengd, mjög skrautlegir og líkastir karfa í vexti. Í kassanum voru stórar kórallagreinar. Geri ég því ráð fyrir, að fiskar þessir hafi verið úr suðurhöfum.

Ég gat ekki spurzt neitt fyrir um þessi dýr, því ég var einn þarna inni. Annars er mikið af söfnum í Hamborg og skoðaði ég þau. En ekkert sérstakt hefir fest mér í minni frá þeim.

Hvað hægt er að kenna dýrum sá ég gleggst merki um í Osló 1916. Þar var maður frá Hagenbeck með nokkrar dýrategundir til sýnis. Þar á meðal sæljón. Sæljónin eru í vexti mjög lík sel, tinnusvört. Þau eru, að því leyti, frábrugðin sel, að tranturinn er mjór fremst og framhreifarnir eru stórir og líkastir vængjum á fugli. Þegar þau synda hratt eru þau hálf uppúr vatninu að framan og berja vatnið með framhreifunum. Þessi maður frá Hagenbeck var með sex eða átta sæljón, sem léku ýmsar listir. Ein var sú, að hann raðaði baklausum stólum í hring. Milli stólanna voru á að gizka 6 álnir. Síðan gaf hann þeim merki og skreið þá hvert dýr upp á sinn stól. Hann tók svo fótbolta og fleygði að því, sem næst var. Það tók boltann á trýnið og kastaði honum til þess næsta. Þannig fór boltinn marga hringi án þess þau nokkur tíma misstu hann í gólfið. Þetta þótti mér undravert, því trýnið á þessum skepnum er ekki gildara að framan en þumalfingur á manni.

Veturinn 1919-1920 var mikið af rússneskum fyrirlidum í Kaupmannahöfn. Þeir höfðu flúið land þegar Bolsevíkar brutust til valda í Rússlandi. Ekkja Alexanders Rússakeisara hafði einnig komizt til Danmerkur, en eins og menn muna þá myrtu Bolsevíkar Nikulás keisara son hennar ásamt konu hans og börnum.

Ég komst í kynni við einn af þessum fyrirlidum og útvegaði hann mér og nokkrum öðrum, aðgang að hátíðaguðsþjónustu í rússnesku kirkjunni í Breiðgötu. Guðsþjónusta þessi var haldin í tilefni af nafnadeigi ekkjudrottningarinnar. Kirkjan er

fremur lítil og laus við allt skraut. Bekkir voru þar engir til að sitja á, en fáeinir stólar voru til og frá um gólfið. Hafa þeir líklega verið séreign einhverra eða ætlaðir gamalmönnum. Þegar við komum þarna voru þar fyrir um 30-40 Rússar. Það var því mjög fámennt þarna. Ekkjudrottningin sat á stól innanlega á gólfinu og virtist hún vera orðin mjög hrum. Presturinn, sem var mjög skrautklæddur, var fyrir altari og sneri oftast baki að söfnuðinum. Hann kraup alltaf öðru hverju á kné. Hann söng fremur en tónaði allt, sem hann sagði. Söngflokkurinn, sem í voru fjórir menn, svaraði honum syngjandi, alltaf með sömu orðunum. Tveir skrautklæddir kórdrengir stóðu sinn hvoru megin við altarið og veifuðu reykelsiskerum. Þegar messunni var lokið, opnaði presturinn lítinn skáp yfir altarinu og tók þar út silfurkross með Kristi á krossinum, gekk með hann fram á gólfið til drottningarinnar og lét hana kyssa á hann. Síðan fór hann að altarinu aftur, sneri sér fram og rétti krossinn að söfnuðinum. Gengu þá allir Rússarnir fram og kysstu krossinn á sama stað og drottningin. Þar með var þessari athöfn lokið. Drottningunni fylgdi gríðarstór kósakki. Það var víst einskonar lífvörður.

Það sem ég hefi sagt hér frá söfnum og dýragörðum, er hvorki heilt né hálf, en það gæti þó verið að einhver, sem aldrei hefir átt þess kost að sjá neitt af þessu, hefði gaman af því. Mörg af söfnunum eru svo stór, að maður þyrfti fleiri daga til að skoða þau rækilega. Til dæmis nefni ég dýrasafnið í Kaupmannahöfn. Þar má sjá öll dýr uppstoppuð allt frá hvölum og hákörlum í kjallaranum til flugna á efstu hæð. Sama má segja um alþjóðasafnið. Þar má sjá listmuni og fleira frá flestum löndum heims. Þar sá ég einn elzta bankaseðil í heimi. Hann var kínverskur og á stærð við lítið dagblað. Allur útkrotaður með letri báðumegin. Einnig sá ég á Carlsbergssafninu múmíur eða smyrlinga frá Egyptalandi. Líkamirnir voru allir vafðir dúkrenningum nema andlit, fætur og hendur. Liturinn var ljósbrúnn. Harðar voru þær viðkomu eins og steinn.

Siglingasafnið í Krónborgarhöll er mjög fróðlegt fyrir þá, sem gefnir eru fyrir sjómennsku. Þar má sjá líkón af öllum meiri háttar fleytum framan úr fornöld til vorra daga.

Undir höllinni er fangaklefi í jörðu niðri dimmur og skuggalegur. Þar voru fyr meir, geymdir hættulegustu fangarnir. Þar var járnkeðja föst í steini eða vegg, hve löng hún var man ég ekki, en fanginn var festur með járnhring við þessa keðju. Þarna hafði einn konungur Dana verið fangi í fjölda mörg ár. Fylgdarmaðurinn var að sýna mér merki eftir þennan fanga, en því miður, er ég búinn að gleyma því. Þó minnir mig helzt, það vera niðurtroðin gata í moldargólfið þar sem konungurinn hafði gengið, með keðjuna dragandi eftir sér. Samt þori ég ekki að fullyrða neitt um þetta, en svo mikið er víst, að það sem ég sá og heyrði þarna olli mér svo miklum óhug, að ég hraðaði mér þaðan út aftur.

Hafnarvist veturinn 1894-5

Við Koefod yfirgáfum Helgu og héldum yfir Löngubrú inn í bæinn. Á leiðinni fór hann með mig niður í ölkjallara og bað um tvær flöskur af öli. Drukkum við þar og sagði hann svo, að nú mundi vera mál að koma mér fyrir. Héldum við svo áfram, þar til við komum að byggingu, sem á var málað með stórum stöfum "Knapstedgaardshotel". Þá stanzadi hann og sagði, að ég skyldi ganga inn, banka á fyrstu dyr til hægri og biðja um rúm fyrir nóttina. Síðan kvaddi hann mig og fór. Gerði ég nú svo sem hann lagði fyrir, en allt var fullt og ekkert rúm hægt að fá. Þótti mér vandast málið, ég stóð þarna einn, langt inni í ókunnugum bæ og komið myrkur. Ég treysti mér til að rata aftur um borð í Helgu og ákvað að fara þangað og sofa þar um nóttina. En er þangað kom var búið að loka portinu að dokkinni svo ég komst ekki um borð. Ég ráfaði því aftur inn í bæinn sömu leið og rakst þar á sjómann, hann var dálítið kenndur. Ég spurði hann, hvort hann gæti vísað mér á næturgistingu, helzt þar sem rólegt væri. Já, hann hélt nú það, ég skyldi bara koma með sér. Síðan var haldið á stað og gengum við lengi, þar til við komum í Nýhöfn. Hann reyndi þar í tveimur álitlegum stöðum, en þar var ekkert rúm að fá. Alstaðar var fullt, því mikið af skipum hafði komið í höfn síðustu dagana. Nú sagði hann, að ekki væri um annað að gera, en fara til frú Petersen, þó að sér væri það ekki geðfellt. Fór hann svo með mig niður í kjallara. Þar var stór drykkjustofa, full af sjómönnum, sem töluðu ýms tungumál, þar á meðal rússnesku, og var það í fyrsta skipti sem ég heyrði það mál. Vínþefur var þarna mikill og hálfdimmt af tóbaksreyk. Frú Petersen, gömul kona, sneggluleg, tók til það sem beðið var um, en tengdasonur hennar, sem var á milliskyrtni, bar fyrir gestina. Ég bað hana um gistingu og var ekkert því til fyrirstöðu. Síðan drakk ég glas af öli með fylgdarmanni mínum og kvaddi hann. Bað ég síðan um smurt brauð með áskurði og tei. Er ég hafði setið þarna nokkra stund, horft og hlustað á gestina, bað ég um rúmið. Tók þá tengdasonurinn kerti, kveikti á því og sagði mér að fylgja sér. Fór hann með mig út um bakdyr og yfir dimman húsagarð að stórri byggingu, sem ekkert ljós sást í. Þar fórum við upp háan, beinan stiga og opnaði hann þar hurð, sem var á móti stiganum. Komum við þá inn í meðalstórt herbergi, sem í vantaði vegginn til vinstri handar og sá þar í svarta myrkur. Í herberginu voru þrjú rúm og legubekkur á móti dyrunum. Borð var á miðju gólfi og stólar. Hann lét svo kertið á borðið og bauð góða nótt. Þegar hann var farinn, var mitt fyrsta verk að rannsaka hvað væri þarna inni í myrkrinu. Tók ég kertið og fór þar inn. Þetta var stór salur, líklega gamall samkomusalur. Rúm stóðu með veggjum, en enginn maður var þar. Mér leizt ekki á, ef ég ætti að vera þarna einn, því ég var ekki laus við myrkfælni. Samt háttaði ég í rúmið, sem var til vinstri handar við dyrnar. Var ég rétt í þann veginn að sofna, er ég heyrði hávaða í stiganum og þekkti ég þar rödd tengdasonarins, síðan var hurðin opnuð og dauðadrukknum manni hrint inn á gólfið og sagt um leið. "Ég vil ekki hlusta á þetta slúður lengur". Maðurinn, sem var vel klæddur, skreið yfir að legubekknunum, lagðist í hann og sofnaði. Skömmu síðar fór hann að kasta upp og ataði út föt sín, bekkinn og gólfið. Nú var komið fram á nótt, en ég var samt að hugsa um að fara á fætur og reyna að ná í tengdasoninn. Heyrði ég þá mannamál niðri og beið. Var það vinnukona í húsinu, sem var að fylgja ungum sjómanni þarna upp. Þegar þau sáu verksummerkin, en nú hafði drukknur maðurinn oltið ofan á gólfið, stóðu þau agndofa og báðu guð fyrir sér. Spurðu mig svo, hvort ég vildi ekki koma á fætur, og hjálpa þeim til að afklæða hann

og koma honum í rúmið. Ég gerði það. Síðan sótti stúlkan vatn og áhöld og verkaði eins og hún gat fötin, bekkinn og gólfið. Eftir þetta sofnaði ég og svaf fram á morgun. Við vöknudum seint um morguninn, og kom þá í ljós, að drukkni maðurinn var stýrimaður á Grænlandsfarinu Ísbjörninn, mesta snyrtimenni. Hann var alveg eyðilagður yfir framkomu sinni um kvöldið, margbað okkur afsökunar og þakkaði hjálpina. Bauð hann okkur svo til morgunverðar á góðu matsöluhúsi. Þegar ég borgaði frú Petersen næturgreiðann, sagðist hún vona, að ég yrði þar fleiri nætur. Ég svaraði því litlu. Næstu tvo daga gisti ég á St. Peters Gæstehjem og var þar mjög rólegt.

Stefán Eiríksson var þá að fullnuma sig í tréskurði í Kaupmannahöfn og var ég með bréf til hans frá manni á Eskifirði. Var hann þar beðinn að vera mér hjálplegur að koma mér fyrir. En maðurinn hafði sagt mér, að Stefán mundi ekki hafa tíma nema á sunnudögum. Ég skrifaði því Stefáni nokkur orð og lagði bréfið til hans í umslagið og lét það svo í póst. Á sunnudaginn kom Stefán, tók mig með sér og kom mér fyrir í Norður Farimagsgötu hjá þeim Ágústi Sigurðssyni frá Reykjavík og P.V.Jensen frá Eskifirði. Við vorum því þrír þarna saman í herbergi, en það var rúmgott og við sjaldnast heima nema á nóttunni. Herbergið kostaði með rúmi og morgunkaffi 7 krónur á mánuði fyrir hvern okkar. Fjölskyldan þarna voru hjón með fimm börn, að mestu uppkomin. Þessi hjón reyndust mér framúrskarandi vel síðar og sömuleiðis börnin. Maðurinn stundaði söðlasmíði og vann alltaf úti. Ágúst var að fullnuma sig í prentið, en Jensen var að læra trésmíði.

Ég hafði haft með mér dálítið af peningum og Tuliníus hafði lofað mér að skrifa Þórarni syni sínum og biðja hann að láta mig hafa þá peninga, sem ég þyrfti, að tiltekinni upphæð. Ég hafði ákveðið að spara fé, því ég vissi, að ég þyrfti að borga það sjálfur aftur. Ég ákvað því að sjá sjálfur um morgun- og kvöldmat en kaupa miðdegismat. Ég keypti einn pott af nýmjólk á dag, brauð, smjör og áskurð. Þetta kostaði allt 25 aura á dag. Mjólkinn kostaði t.d. 8 aura potturinn. Miðdegisverð keypti ég hjá konu, sem seldi nokkrum mönnum fæði. Kostaði hann 35 aura á dag. Maðurinn var viðunanlegur og nóg borið fram. Fæði og húsnaði kostaði mig því 25 krónur á mánuði.

Ég hafði á Eskifirði heyrt danskan mann spila á fiðlu og ákvað strax að reyna að komast eitthvað niður í þeirri list, ef mögulegt væri. Sömuleiðis hafði ég ákveðið, til þess að hafa eitthvert gagn af dvölinni þarna, að koma mér fyrir í verzlunarskóla. Ég fór nú að leita fyrir mér í þessum efnum. Tók tvo tíma í viku hjá Joh. Tønning fiðluspilara við Konunglega leikhúsið og gekk inn í verzlunarskóla Nehms í Nýjugötu. Mér sóttist námið vel í skólanum og létti það undir að ég kunni mikið í dönsku og hafði fengið nokkra æfingu í bókfærslu. Ég var nokkra tíma í skólanum dag hvern og æfði mig þess á milli heima á fiðluna. Er ég hafði verið þarna í tvær vikur, var það einn morgun, að ég var lasinn af gigt, að mér virtist. Ákvað ég því að fá mér langa gönguför og svitna. Ég fór af stað og gekk fram til hádegis. Borðaði miðdegisverð og fór svo heim og lagði mig. Eftir nokkra stund vaknaði ég og var þá orðinn stífur eins og trédrumbur. Gat ekki svo mikið sem hreyft fingur, og með svo háan hita, að ég talaði óráð öðru hverju. Konan varð vör við þetta, kom inn til mín, afklæddi mig og kom mér í rúmið. Sendi hún svo eitt af börnunum til heimilislæknisins, en hann var þá úti við í sjúkrahúsi og kom því ekki fyrr en kl. 8 um kvöldið. Eftir að hann hafði skoðað mig, gaf hann þann úrskurð, sem ég vissi áður, að þetta væri liðagigt eða "gigtfeber" eins og hann orðaði það, á háu stigi. Ég

fékk svo inntöku af Salisyl og sofnaði. Þegar ég vaknaði aftur til meðvitundar undir morgun, fann ég ekki til nokkurrar gigtar í líkamanum, en ég hafði svitnað svo mikið, að rúmfötin voru rennandi blaut, svo það varð að skipta á rúminu. Ég var mjög máttfarinn og varð alltaf að vera að snúa mér í rúminu. Fór mér svo að versna aftur. Daginn þar á eftir kom læknirinn aftur og fékk ég þá aðra inntöku jafnstóra. En um leið sagði hann, að ég fengi ekki meira. Er ég kom heim, sýndi ég lækni lyfseðilinn og sagðist hann ekki hefði þorað að gefa stórgrip jafn stóran skammt í einu. Strax fyrsta kvöldið vildi læknirinn, að ég yrði fluttur á spítala. En hjónin voru hrædd um, að mér mundi líða þar ver, þar sem ég þekkti engan. Þau buðust til að hjúkra mér og gerðu það af slíkri alúð, að þó ég hefði verið sonur þeirra, hefðu þau ekki getað látið sér annara um mig. Þau fóru oft á fætur á nóttunni og komu inn til mín, til að hagræða mér og hjálpa. Ágúst lét sér líka mjög annt um mig og hjálpaði mér, þegar hann var heima og varð úr því með okkur innileg vinátta, sem helzt meðan báðir lifðu. Hann var ágætismaður. Meðan ég lá komst ég að raun um, hvílíkt góðmenni Stefán Eiríksson var. Því hefði hann nokkurn tíma afgang, kom hann til mín óbeðinn á kvöldin til að nudda mig. Seinna kynntist ég Einari Jónssyni frá Galtafelli og urðum við góðir vinir. Þessir þrír menn Ágúst, Stefán og Einar eru með mestu göfugmennum, sem ég hefi kynnst um dagana.

Eftir sex vikur steig ég fyrst á fætur, en gat ekki staðið einn fyrir máttleysi og megurð. Ég var tæpast annað en skinnið og beinin. Smám saman lagaðist þetta og hálfum mánuði síðar fór ég í fyrsta skipti út og var mín fyrsta ganga að fara til læknisins og "borga honum." Hann þekkti mig ekki, en þegar ég sagði honum hver ég væri, sagði hann: Já, eruð það þér. Eruð þér kominn svona vel á veg? Þér hljótið að vera hraustur maður, því nú get ég sagt yður það, að enginn Kaupmannahafnarbúi hefði lifað af þá liðagigt, sem þér höfðuð. Þessi læknir var ófað í miklu álit, því meðan ég lá, varð Kristján konungur níundi veikur á heimleið frá Rússlandi og var þá hann, ásamt öðrum lækni, sendur á móti honum.

Ég byrjaði svo aftur við námið og gekk það hindrunarlaust, þar til ég fór heim um vorið. Ég var búinn með þá peninga, sem ég hafði haft með mér, þegar ég kom á fætur eftir veikindin. Það var því eitt af mínum fyrstu verkum að fara til Þórarins Tulinius og fá útborguð laun mín fyrir ferðina með Helgu. Tulinius varð undrandi, þegar hann heyrði erindi mitt og sagði, að hér hlyti að vera einhver misskilningur, því Koefod hefði sagt sér, að ég hefði aðeins átt að hafa frítt far og fæði. En ég gæti fengið hjá sér þá peninga, sem ég þyrfti. Mér gramdist þetta og sagði, að það væri bezt að bíða þar til Ottó bróðir hans kæmi, því hann hefði verið viðstaddur, þegar ég var ráðinn. Ég vissi, að Ottó var á leiðinni. Hann hafði þá keypt verzlunina á Papós og var í þeim erindum að koma til Hafnar. Skömmu eftir að Ottó kom, hitti ég hann og sagði honum málavexti. Næst þegar ég kom til Þórarins, bað hann mig afsökunar á þessu, borgaði mér kaup fyrir heilan mánuð og gaf mér í sárabætur heilkassa af góðum vindlum.

Pennan vetur var "Skúlamálið" svonefnda fyrir hæstarétti í Kaupmannahöfn og var það aðalefni blaðanna lengi. Seinast var þess getið í revíu, sem sýnd var á Norðurbrúarleikhúsi og var það á þessa leið: Foringi í liði Napóleons er að kenna ungum foringjaefnum landafræði. Á veggnum er stórt landabréf og bendir hann með priki á þá staði, á landabréfinu, sem þeir eiga sérstaklega að veita athygli og þar á meðal á Ísland og segir: "Parna er Ísland. Parna er Ísafjörður, þar er Lárus Bjarnason. Varið ykkur á honum".

Fjöldi af Íslendingum var þá í Kaupmannahöfn og komu oft margir þeirra til okkar á sunnudögum eða á kvöldin, þegar þeir vissu að Ágúst var heima, því hann átti marga kunningja þarna og var vinsæll. Kynntist ég nokkrum þeirra. Með flestum Íslendingum þar, var það sameiginlegt að hafa lítið af peningum. Ég man eftir einum t.d. Kristjáni að nafni. Hann hafði komið um haustið og ætlaði að læra trésmíði. Hann hafði um sumarið verið í kaupavinnu hjá presti í sveit til að afla sér gjaldeyris. Prestur gat ekki borgað honum þegar hann fór, en lofaði að senda honum peningana með fyrstu ferð. Það dróst, að peningarnir kæmu þó Kristján sendi presti rukkunarbref með hverju skipi. Um miðjan vetur fékk Kristján loks fullt koffort af kæfu frá prestinum. Þegar fréttist um kæfuna, lögðu margir leið sína til Kristjáns. Hafði hann víst lítinn hagnað af þessari sendingu, því hann varð að leggja til brauð með kæfunni.

Af þeim, sem heimsóttu okkur man ég eftir Sigfúsi Blöndal og unnustu hans. Manni, sem Skúli hét, hann var með göngustaf, sem hann hafði sjálfur smíðað handfangið á, og var það listaverk. Svo var Björn Bjarnason skósmiður, sem við öfunduðum mikið af klæðaburði hans, því hann var alltaf svo "flott" þegar hann fór að heiman. Einn var þar, sem alltaf var að semja leikrit, en leikhúsin vildu ekki taka þau. Undraði mig það ekki, því hann las stundum kafla úr þeim fyrir okkur og var vægast sagt, lítið í þau varið. Ég fór nokkrum sinnum í leikhús og sá t.d. á Konunglega leikhúsinu Álfhól og Töfraflautuna og er það ein sú mesta unun, sem ég hefi notið, að sjá og hlusta á þann leik. Tönning kennari minn var ókvæntur, en bjó ásamt systur sinni, sem kenndi á píanó hjá öldruðum foreldrum sínum, sem voru víst vel efnuð. Þessi fjölskylda var mér mjög góð og var ég oft boðinn þangað. Yfirleitt reyndust allir þeir Danir mér vel, sem ég kynntist, að undanskildum Koefod einum.

Seinna um veturinn komu þeir Carl A. Tulinius og Hallgrímur Jónsson fyrri félagi minn til Hafnar og vorum við oft saman.

Í apríl lagði ég svo af stað heim aftur með litlu gufuskipi, sem hét Rjukan fullu af vörum og farþegum. Við fengum gott veður og áttum að vera komnir undir land snemma á annan í páskum. Var þá bjart yfir, logn og sólskin, en þoka slæddist með sjónum. Við fórum þá að heyra smá gutlanda í kringum okkur og gátum ekki skilið hvernig á því staði þar til við sáum ísjaka. Leizt þá skipstjóra ekki á blikuna og vildi bíða þar til að birti. Rétt á eftir sáum við efst á Gerpinn gegnum þokuna. Var svo strikið tekið milli Seleyjar og lands. Ég var þaukkunnugur á þessum slóðum og var uppi hjá skipstjóra því þokan var þá biksvört. Við héldum áfram með hægri ferð þar til við fundum Reyðarfjarðardjúpið. Var þá snúið inn í fjörðinn. Á móts við Karlsskála sluppum við inn úr þokunni og varð þá skipstjóri glaður. Klukkan 3 komum við á Eskifjörð og var þá þessari fyrstu utanför minni lokið. Fór ég svo heim um kvöldið.

Ég var alltaf háflslappur eftir veikindin og fann öðru hverju til gigtar í liðamótum. Ég þorði því ekki að leggja í að stunda sjó á róðrabát um sumarið. Svo þegar Carl A. Tulinius bað mig að vera hjá sér við verzlunina á Fáskrúðsfirði næsta ár tók ég því boði og rédst hjá honum.

Á Fáskrúðsfirði

Snemma í maí kom ég til Fáskrúðsfjarðar. Var þá Carl Tuliníus látinn byrja að byggja nýtt íbúðar- og verzlunarhús úti á Tanga, sem svo var nefnt. Verzlunarhúsið hafði til þess tíma verið inn við fjarðarbotn, en þar var svo útgrunnt, að ómögulegt var að hafa þar skipabryggju. Var unnið að þessari húsasmíði um sumarið og flutt þangað um haustið.

Það hafði lengi verið norðanátt og voru því engir Fransmenn komnir þangað. Snerist vindur svo til austurs og kvöldið eftir er við fórum að sofa sáust fyrstu skipin úti í firðinum. Um nóttina kl. 3-4 vöknudum við við köll. Ég leit út um gluggann, var þá komin röð af Fransmönnum kringum húsið og kölluðu: Kaupmann, kaupmann! Þeir voru hver með sinn pinkil, brauð, olíuföt, blýlód, strengi o.fl. Það var ekki um annað að tala en að fara á fætur og byrja að verzla við þá. Var þá fjöldi af fiskiskútum kominn á höfnina.

Það fyrsta, sem þeir gerðu, er þeir voru lagztir og búnir að ganga frá seglum, var að fara í land, þar sem lækur var, mátti sjá þá leggjast þar niður, hlið við hlið og drekka vatn svo að segja, í það óendanlega. Vatnið sem þeir höfðu með sér frá Frakklandi var orðið þriggja mánaða gamalt og úldið. Það var haft í trétunnum. Annars drukku þeir létt öl, sem nefnt var Sider og vissan skammt af rauðvíni. Fékk hver maður einnig með mat lítinn skammt af koníaki daglega. Það virtist, að hásetar allir væru bláfátækir. Ég hefi aldrei séð slíkan búning á mönnum eins og á sumum þeirra. Þar mátti oft sjá menn í bláum buxum með rauðum eða hvítum bótum, sem saumaðar voru utan á með þræði af þriðja litnum og nálsporin í stærra lagi. Einn sá ég, sem hafði búíð sér til húfu úr tveimur sjóvettlingum og stóðu þumlarinir, sinn út úr hvorri hlið, eins og eyru á hundi.

Þessi Fransmannaverzlun var mikil á nóttunni, fullt eins mikil og á daginn. Það sem þeir voru að bjóða var óefað stolið frá skipinu og gátu þeir ekki komist í land með það fyrr en yfirmennirnir voru sofnaðir. Oft kom fyrir, að þegar við komum á fætur, lágu nokkrar tunnur með brauði og kartöflum á bak við verzlunarhúsið. Liðu svo máske nokkrir dagar þar til einhverjir komu og spurðu, hvort við hefðum ekki orðið varir við tunnur með þessu eða öðru merki. Var svo byrjað að taka út á innleggið. Fyrst var spurt um sokka og vettlinga. Þar næst um þýskan glysvarning, sem þeir sóttust mikið eftir. Það var oft mikill hagnaður af þessum viðskiptum, þó þau væru hálfortryggileg. Eitt sinn kom einn til mín og bauð mér olústakk skósiðan. Hann vildi fá fyrir hann eitt pund af kaffi og einn pakka af eldspýtum. Kaffið kostaði þá 60 aura pundið og eldspýturnar 15 aura. Þessi olústakkur var seldur um haustið á 18 krónur. Yfirmennirnir voru yfirleitt príðmennir. Þeir verzluðu opinberlega. Lögðu inn í reikning, brauð, kartöflur, strengi, blýlód o.fl. Þeim var borgað visst verð fyrir hverja tegund og reiknaðar svo vörurnar með búðarverði á móti. Það var mikið, sem barst að verzluninni af þessum vörum, sérstaklega brauði. Við vörutalningu um veturinn, áttum við óseldar milli 20 og 30 tunnur. Var þó keypt mikið af því, sérstaklega af sjómönnum, sem lágu til vers. Það var selt á 25 aura pundið. Um 40 fiskiskip voru þarna þetta vor. Það var því oft mannmargt í landi. Friðsemdarmenn voru þessir Fransmenn og kom sjaldan fyrir, að nokkur illindi yrðu, en svo voru þeir þjófgefnir, að þeir stálu öllu sem hönd á festi. Á veitingahúsum varð t.d. að gæta þess vandlega þegar þeir drukku kaffi, að þeir tækju ekki með sér allt, sem þeir gátu af því sem þar var. Bolla, diska, rjómakönnur, sykurkör, borðdúka o.fl. Yfirmennirnir

voru lausir við þennan löst. Og ef maður vissi frá hvaða skipi þeir voru, sem stolið höfðu, þurfti oft ekki annað en segja skipstjóranum frá því og sá hann þá um, að þýfinu væri skilað aftur.

Málið, sem almennt var notað var sannkallað hrognamál. Það var aðallega sambland úr hollenzku, ensku og dönsku. Það spaugilegasta var þó, að Íslendingarnir héldu, að þetta væri franska en Fransmennirnir, að það væri íslenska. Þó voru þarna einstaka Íslendingar, sem töluðu ótrúlega vel frönsku. Þetta voru þó bændur, sem aldrei höfðu gengið í skóla. Man ég sérstaklega eftir einum Jóni frá Brimnesgerði. Þegar hann var að tala við Fransmennina gat maður ímyndað sér, að hann væri einn af þeim, því allar hreyfingar og svipbrigði voru alveg eins og hjá Frökkum þegar þeir tala. Við urðum vel kunnugir mörgum af skipstjórunum og vorum oft í boði hjá þeim um borð. Var þá veitt allt það bezta, sem til var og var auðséð, að sumir þeirra höfðu búið sig undir þetta er þeir fóru að heiman. Enda komu sömu skipin þarna ár eftir ár. Skipstjórnarnir, sem verzlauð var við komu oft í heimsókn á hverjum degi og varð þá ávalt að veita þeim eitthvað. Það var því töliverður kostnaður, sem fylgdi þessum viðskiptum.

Örum & Wulff höfðu þá í nokkur ár haft fasta verzlun á Fáskrúðsfirði og munu þessi Fransmannaviðskipti hafa verið svipuð hjá þeim og okkur. Guðmundur Jónsson mágur Ottó Wathnes var þá nýbyrjaður að verzla þar. Verzlunarstjóri hjá Örum & Wulff var Karl Guðmundsson á Fáskrúðsfirði en Stefán bróðir hans á Djúpavogi. Karl var giftur Petru Jónsdóttur, frænku minni og voru þau hjón annáluð fyrir höfðingsskap og gestrisni. Rígur var enginn milli verzlananna. Allir, sem við þær unnu umgengust hverjir aðra eins og ein fjölskylda. Það var því oft glatt þar á hjalla og heimboð sitt á hvað.

Um haustið og fram á vetur var mikil síldveiði á Fáskrúðsfirði, þó enn meiri á Reyðarfirði. Þá var það einn dag, að ég bað Carl húsbónda minn að lofa mér að skreppa heim í snögga ferð. Hann sagði sér kæmi það vel, því hann þyrfti að koma áriðandi bréfi til útlanda í skip, sem væri statt á Reyðarfirði að taka síld fyrir föður sinn. Ég skyldi því taka mér far yfir firðina á sinn kostnað til að vera viss um að ég næði í skipið á Eskifirði. Ég lagði svo af stað gangandi á Hrossadalsskarð, en þegar þangað kom, sá ég að norðanstormur var á Reyðarfirði og ekki tiltök að komast sjóleiðis. Það var því ekki um annað að ræða, en að ganga inn fyrir Reyðarfjörð og Eskifjörð. Ég hélt því áfram eins hratt og ég gat. Þegar ég kom á Sléttuströnd, sunnan Reyðarfjarðar, fór skipið þar fram hjá áleiðis til Eskifjarðar til að fá undirritaða pappíra. Ég fékk mig settan yfir Reyðarfjörð frá Hrúteyri. Stanzaði ég þar ekkert og hélt áfram til Eskifjarðar. Gangfæri var gott og mátulega svalt, en hvassviðri á móti. Ég hafði stanzað á tveimur bæjum á leiðinni, Berunesi og Sómastöðum, til þess að fá mér að drekka. Þegar ég kom á Eskifjörð, lá skipið þar ennþá. Ég fór inn í Útkaupstaðarbúðina og var mér sagt þar, að skipstjóri væri inni hjá Tuliniusi að kveðja. Ég settist þarna niður því ég var orðinn þreyttur. Eftir fáar mínútur kom skipstjóri fram í búðina, á leið sinni um borð. Ég afhenti honum bréfið og þótti mér vænt um að hafa getað gert Carli þennan greiða. Hann átti það skilið af mér, því ekki var hægt að hugsa sér betri húsbónda en hann var.

Mikill fiskur fylgdi síldinni eins og endra nær. Þennan vetur var fiskað á Fáskrúðsfirði fram eftir öllum vetri. Línurnar voru lagðar fram undan þorpinu og stundað af tveimur mönnum á séktum. Flestar eða allar þessar séktur höfðu frá 30-50 skippund eftir vertíðina. Wathne hafði þá nótaglag á Fáskrúðsfirði og skip, sem

Cimbria hét, sem flutti síld í ís til Englands. Skip þetta var rúma viku í hverri ferð og var því opt á Fáskrúðsfirði.

Þennan vetur var mokfiski á Berufirði, svo þar var orðið saltlaust. Var þá Cimbria fengin til að flytja 300 tonn af salti til Djúpavogs. Skipið átti að koma til baka daginn eftir og fór því margt fólk með henni að gamni sínu til Djúpavogs. Þegar þangað kom, var slegið upp veizlu fyrir gestina, meira að segja farið í reiðtúr inn að Teigarhorni. Því Stefán Guðmundsson hafði þar bú. Að endingu var svo dansað fram undir morgun. Þegar lagt var á stað heimleidis og skipið var komið út í miðjan voginn, kom hundur þjótandi upp á þilfar, stökk í sjóinn og synti í land. Á leiðinni uppgötvaðist, að tveir aðrir hundar voru um borð. Skipverjar höfðu stolið þrem hundum í landi. Þeir voru svo settir á land á Fáskrúðsfirði og maður látinn fara með þá áleiðis suður aftur. Þetta voru allt góðir fjárhundar.

Um sumarið átti að selja á uppboði á Eskifirði skip, sem Carl átti part í. Hann þurfti sjálfur að vera þar við staddur. Hann vissi, að mig langaði til að koma snöggvast heim og bauð mér því að fara með sér. Við útvegudum okkur hesta og var ákveðið að leggja af stað kl. 6 næsta morgun yfir Hrossadalsskarð að Hafranesi. Þetta er tveggja tíma leið, og fara svo sjóleiðis þaðan. Maður var sendur af stað kl. 4 til að ná í hestana. Það dróst, að hann kæmi. Loks kl. 8 kom hann með annan hestinn. Ég gat því ekki farið. Mér þótti slæmt að missa af ferðinni. Þegar Carl var farinn datt mér í hug að fara gangandi yfir fjallið. Fór ég í næsta hús og fékk lánaða íslenzka skó og lagði af stað yfir Guðrúnarskörð, sem ekki eru fær nema gangandi mönnum. Ég gekk rösklega, því ég var léttur til gangs á þeim árum og var rúman klukku tíma á leiðinni að Berunesi við Reyðarfjörð. Vildi þá svo vel til, að maður þaðan var að leggja af stað til Eskifjarðar. Hann skaut mér í land við Svínaskála. Er ég var nýkominn heim, sá ég bát koma siglandi frá Hafranesi. Ég þóttist vita, að þetta væri bátur með Carl og hugsaði mér að verða á undan honum á Eskifjörð. Ég stóð á bryggjunni þegar hann kom þar og hefi ég aldrei séð mann verða jafn undrandi og hann varð. Hann starði lengi á mig eins og hann tryði ekki sínum eigin augum. Við fórum svo aftur suður með gufuskipi daginn eftir.

Mikið af sunnlenzku kaupafólki var þá hér á sumrin. Um haustið var gufuskipið Rjukan látið fara með þetta fólk suður. Rjukan kom einnig á Fáskrúðsfjörð og tók þar margt fólk. Ég var látinn fara með sem nokkurs konar fararstjóri. Átti ég að taka á móti fargjöldum og borga af þeim kaupafólki því, sem Carl Tulinius hafði tekið að sér að borga, fyrir nokkra viðskiptamenn sína. Skipið var yfirfullt þegar farið var frá Fáskrúðsfirði af kaupa- og skólafólki. Engar vörur voru í lestinni og var raðað í hana fólk eins og plássið frekast leyfði.

Nokkru áður en komið var til Vestmannaeyja, ætlaði ég að fara að afhenda farseðla, en Vestmannaeyingar neituðu að borga, fyr en þeir færu í land. Mér leizt ekki á þetta, því orð lék á því, að margir slyppu í land án þess að greiða fargjald. Ég ráðgaðist við skipstjóra um, hvað gera skyldi og kom okkur saman um að tilkynna, að ef ekki yrði borgað strax, yrði siglt með alla farþega til Reykjavíkur. Þetta dugði. Allir komu og borguðu.

Sem farþegi var með skipinu Niels Lilliendal verzlunarmaður á Fáskrúðsfirði. Leiðsögumaður var Brynjólfur Jónsson frá Eskifirði, því skipstjórinn var alveg ókunnugur við Suðurland.

Endurminningar Árna Jónassonar

Við komum í myrkri um kvöld til Reykjavíkur. Stór uppskipunarbátur kom út að sækja fólk. Var þessi bátur fyrst fylltur af farangri, langt upp fyrir hástokka og fólkinu síðan hrúgað þar ofan á. Vindur var af landi, en aðeins tveir gátu róið. Það tók því langan tíma að komast í land. Flutningsgjald var 35 aurar fyrir manninn og sama fyrir hvert stykki, er hann hafði meðferðis. Þegar í land kom fóru skólapiltar með okkur Lilliendal á Hótel Ísland og var þar beðið um öl til að drekka skilnaðarskálina. Þar bættust fleiri í hópinn. Þar á meðal Einar Benediktsson skáld og Þórður Pálsson síðar læknir, svo að úr þessu varð töluvert sumbl. Ég fór brátt að sofa, því ég þurfti að ljúka nokkrum erindum í Reykjavík, en skipið átti að fara þaðan um hádegi daginn eftir. Ég vaknaði seinnipart nætur og heyrði þá, að hinir voru enn að syngja. Við Lilliendal vorum komnir um borð á réttum tíma og var svo lagt á stað heimleiðis. En lítið hafði ég séð af Reykjavík í þetta skipti.

Fáir bændur voru þá efnaðir í Fáskrúðsfirði, enda var sagt, að margir þeirra stunduðu meira Fransmennina en búskapinn á vorin.

Sá, sem helzt var hafður á orði sem góður bóndi, var Björn Stefánsson í Dölum, faðir séra Stefáns á Eskifirði. Annars stunduðu þeir meira sjóinn en landbúnað. Kirkjan var þá úti á Kolfreyjustað og var þá sóknarprestur og bóndi þar séra Jónas Hallgrímsson frá Hólumum. Hann flutti þangað eftir að hafa verið nokkur ár á Skorrastað í Norðfirði.

Á þessum árum var Búðarorp í Fáskrúðsfirði að myndast. Það var því fremur fámennt þar, líklega innan við 200 manns, en fólk var mjög viðkynnilegt og skemmtilegt og var því gott að vera þarna. Carl Tulinius var góður maður. Fjörmaður mikill og vildi hafa gleðskap í kringum sig. Hann hafði eignast marga vini á ferðalögum sínum, sem heimsóttu hann þegar þeir voru á ferð og var því oft gestkvæmt hjá honum. Hann var svo góður við okkur, sem undir hann vorum gefin, að við vildum allt fyrir hann gera. Hann dó á bezta aldri.

Takið gæsina meðan hún gefst

Ef þessi málsháttur á nokkursstaðar við þá er það ekki sízt um loðnugöngur á vorin, hér við Austurland. Þær koma oftast með litlum fyrirvara og hverfa á sama hátt.

Það var í kring um aldamótin síðustu, að ég snemma í apríl frétti á skotspónum, að mikið hefði sézt af hnísunum og fugli við Vattarnestanga og taldi ég víst, að fiskur væri með þessari göngu og ákvað strax að fara út á Vattarnes. Ég hafði ekki lausan nema einn mann, yngri bróður minn, því að hinir voru bundnir við skepnuhirðingu. Fór ég því strax inn á Eskifjörð að fá mér þriðja mann. Ég reyndi þar við marga sjómenn en engir vildu gefa kost á sér, sögðu það fjarstæðu að ætla að fara að liggja til vers í aprílmánuði. Seinast fekk ég mann, sem hét Þorsteinn Sæbjörnsson. Hann var heilsuveill, fekk stundum flog og var þá lengi að jafna sig aftur. Við bjuggum okkur í skyndi og lögðum af stað laust fyrir hádegi. Veður var gott, logn og blíða. Við áttum 3 pönnur af síld frá því um haustið geymdar úti á Vattarnesi og var það öll beitan. Þegar við vorum komnir langt áleiðis, kom að okkur hnísuvaða, náði ég þar einni og var það fyrsta hnísan, sem ég hafði fengið. Við beittum svo línurnar og höfðum innnyflin úr hnísunum með til helminga. Lögðum við línurnar um kvöldið og náðum þá í tvær hnísur í viðbót. Var þá kominn norðaustan vindur. Í þeirri átt eru oft vindaskil við Vattarnes og sémilegt sjóveður, þó að hvassviðri sé á fjörðinn og úti fyrir. Er skemmst af að segja, að við hlóðum bátinn þarna á hverjum degi í sex daga. Sama veðrið helzt alltaf en engar fregnir bárust af þessu fiskiríi á Eskifjörð. Nú var beitan búin og okkur farið að vanta ýmislegt og farið að lygna. Við heldum því heim á leið, en þegar kom inn í fjörðinn, var þar ennþá svo mikill vindur, að við urðum að setja upp í Breiðuvík og ganga þaðan.

Þegar Þorsteinn kom á Eskifjörð um kvöldið og sagði fréttirnar, að við hefðum fengið 12 skpd. af fiski og sjö hnísur, ruku allir sjómenn upp til handa og fóta, drifu sig út daginn eftir, en þá var gangan gengin hjá. Þeir komu svo heim aftur eftir fáa daga og höfðu ekkert fengið.

Vorið 1906 fór mótorbátur af Eskifirði í róður til reynslu snemma í apríl. Hann fiskaði lítið, fór líklega of langt út. Þegar hann kom til baka, sáu bátverjar töluvert af hnísunum við Vattarnestanga. Við höfðum þá fengið mótorbát sumarið áður og stóð hann uppi á landi. Þegar við fréttum af göngunni, settum við bátinn fram, sóttum inn á Eskifjörð tvær pönnur af síld, sem við áttum þar og beittum þeim á nokkrar línur.

Morguninn eftir kl. 4 var haldið af stað og vorum við sex sem fórum í róðurinn og höfðum með okkur skektu. Áformið var, að ég ásamt öðrum manni, átti að eiga við hnísur, meðan hinir færu með línurnar lengra út. Þeir slepptu okkur við Vattarnestangann og fórum við strax að leita, en sáum enga hnísu. Seinast ákváðum við að fara til reynslu norður yfir fjörð og vita um, hvort þar væri nokkuð. Var þar fullt af hnísunum og vorum við eftir stutta stund búnir að fá tíu, en skektan bar ekki fleiri í einu. Rerum við svo suður að Vattarnesi, sem er klukkutíma róður, til að losa okkur við hnísurnar. Drukkum við þar kaffi og heldum svo norður aftur og fór þá alveg á sömu leið. Í þetta skipti borðuðum við á Vattarnesi og töfðum töluvert, heldum svo norður í þriðja skiptið og vorum búnir að ná fjórum hnísunum, þegar báturinn kom að taka okkur kl. 4. Báturinn kom með 7 skpd. af fiski og við vorum búnir að fá 24 hnísur. Þetta var því góður róður. Gátum við selt allar hnísurnar og

Endurminningar Árna Jónassonar

höfðum tryggt okkur nokkuð af beitu með öllum görnunum úr þeim, sem við frystum. Hefði báturinn verið þarna hjá okkur, þar sem hnísurnar voru, og getað tekið við þeim jafnóðum, tel ég víst, að þar hefði verið hægt að fá 100 hnísur yfir daginn með einni byssu, því að þær voru svo gæfar, að varla þurfti að hreifa ár og nóg var af þeim.

Engir aðrir bátar innan úr firði náðu nokkru úr þessari göngu, enda var hún horfin eftir fáa daga.

Í síldarleit

Það mun hafa verið á árunum eftir 1910, kringum mánaðamótin júlí og ágúst, að algert beituleysi var orðið við Eskifjörð og Reyðarfjörð. Síld frá því um haustið var búin og engin síld hafði gengið í fjörðinn. Fréttist þá einn dag, að síld væri komin í Seyðisfjörð og hefðu net, sem lágu inni í fjarðarbotni, fyllt af síld um nóttina. Þá var fjöldi af mótorbátum á Eskifirði og fóru þeir flestir eða allir af stað til Seyðisfjarðar með net. Við frá Svínaskála fórum einnig. Það var því töluverður floti, sem fór í þennan leiðangur. Þegar kom norður í Norðfjarðarflóann, stanzaði vélin í okkar bát, Laxinum og tafði það okkur svo lengi, að þegar við komum fyrir Dalatanga, voru allir hinir bátarnir horfnir inn í Seyðisfjörð og var áformið að fara þangað á eftir þeim. Ég var uppi á þilfari og athugaði vel, hvort nokkuð líf væri á sjónum, því að veður var stillt og bjart. Tók ég þá eftir grárri móðu, sem bar lágt við fjöllin hinumegin fjarðarins. Mér þótti þetta einkennilegt og ákvað því að grennslast eftir þessu. Við breyttum því stefnu og heldum þvert yfir fjörðinn. Þegar nær kom, sást, að þetta var hvítfugl og er við komum upp undir landið, var sjórinn í einu löðri af síld, sem var að elta síli. Allt var á hraðri ferð út með landi. Við drifum netin út í flýti og eftir dálitla stund sáum við, að síld var komin í þau. Klukkan hefir líklega verið um níu um kvöldið, þegar við komum þarna, en um miðnætti var allt líf horfið og síldin gengin fram hjá. Við fengum 17 tonn af síld í netin, en hinir bátarnir, sem fóru inn í fjörðinn, fengu ekkert. Hefði nú ekki þessi litla vélarbilun komið fyrir hjá okkur, hefðum við að líkindum fylgzt með hinum bátunum inn í Seyðisfjörð eða ég ekki tekið eftir þessari móðu við fjöllin fyrir utan Brimnes. Þannig geta smáatvik oft haft töluverðar afleiðingar í för með sér, því að með þessari síld fengum við beitu í eina 20 róðra.

Á þessum árum var mikið til af síldarnetjum hjá flestöllum útgerðarmönnum. Það var því oft farið með reknet í síldarleit ef fréttist, að síld hefði sézt einhversstaðar norðurfrá. Stundum hafðist töluvert upp úr þessum túrum.

Af landnótum og öðrum útbúnaði til síldveiða var einnig mikið til og var oft mikil veiði, eftir að síld var gengin í fjörðinn t.d. sumarið 1909. Þá voru frá Eskifirði einum fluttar út 18.500 tonn af pakkaðri síld frá fjórum nótalögum. Eftir að hætt var að nota landnætur en öll síldveiði byggð á herpinótum, má næstum segja, eð síldveiði væri úr sögunni hér á Austfjörðum, þó að mikil síld gengi í firðina á sumrin og var margt, sem kom til greina. Það var takmarkað, sem hægt var að veiða í einu, því að allir komu með síldina á sama tíma, stundum að nóttu til en hvorki útbúnaður í landi né nægilegt fólk til að verka hana. Svo liðu oft margir dagar sem engin veiði var. Einnig tafði það fyrir verkuninni, að síldin var full af átu, svo að ætti að gera úr henni útgengilega vöru, varð að magadruga hana, en þetta spillti útliti hennar, því að kviðurinn var útþaninn af átunni og lagðist saman í fellingar, þegar búið var að taka magann. Hún var líkust slægðum fiski. Einnig kom það fyrir, þegar síldin var að ganga í fjörðinn, að farið var á móti göngunni og hringlað þar á mótorbátum, þar til búið var að snúa henni við út aftur, en fyrir utan fjarðarmynnið var ekki hægt að veiða fyrir straum. Af öllu þessu varð afleiðingin sú, að veiði varð lítil. Árin 1930 og 31 veiddust á Eskifirði aðeins rúml. 5 þús. tonn hvort árið. Fyrra árið voru um þessa veiði fjögur nótalög en seinna árið sex. Var þó mikil síldarganga, sérstaklega annað árið.

Við landnótaveiðina var aðferðin allt önnur. Eftir að sumarsíld var gengin í fjörðinn, gekk hún ætíð upp að landi nokkra daga í röð en fór svo í dýpið og helt sig þar í máske viku eða lengur, áður en hún kom aftur að landi. Meðan síldin var við land, var fest af henni í nætur allt, sem hægt var, svo að þegar hún hvarflaði frá, var nóg að gera að taka upp og salta dag eftir dag. Þegar síldin var búin að vera 3 til 5 daga í nótinni, var hún orðin átulaus og þurfti því ekki annað en kverka hana í saltið. Bátarnir voru oftast komnir um fótaferð á morgnana með síldina og var svo saltað allan daginn. Næturnar voru tæmdar og tilbúnar, næst þegar síldin kom að landi. Þessi landnótasíld var mikið fallegri og útgengilegri vara en herpinótasíldin, því að jafnóðum og átan tæmdist úr henni, skropp kviðurinn saman og varð þykkur. Þessi breytta aðferð við sumarsíldveiði gerði því ekki annað en baka Austfjörðum stórtjón. Nú er allur útbúnaður til landnótaveiði horfinn, næturnar seldar burtu eða eyðilagðar, varla að síldarnet séu til nema hjá einstöku mönnum. Nú stóla allir útgerðarmenn upp á að fá keypta alla beitu, en það gengur oft misjafnlega og dýr þykir hún, þegar hún fæst.

Í þessu sambandi vil ég geta þess, að þau ellefu ár, sem Laxinn var gerður út hér frá Svínaskála, keyptum við sama sem enga beitu, nema þá helzt loðnu, þegar hún veiddist. Við veiddum sjálfir síldina í net og fengist hún ekki hér í firðinum, fórum við á aðra firði með reknet, ef þar var von um síld. Af þessu leiddi, að við höfðum oft beitu, þegar aðrir voru beitulausir. Ég man eftir, að við fengum t.d. einu sinni góða veiði á Fáskrúðsfirði, annað skipti í Mjóafirði, þriðja skipti út af Norðfjarðarhorni. Eitt skipti vorum við tvo daga fyrir norðan Glettinganes með reknet, en fengum lítið af síld, en góðan handfærafisk. Dálítið ís- og frystihús höfðum við hér heima, sem nægði okkur yfir vertíðina. Var því beitan alltaf við hendina, hvenær, sem þurfti að grípa til hennar. Fiskinn verkuðum við mestallan sjálfir. Það var því margt, sem hjálpaðist að til að gera þessa útgerð arðsama.

Árið 1909 var fiskur tregur, þegar kom fram á sumarið. Helzt var dálítill reitingur fyrir utan Hvalsbak. Hinn 31. júlí komum við þaðan úr ródri með fremur lítinn fisk. Beið okkar þá á bryggjunni Torger Klausen, útgerðarmaður á Eskifirði. Erindi hans var að fá okkur í félag til að taka á leigu nótubrúk sem Lemkuhl í Bergen átti á Eskifirði. Lemkuhl vildi fá hlut eftir veiðarfærin og bauðst til að kaupa af okkur síldina upp úr sjónum og borga söltunarkostnað að öllu leyti. Áttum við að sjá um síldina og flytja hana í skip. Við fellumst á þetta og byrjuðum strax að hreinsa upp, stokka upp línur og ganga frá öllu. Morguninn 1. ágúst fluttum við svo á Eskifjörð og fórum að undirbúa útróður. Um kvöldið var allt tilbúið og tvær nætur komnar í báta. Var svo lagt af stað og köstuðum við báðum nótunum þetta kvöld og fengum að mig minnir 300 tonnur í hvora nót. Veiðin gekk ágætlega fram í september. Við komum heim aftur síðast í þeim mánuði og vorum þá búnir að ganga frá öllu aftur og útskipa allri síldinni, sem var 4200 tonnur. Hlutur á mann varð 700 krónur fyrir þessa tvo mánuði og þótti það ágætt, því að mánaðarkaup var þá 100 til 150 krónur [á mánuði].

Þorskanet og stauranót

Árið 1916 varða að rífa niður bæinn hér og byggja upp aftur Gat ég því ekkert fengizt við sjó það ár. Ég seldi því meðeiganda mínum Halldóri Jónssyni minn part í Laxinum, en Símon bróðir minn hafði þá flutt á Eskifjörð fyrir nokkru og selt okkur sinn part.

Við byrjuðum við húsbygginguna snemma um vorið og vorum fimm við það fram undir haust. Voru þá húsin orðin foheld. Eftir það vorum við tveir við innréttingu og gátum flutt í íbúðarhúsið skömmu fyrir jól.

Eftir þetta fekkst ég ekkert við mótorbátsútgerð heldur stundaði sjó með öðrum manni í firðinum, bæði þorsk og síldveiði í net og gekk það oft vel. Einstöku menn hér áttu þorskanet og fengu stundum dálítið í þau seinni part vetrar hér inni í firðinum. Ég náði mér því í nokkur net en lítið fekkst í þau þar til vorið 1925, að ég fór til vers með þau út að Vattarnesi. Þar veiddist svo vel, að ég bjó mig betur út fyrir næsta ár og hafði þá tvær trossur 150 faðma langar hvora. Það vor var mikil ganga og fengum við fyrstu dagana meðan smástreymt var tvær hleðslur á dag. Oft urðum við að byrja að seila, þegar búíð var að draga hálfu trossu. Seilina bundum við svo við seinna bólið, þar til við vorum búnir að losa okkur við netin. Einn daginn fekk ég 800 af vænum þorski Handfærafiskur var ágætur en hann var smærri. Netin höfðum við innan við tangann, en í stórstrauma urðum við að flytja þau lengra inneftir og fekkst þá lítið í þau. Svo gengu úr margir dagar vegna óveðra. Samt fengum við þetta vor 30 skpd. á þrem vikum eða mánuði. Næstu vor var ég þarna með þorskanet en það lukkaðist ekki eins vel, enda voru þá sama og engar göngur, en ég komst að raun um, að oft mátti fá dágóðan reiting í þorskanet þarna, þó að ekkert fengist á önnur veiðarfæri.

Að stunda þorskanet á Vattarnesi er sú léttasta sjósókn, sem ég hefi tekið þátt í, því að ekki var nema 10 mínútna róður á netin og ekkert að gera í landi nema koma fiskinum í salt.

Árið 1928 fekk ég frá Danmörku stauranót með tilheyrandi staurum. Ég gekk frá þessari nót við Skeleyri norðan við Hólmanes og hafði hana þar í tvö ár, meðan hún var sterkust. Nótin Stóð mér í rúmum 5000 krónum, þegar ég var búinn að ganga frá henni. Það var snemma í maí, sem nótin var lögð og byrjaði strax að veiðast í hana smásíld, sem seldist jafnóðum til beitu. Eftir að kom fram í júnímánuð gekk mikið af stórsíld í fjörðinn. Fylltist þá nótin svo af síld, að ég varð nokkrum sinnum að hleypa út úr henni, svo að síldin dræpist ekki sökum þrengsla, en ekkert var við síldina að gera nema til beitu, því að hún var ekki nógu feit til að salta hana og engar bræðslur þá hér eystra. Salan gekk því tregt, því að víða veiddist nóg til beitu. Ég seldi síld úr nótinni fyrir rúmar 3 þús. krónur en hefði ég getað selt allt, sem í nótina kom þetta sumar, þó að ekki hefði verið nema fyrir 3-4 krónur tunnuna, hefði ég að líkindum fengið nót og reksturskostnað borgað.

Stauranót er það bezta veiðarfæri sem ég þekki til að tryggja sér daglega beitu, því að þó varla verði vart í síldarnet, getur safnast saman yfir daginn í nótina næg beita fyrir einn bát. Allt, sem syndir með ströndinni í nágrenninu út á 6-7 faðma dýpi fer í nótina og ratar ekki út aftur. Þar kennir því oft margra grasa, meira að segja eru þar stundum selir og hnísur. Einnig eru þar oft fiskar, sem menn búast ekki við að sjá hér svo sem kolkrabbi og lax. Annar kostur við stauranót er það, að maður er alltaf viss með nýja soðningu og hefir úr fleiri tegundum að velja.

Endurminningar Árna Jónassonar

Það er vont og erfitt verk að ganga frá nótinni á vorin og þarf mikinn útbúnað til þess. Staurarnir eru frá 25 til 65 feta langir og 8 til 10 þumlungar í þvermál í neðri endann. Þessa staura verður að reka niður í botninn um 6 fet, ef botn er hæfilega mjúkur, annars þola þeir ekki átökin frá nótinni. Eftir að búið er að ganga frá nótinni er þægilegt verk að stunda hana. Þó að t.d. séu teknar úr henni einar 10 tunnur, er það ekki nema einnar klukkustundar verk fyrir tvo menn. Nótina verður að taka upp og þurrka af og til, annars lokast möskvarnir af gróðri og slýi. Þar sem hætta er á lagis, verður að taka staurana upp á hverju hausti. Góðir staðir fyrir staursnót eru ekki auðfundnir. Þar má ekki vera straumur og mikil kvika má ekki ná þar að. Botninn þarf að vera hæfilega mjúkur, sömuleiðis þarf hallinn að vera hæfilegur. Þó að nótin sé vel hirt, endist hún ekki nema í mesta lagi 5 ár og þó með töluverðum viðhaldskostnaði.

Oft fekk ég í nótina mikið af smáfiski, upsa og öðru, sem ekki var not fyrir og var því sleppt aftur lifandi, ef nokkur tók voru á. Straumur reyndist of mikill við Skeleyri og varð ég því að flytja nótina þaðan og veiddi ég mikið minna í hana eftir það. Árið 1940 seldi ég nótina og hefi ekkert fengizt við sjó síðan.

Með Flóru

Í febrúar 1915 fór ég með Flóru eign Bergenska gufuskipafélagsins til Bergen á leið til Kaupmannahafnar. Við fórum frá Fáskrúðsfirði fyrripart dags og höfðum bezta veður. Ég var eini farþeginn frá Íslandi. Um nóttina komum við í þokubakka og um morguninn kl. 9 þegar við komum út úr honum, kom enskur bryndreki á eftir okkur. Hann gaf engin merki um að stanza en sneri til baka aftur inn í þokuna. Tveim tímum seinna kom stórt línuskip suðvestan úr hafi þvert í veg fyrir okkur og stöðvaði okkur. Kom svo um borð fyrirliði, sem rannsakaði pappíra, en við þá var víst ekkert að athuga, en hann vildi ekki leyfa okkur að koma við í Færeyjum nema að fengnu leyfi herstjórnarinnar í London. Lágum við svo þarna í 6 klukkutíma og biðum eftir þessu leyfi. Blíðalogn var og sólskin og landsýn af Færeyjum. Þetta varðskip lá alltaf við hliðina á okkur í á að gizka 100 faðma fjarlægð og stóðu þar tveir menn sinn við hvora kanónu og stefndu þeim á Flóru miðja. Ef Flóra snerist eða færðist til, færði það sig til á eftir henni. Loks kom leyfi til að við mættum fara til Færeyja, ef við færum þaðan racleitt til Lerwick á Hjaltlandi (Shetlandseyjum). Við heldum svo til Færeyja, tókum nýjan fisk í ís í Fuglafirði og þaðan til Þórshafnar. Komu þar um borð sem farþegar Ditlev Thomsen, sem þá var búsettur í Kaupmannahöfn og tveir Færeyingar Sverrir Paturson og Johansen bátasmiður. Var síðan haldið af stað til Hjaltlands og skipti ekkert varðskip sér af okkur á þeirri leið. Þegar til Leirvíkur kom, lá þar í miðri höfninni gamalt herskip, sem gaf skipun um, hvar skipin, sem þangað komu, ættu að leggjast. Var þar fullt af allskonar skipum, sumum mjög stórum, sem voru búin að liggja þarna síðan í stríðsbyrjun. Þessi skip voru með bannvöru, sem kallað var. Pósturinn var strax sóttur um borð til okkar, því að hann átti að sendast til London til rannsókna. Enginn fekk að koma þarna í land, nema skipstjóri. Hann fekk að vera í landi tvo tíma á dag og var fluttur fram og aftur í litlum gufubát ásamt öðrum skipstjórum. Ekkert skipanna fekk að hafa bát á floti. Innsiglingin var girt með kafbátsneti og hefir það óefað verið þungt, því að bólin á því voru stórar tunnur hver við aðra, en lágu þó að mestu í kafi. Dyrnar á girðingunni voru þessutan varðar af tveim togurum með kanónur. Ég hefi áður lýst innsiglingunni þangað og höfninni og þarf því ekki að endurtaka það. Við biðum svo þarna í 5 eða 6 daga eftir póstinum og var skipstjórinn alltaf á nálum á meðan, því að hann vissi ekki fyrr en þangað kom að Ditlev Thomsen var þýzkur konsúll. Hann var hræddur um, að okkur gætu stafað vandræði af því, ef það kæmist upp. Við lögðum svo af stað frá Leirvík að morgni dags. Næsta morgun tókum við hafnsögumann úti fyrir skerjagarðinum við Bergen. Það var gaman að sigla gegnum skerjagarðinn. Yzt eru eyðihólmar, svo taka við stórar og smáar eyjar allar vaxnar gróði og á öllum stærri eyjunum hús, en leiðin inn til Bergen er víðasthvar þröng og hlykkjótt milli eyja og skerja og tók 3 klukkutíma.

Bærinn Bergen er aðallega á tanga, sem liggur í norður. Að vestanverðu er Bergensfjörður (Pudderfjorden) en að austan mjór vogur. Landmegin við voginn er aðeins mjó landræma, Þýzkaþryggja, tekur svo við snarbrött brekka upp á Flöjen og er þaðan dásamlegt útsýni yfir allan bæinn. Bílvegur liggur þarna upp í mörgum hlykkjum og er víða svo há hleðslan á neðri brún vegarins, að stór tré, sem standa fast við veginn ná aðeins með toppinn upp á móts við vegarbrúnina.

Brekkan er öll skógi klædd og hafði faðir skógarvarðarins, sem þarna var, plantað fyrstu trén í hana. Allir klettur, sem ég sá þarna voru úr silfurgráum steini mjög

grófgerðum, en hann virtist liggja í láréttum lögum, það mátti kljúfa hann eftir vild á þann veginn. Ég sá hellur úr honum, sem voru ekki meira en einn þumlungur á þykkt en tvær álnir á hvorn veg og voru jafnhliða. Þessutan var hann góður að vinna hann. Járnbrautarstöðin var byggð úr þessum steini og var það mjög falleg bygging að sjá. Það hafði geisad þarna stórbruni fyrir skömmu og var það ömurleg sjón að sjá þær rústir allar. Margir menn voru að slá upp skýlum fyrir húsnaðislaust fólk af brunasvæðinu.

Við Thomsen komum okkur fyrir á hóteli sem hét Hospitset. Húsakynni voru þar sæmileg, en þar hefi ég séð borinn minnstan mat á borð fyrir gesti. Meira að segja var borið fram svo lítið brauð, að menn þurftu alltaf að vera að biðja um meira. Við borðuðum fjórir við sama borð, Thomsen, ég, norskur liðsforingi og kaupmaður nokkur. Okkur fjórum var borin ein rjúpa. Liðsforinginn, sem líklega hefir verið kunnugur þarna, tók skipið af rjúpunni en við hinir þrír urðum að skipta hryggnum og lærunum milli okkar. Við spurðum stúlkuna, sem bar okkar matinn, hvort maturinn hefði alltaf verið sparaður svona. Hún sagði, að það væri nýbyrjað á því. Hluthöfunum hefði þótt græðast lítið á hótellekstrinum og hefðu því lagt fyrir, að matur og annað yrði sparað eins og frekast væri unnt. Við vorum þarna í 3 daga og sáum ekki eftir því að fara þaðan.

Klukkan 7 að morgni var lagt af stað með járnbrautinni til Osló. Fyrst er farið suður frá bænum dálítinn spöl og þar inn með mjóum firði. Brautin lá nokkuð uppi í fjallshlíðinni, sem er mjög brött. Fjöll þarna voru úr samskonar steini og ég sá í Bergen. Þóttu mér það einkennileg fjöll. Þar voru engin klettabelti heldur ein slétt brekka frá fjallsbrún og alla leið niður. Nokkrir hryggir voru í fjallshlíðinni. Þeir lágu upp og niður og fór lestin í gegn um þá, svo að dagsbirtan hvarf af og til. Skriða sást hvergi, en sprungur sáust á einstöku stöðum og lágu þær einnig upp og niður. Þær sáust langt að vegna þess, að upp úr þeim uxu birkihríslur upp undir brún. Þær stóðu í beinni röð.

Vagnalestin var löng og óefað þung, því að tvær eimreiðir gengu fyrir henni og gekk þó fremur hægt, því að hallinn er mikill á brautinni meðan verið er að komast upp á hálendið. Brautin liggur alls staðar uppi í fjallshlíðum og til þess að forðast snjóflóð er víða byggt yfir hana skúrþak, sem snjórinn rennur fram af. Jarðgöng eru mörg á leiðinni, mig minnir þau vera um 60 og eru Gravehalsgöngin lengst, mig minnir 5 kílómetrar. Þau liggja undir háfjallið. Snjór var svo mikill þarna uppi, að reykháfarnir á eimreiðunum náðu ekki upp fyrir brúnina á snjóveggnum báðumegin og þegar kom að háfjallastöðinni Finse, lá snjórinn þar upp að gluggum á annarri hæð á hótelinu. Miðdegisverður var borðaður þarna uppi og beið lestin á meðan. Nú fór að halla undan og fór lestin því með meiri hraða. Að komast þarna upp tók helminginn af tímanum til Osló en er ekki nema 1/3 af leiðinni. Þegar kom niður í Hallingdalinn, var farið að dimma og sást því ekkert nema ljósin í bændabýlunum. Klukkan 10 um kvöldið var komið til Osló. Þar dvaldi ég í fjóra daga. Sunnudag, sem ég var þar, var auglýst, að einhverjir skiðakappar ætluðu að sýna listir sínar uppi á Holmenkollen. Ég fór ásamt fjöldamörgum öðrum þangað, en þar var léleg skemmtun því að ekkert var í það varið, sem þar var að sjá. Sýning sú var víst eins og fleiri aðallega til þess höfð að ná peningum úr vösum annarra. Meðan ég dvaldi í Osló skrapp ég til Tönsbergs til að finna kunningja minn þar. Á leiðinni er farið í gegnum bæinn Drammen og eru þar stórar verksmíðjur, sem saga trén, sem fleytt er eftir Drammensánni. Timburstaflarnir voru eins og heil bæjarhverfi.

Tönsbergfjörðurinn er fullur af eyjum sem eru allar byggðar og gróðri vaxnar. Kunningi minn bjó á eyju utarlega í firðinum. Fór ég þangað á áætlunarbát, sem fór á milli á fárra tíma millibili. Í Osló bordaði ég á matsöluhúsum en hafði herbergi á hóteli. Þar virtist ekki notaður annar eldiviður til upphitunar en lélegur skógviður, sem funaði upp eins og hefilspænicr. Það þurfti því að vera að kveikja upp eldinn allan daginn, ef heitt átti að vera í herberginu, því að aldrei var komið með meira í einu en einu sinni í ofninn. Ég gat því ekki sjálfur haldið eldinum við, en kuldar voru töluverðir þessa daga.

Eftir þessa dvöl í Osló helt ég áfram með járnbrautarlest til Gautaborgar. Leiðin liggur suður með Oslófirðinum skammt frá sjó og er skerjagarður víðast fyrir utan ströndina. Þar er allt þakið skógi og gróðri niður að sjó en þar sem enginn skerjagarður er, sem hlífir landinu, er það bert og gróðurlaust nokkuð upp frá sjó.

Ég fór af lestinni í Gautaborg aðallega til að sjá fossana við Trollhättan, sem ég hafði svo oft heyrt talað um og mannvirkin, sem eru í sambandi við þá. Ég lagði því af stað morguninn eftir með járnbrautarlest þangað og er það um hálf tíma keyrsla. Þessi leið er ljómandi falleg. Það er keyrt inn sléttan dalinn, þar sem áin rennur lagn í miðju, en samhangandi akrar frá ánni upp í miðjar hlíðar. Þar tekur við stór skógur, sem klæðir allar hæðir og hálsa. Ég var svo heppinn, að í klefa með mér var ungur kaupmaður frá Gautaborg, sem hafði verið lengi við Trollhättan og bauðst hann til að koma mér á framfæri þarna, ef mig langaði til að skoða mig um og þáði ég það með þökkum. Lestin stanzaði í litlum bæ, sem er samnefndur fossunum og stendur á bakka vatnsins Vättern, þar sem Gautelfur fellur úr því. Fossarnir urðu mér vonbrigði. Áin rennur niður bratta brekku stall af stalli, svo að þar eru engir fossar eftir íslenskum mælikvarða heldur bara hávaðar, en vatnsmagnið er ógurlegt. Ég skoðaði skipastigann, sem þá var verið að ljúka við. Eftir honum átti að lyfta stórum skipum úr ánni niðri í dalnum upp í vatnið. Það var feikna mannvirki. Þærnar voru allar tómar og var það eins og að horfa niður í djúpt gljúfur að sjá þar niður. Þar var krökt af mönnum við að bora og sprengja. Næst skoðaði ég eina af elztu pappírsmiðjum í Svíþjóð. Hún var í löngu húsi, sem stóð með annan endann út í ána og var þar undir gólfi spjaldakarlar, sem annaðist alla hreyfiorku verksmiðjunnar. Okkur var fenginn maður til að sýna, hvernig framleiðslunni væri háttað og byrjaði hann úti, þar sem lágu haugar af trjábútum, álíka gildum og símastaurum. Þessir staurar voru bútaðir niður í smábúta 8-10 þumlar. langa. Var þeim síðan ekið inn í húsið, þar sem spjaldakarlinn var undir gólfinu. Þar inni var stórt járnker um einn meter á hæð með loki yfir. Þetta ker var líklega 3-4 metrar í þvermál. Utan á því allt í kring voru smáútskot með loki yfir. Í þessi útskot var bútonum stungið niður, en innan í kerinu var lárétt tannhjól, sem reif úr hliðinni á bútonum, en fjöður ýtti þeim að hjólinu. Svo komu þessar trjätrefjar fljótandi með vatninu út úr kerinu og fóru þá undir kvarnarsteinana, sem mörðu þær í mauk. Rann þetta mauk svo fljótandi í vatni niður í kassa á gólfinu. Var þá búíð að blanda í efni, sem var líkast steinull. Þessi kassi var um meter á breidd. Upp úr honum kom svo hallandi reim, jafnbreidd honum og tók upp í sig jafnóðum maukið. Rann hún svo áfram undir valsa, sem jöfnuðu maukið hæfilega þykkt. Síðan rann reimin áfram undir valsa, sem voru heitir og skilaði loks pappírnum hvítum og gljáandi í hinum enda hússins. Þar vafðist þessi meterbreidda pappírslengja upp á rakgrind og var rist sundur í miðju um leið. Þegar nóg var komið á grindina, var henni kippt burtu og önnur tóm látin í staðinn. Síðan var pappírinn bútaður niður í stórar arkir. Þetta gekk svo fljótt, að

tvær stúlkur, sem báru pappírinn frá hnífunum yfir í lyftivélina, höfðu nóg að gera. Það var bara umbúðapappír, sem þarna var framleiddur og var mér sagt, að hann færi mestallur til Ástralíu.

Að endingu skoðaði ég svo rafmagnsstöðina. Hún er byggð upp með kletti og er efri hlið stöðvarhússins stíflugarður. Vatnið er tekið úr ánni rétt fyrir neðan þar sem hún kemur úr vatninu og leitt í opnum skurði að stöðvarhúsinu. Inngangur í húsið er við hliðina á skurðinum og kemur maður þar inn á svalir, og sér yfir allan vélasalinn. Það var mikil hæð að horfa þar niður. Þar voru þrjár vélasamstæður, hver upp á 25 þúsund hestöfl og var verið að bæta þeirri fjórðu við, þegar ég kom þarna.

Það hlýtur að vera skemmtilegt ferðalag að sumri til að fara með skipi frá Gautaborg þvert yfir landið eftir vötnum og skurðum því að þarna eru mörg frjósöm héruð og falleg.

Trollhättan er lítill, snotur bær, en Gautaborg fannst mér ekki sérlega falleg. Gríðarlöng járnbrautarbrú er yfir ána í bænum, því að nokkuð af ánni rennur þar á grynslum.

Ég helt svo áfram til Kaupmannahafnar með lestinni. Þegar ég kom á járnbrautarstöðina í Helsingjaeyri, kom til mín maður, sem bað um að lofa sér að sjá vegsbréf mitt og spurði mig síðan, hvar ég hefði gist á leiðinni og margs annars. Ég spurði hann að lokum, hvað allar þessar spurningar ættu að þýða. Sagði hann mér, að hann væri leynilögreglumadur, sem ætti að athuga ferðamenn, sem kæmu frá Svíþjóð, því að þar hefði verið framinn bankaþjófnaður fyrir tveimur dögum. Sjálfsagt hefir hann álitid mig vera saklausan fyrst hann gaf mér þessar upplýsingar. Um kvöldið kom ég svo til Kaupmannahafnar.

Þegar ég hafði dvalið í Kaupmannahöfn um mánaðartíma og lokið erindum mínum, lagði ég af stað með Kong Inge ásamt mörgum öðrum farþegum. Við fórum fram hjá Jótlandsskaga um miðjan dag. Seint um kvöldið vorum við nokkrir staddir á þilfari. Dimmt var og gott veður. Sigldum við með litlum ljósum. Við vissum ekki fyrr en á okkur var miðað ljóskeilum úr öllum áttum í einu. Tundurpillar höfðu þá umkringt skipið án þess, að við hefðum séð þá. Eftir á að gizka eina mínútu slokknuðu öll þessi ljós í einu og við virtumst vera einir þarna á hafinu. Þegar við komum inn í Leithfjörðinn, mætti okkur flotadeild með skipum af öllum stærðum og tveimur flugvélum, sem sveimuðu yfir skipunum. Í Leith var okkur sagt, að flotadeild þessi væri að leita að þýzkum kafbát, sem sést hafði um morguninn inni við skipakvíarnar. Einnig var okkur sagt, að kvöldið áður hefðu nokkur Zeppelinflugför verið yfir borginni og kastað niður nokkrum sprengjum, sem gerðu fremur lítið tjón. Flugför þessi voru svo hátt í lofti, að loftvarnaskothríð náði þeim ekki. Maður, sem sá þau, sagði, að þau hefðu ekki verið stærri en blýantsstubbar að sjá. Um kvöldið kom tilkynning um, að samskonar flugför væru á leiðinni og var okkur skipað að byrgja nákvæmlega öll ljós. Við biðum því milli vonar og ótta, þar til seint um kvöldið, að fregn kom um, að margar flugvélar hefðu farið á móti þeim, hrakið þau til baka og skotið eitt niður yfir Ermarsundi.

Menn komu strax úr landi til að rannsaka skipsskjölin, vegabréf og farangur farþega. Það var eins og þeir væru að leita að einhverju sérstöku, því að þeir komu hvað eftir annað og snuðruðu sérstaklega hjá skipstjóra. Hann skildi ekkert í, hvernig á þessu stóð en áleit helzt, að einhver óhlutvandur maður hefði bent þeim á sig sem sérstakan Þjóðverjavin.

Endurminningar Árna Jónassonar

Þegar kom norður með Skotlandsströndum var kominn norðaustanstormur á móti, svo að það sem var á þilfari fór að losna, en þar var fullt af tunnum og fleiru. Þá vorum við stöðvaðir af litlum tundurspilli. Þeir settu út litla jollu og komu til okkar. Einn þeirra kom upp, heimtaði alla farþega á þilfar með vegabréf en hinir lágu í jollunni við skipshliðina og jós yfir þá sjónum. Þeim hefir varla liðið vel, því að allir voru þeir verjulausir. Milli Færeyja og Íslands vorum við stöðvaðir, en það var um nótt og vissu farþegar lítið af því.

Þegar við komum til Fáskrúðsfjarðar, sagði kaupmaður, sem var með okkur, að nú væri hann glaður. Sér hefði liðið hálfilla á leiðinni, því að hann ætti stóran kassa með þýzkum vörum í lestinni.

Hefði þetta uppgötvast í Englandi, hefði skipið verið kyrrsett.

Daginn eftir kom ég heim töluvert fróðari en ég var áður.

Fágætir fiskar

Kringum 1880 fannst hér heima í fjöru fiskur, sem enginn þekkti. Það leit út fyrir, að hann hefði synt upp í fjöruna og fjarað þar uppi, því að hann var alveg nýr og óskemmdur. Fiskur þessi var á lengd um þrjár álnir, í vextinum eins og spraka en tæplega eins breiður um miðjuna. Á uggunum sást, að hann synti uppá röð og ofan á hausnum minnir mig fastlega, að væri aðeins eitt auga, en það var gríðarstórt. Sami litur var á öllum fiskinum. Þegar bornir voru við hann gull og silfurpeningar, virtist liturinn vera þar á milli. Hvort faðir okkar gerði boð til skólagenginna manna hér í nágrenninu, man ég ekki, en þeir komu hingað allir ásamt mörgum fleiri. Þeir höfðu með sér náttúrufræðibækur, en ekki fundu þeir neina lýsingu eða mynd af þessum fiski þar. Þeir skrifuðu upp nákvæma lýsingu á honum, en ekki hefi ég heyrt meira um það mál síðan. Fiskurinn var skorinn í sundur og þurrkaður og átti að hafa hann handa skepnum, en það fór víst svo, að mennirnir borðuðu mest af honum, því að hann var ágætismatur.

Einhverjum árum seinna rak á Sómastaðagerði kolkrabba óvenjustóran. Ég sá hann ekki í heilu lagi, en nokkru síðar kom ég í hjallinn þar við sjóinn. Armarnir höfðu þar verið hengdir yfir bita, sem manngengt var undir og náðu þeir niður undir gólf, en líklega hafa þeir tognað eitthvað við að hanga þarna. Annars er eitthvað af svona stórum kolkröbbum í höfunum hér við land, því að í búrhvelum, sem veiddust hér, voru oft stórar þjósir af kolkröbbum. Sumir búrhvalirnir voru með rákir um hausinn, eins og þeir hefðu verið reyrdir með kaðli. Við gizkuðum á, að þetta mundi vera eftir arma á kolkröbbum, þegar hvalurinn var að glíma við þá. Í einum búrhvalnum var stór hákarl, aðeins kraminn sundur um miðjuna, svo að hann etur víst allt, sem að kjafti kemur. Í einum búrhvalnum, sem hér veiddist fannst ambra.

Síldarkong hefi ég séð tvisvar á æfinni. Annan rak á fjöru og var mikið skemmdur. Hinn veiddist í síldarnót með síld. Þessi fiskur er um 1 1/2 alin á lengd. Í vexti er hann líkastur því, að maður tæki síld, legði hana á hliðina og fletti hana út. Hann er varla meira en tveir þumlungar á þykkt, þar sem hann er þykkastur. Liturinn er rauðbleikur og virðist fiskurinn að nokkru gegnsær.

Skötusel, sem veiddist á línu hefi ég einu sinni séð. Það er ljótur fiskur. Hann er líkastur marhnút að framan en skötu að aftan. Kjapturinn er stór eins og á marhnút og upp úr hausnum standa þrír brjóskpinnar, hver fyrir aftan annan líkastir bandþrjón að lengd og gildleika. Þessi fiskur var um tvær álnir á lengd.

Dásendir náttúrunnar

Meðan ég dvaldi í Bergen og var að skoða mig þar um, rakst ég einn dag á gamlan virkisvegg að minnsta kosti 5 álnir á hæð. Hann var hlaðinn úr stórum steinblökkum. Birkifræ hefir að líkindum verið í moldinni, sem höfð var í vegginn, því að út úr honum niður undir jörðinni hafði vaxið birkitré, sem beygði svo upp með veggnum og náði nokkuð upp fyrir hann. Þessi birkistofn var búinn að lyfta þessum ógurlega þunga, sem ofan á honum var svo mikið, að maður gat stungið framhandleggnum milli steinblakkanna, en útflattur var stofninn þar sem hann kom út. Ég gat ekki annað en staðið þarna nokkra stund og horft með lotningu á þann feikna kraft, sem þarna hafði verið að verki.

Fyrir 10 til 15 árum var það einn morgun í janúar, þegar komið var í ærhúsið, að ein ærin hafði fest annan afturfótinn í grindinni og var búin að brjóta fótlegginn rétt fyrir ofan klaufirnar. Leggpípan stóð ber út úr, en klaufirnar og brotið af leggnum hekk við á skinninu. Allt var þetta útatað af óhreinindum. Mér þótti slæmt að þurfa að drepa ána, en bjóst varla við að þetta yrði grætt, því að spilling mundi koma í það. Samt tók ég ána heim og fór að reyna við hana. Ég skar í burtu allt, sem var fyrir neðan brotið og hreinsaði svo sárið eins og ég gat og þvoði með karbólvatni. Blóðrennsli ætlaði að verða nokkuð, en það stöðvaði ég með því að vefja um legginn fyrir ofan sárið. Síðan tók ég hreina dúkþjötlu, bar í hana hrátjöru og lagði hana yfir stúfinn og sárið og vafði þetta með bindum, bjó svo til smökk úr skinni, tróð í neðri endann ullarflóka og smeygði honum upp á legginn. Við þetta lengdist fóturinn töluvert. Síðan batt ég spelkur við. Þegar þetta var búíð, stóð ærin upp og gekk um eins og ekkert hefði í skorizt. Viku seinna tók ég frá sárinu og varð þá undrandi, því að neðan á stúfinn var komin þunn brjóskplata, sem lokaði honum alveg og sárið að öðru leyti svo hreint og fallett, sem hugsast gat. Ég gekk svo frá fætinum aftur og tók ekki frá honum fyrr en eftir mánuð. Var þá brjóskplatan orðin þykk og náði nokkuð út fyrir legginn allt í kring. Skinn var að mestu komið þar sem það hafði vantað og neðan á brjóskplötuna var farinn að vaxa þófi. Um vorið, þegar ánni var sleppt, var þessi þófi orðinn um hálfur þumlungur á þykkt. Ærin lifði tvö ár eftir þetta og skilaði vænum lömbum á haustin, en hún þreyttist fljótt að ganga, sérstaklega þegar laus snjór var, því að þessi fótur var alltaf styttri en hinir.

Eitt sinn fekk ég á línu meðalstóran þorsk. Hann dró á eftir sér um faðmslangan mjóan streng, auðsjáanlega handfæristaum með stórum línukrók á endanum. Krókurinn var kominn með hálfan legginn út úr gotraufinni og þótti mér einkennilegt, að hann skyldi ekki hafa festst á leiðinni gegnum magann og garnirnar, en skýringin var sú, að utan um krókinn og yfir oddinn á honum var komin þykk húð af hörðu kalki. Þetta var því merkilegra sem taumurinn hlýtur að hafa tekið dálítið í við að dragast á eftir fiskinum, en hvergi sáust þess merki, að krókurinn hefði festst á leiðinni.

Eitt sinn drógum við haukalínu við Seley. Krókar á þessum línunum voru dálítið minni en handfæriskrókar og voru hafðir þrjár faðmar milli króka. Hákarl hafði farið með nokkuð marga þeirra af miðri línunni. Um kvöldið vitjuðum við um hákarlavað og fengum á hann stóran hákarl. Í maga hans var allt, sem okkur vantaði af línunni í hörðum hnút, sem valt útúr, þegar helt var úr honum. Stór flyðra var þar í tvennu lagi og var framparturinn fastur við línuna. Enginn krókur var nokkursstaðar fastur

Endurminningar Árna Jónassonar

og leit því út fyrir, að hákarlinn hefði getað losnað við þessa einkennilegu fæðu án þess að hljóta mein af, ef hann hefði fengið að lifa svo lengi.

Fríkirkjan

Ásmundur Helgason hefir í endurminningum sínum sagt nokkuð frá tildrögum að stofnun Fríkirkjusafnaðar Reyðarfjarðar og starfrækslu hans. Ég ætla að bæta hér nokkru við frá seinni árunum.

Eftir að faðir minn dó 1893 tók Hans J. Beck á Sómastöðum að sér að sjá um mál safnaðarins, svo sem reikningshald, fjármál og eftirlit með kirkjunni. Þeir höfðu til þess tíma skipt þessum verkum með sér. 1902 var Hans Beck orðinn gamall maður og treysti sér ekki til að annast þetta lengur. Tók ég þá við þessum starfa og hafði hann á hendi þangað til söfnuðurinn var lagður niður 1932.

Á safnaðarfundi 1912 var samþykkt að byggja turn á kirkjuna og fá kirkjuklukku. Til að afla fjár til þessa var ákveðið að safna til hlutaveltu. Þessi hlutavelta bar svo góðan árangur, að hægt var að byggja turninn, kaupa klukku og mála kirkjuna utan. Mér var falið á hendur að sjá um framkvæmd á þessu. Sigurður Vigfússon frá Litlu-Breiðuvík var þá nýkominn frá Ameríku. Hann hafði unnið þar á teiknistofu við húsateikningar. Ég fékk hann til að gera teikningu af turninum. Svo tók Pétur Bóasson á Reyðarfirði að sér að byggja turninn. Klukkan var keypt frá Danmörku fyrir ágæta milligöngu Dines Petersens. Hún var bæði stór og hljómmikil. Voru því allir hæstánægðir með þessa framkvæmd.

Árið 1911 var Eskifjörður raflýstur. Kirkjugjöld til Fríkirkjunnar voru svo lág, að hún gat ekki staðið straum af útbúnaði til raflýsingar. Gjöldin hrukku aðeins fyrir nauðsynlegustu útgjöldum, svo sem hreingerningu, váttryggingargjaldi og öðru óhjákvæmilegu. Það varð því að notast við olíuljós næstu árin eins og áður hafði verið. Ég held það hafi verið árið 1914 eða 15 að ég hét á kirkjuna að gefa henni raflýsingarútbúnað. Áheitið blessaðist og fékk ég því rafvirkja, sem var á Eskifirði til að panta frá útlöndum ljósakrónu ásamt ljósastjökum fyrir nokkra veggglampa og annað sem til þurfti. Raflýsing þessi var notuð í fyrsta skipti við kvöldsöng aðfangadag jóla og þóttu það mikil viðbrigði. Árið 1927 auglýsti símstöðin á Seyðisfirði góða ofna til sölu. Keypti ég þá einn af þessum ofnum fyrir hönd kirkjunnar og lét ganga frá honum. Eftir þetta mátti fyrst segja, að kirkjan væri orðin vistlegt samkomuhús, þegar kalt var.

Árið 1932 var söfnuðurinn lagður niður eftir árangurslausar tilraunir til að fá hæfan forstöðumann. Af eignum kirkjunnar var stofnaður skógræktarsjóður fyrir hinn gamla Reyðarfjarðarhrepp og ber hann nafn kirkjunnar. Sjóður þessi er í umsjá Skógræktarfélags Austurlands.

Miacastrandið

Dálitlu vil ég bæta við frásögn Ásmundar Helgasonar um Miacastrandið.

Maðurinn, sem sendur var á Eskifjörð til að tilkynna sýslumanni um strandið, kom á heimleiðinni að Svínaskála og færði föður mínum skipunarbréf frá sýslumanni með fullu umboði til að fara á strandstaðinn og sjá um björgun á vörum og annað, sem með þurfti. Faðir minn bjó sig í skyndi til að geta orðið manningum samferða, því að veður var fremur slæmt. Faðir minn gat lítið hafzt að þarna, því að Ottó Wathne bannaði þá að bjarga meiru úr skipinu. Bar það við að sögn, að hann væri umboðsmaður vátryggingafélagsins, sem hefði vátryggt vörurnar og væri því sjálfráður, hvort hann léti bjarga nokkru eða engu. Faðir minn tilkynnti svo sýslumanni þetta og varð það til þess, að sýslumaður fór fyrr á strandstaðinn en hann hafði ætlað sér, þó að það bæri engan árangur.

Daginn fyrir uppboðið fór ég ásamt mörgum öðrum á uppboðið. Snjór lá yfir öllu og var djúp skora gegnum hann yfir alla heiðina, þar sem hafði verið farið með hesta yfir hana dagana á undan. Faðir minn dvaldi hjá kunningja okkar Jóhannesi Auðunssyni á Karlsstöðum og var ég þar einnig um nóttina. Morguninn eftir kom ég á strandstaðinn nokkru áður en uppboðið byrjaði. Var þá verið að dreifa úr því, sem bjargað hafði verið af vörum, slá upp kassa og opna pakka svo að sæist, hvað í þeim væri. Þar var meðal annars mjög stór kassi fullur af tilbúnum karlmannafötum (jakkafötum). Þegar farið var að bjóða upp þennan kassa var mikið kappboð í hann milli kaupmannanna, sem margir voru þarna. Seinast var hann sleginn kaupmanni af Seyðisfirði fyrir mjög hátt verð. Hann fór strax að taka fötin upp og breiða þau til þerris, en honum brá illa í brún, því að það voru ekki nema örfá lög af fötum ofan á í kassanum. Aðalinnihald hans var sjóblautt súkkulaði, ónýtt. Skipsmenn fóru flestallir þennan dag gangandi til Eskifjarðar. Þeir tóku allir með sér göngustafi mjó látúnsrör um 3 áln. á lengd. Þegar við um kvöldið fórum inn yfir heiðina, sáu við mörg af þessum rörum liggja við slóðina. Þessi rör eða partar af þeim sáu víða hér á bæjunum árin á eftir.

Draumar o. fl.

Þegar ég var á barnaskólanum á Eskifirði, átti ég heima á Hól hjá Erlendi Erlendssyni. Við Pétur sonur hans, sem síðar fór til Ameríku, gengum saman í skólann. Þá var hjá Erlendi ung stúlka ættuð úr Skaftafellssýslu, sem Guðrún hét. Við urðum vel kunnug og fell okkur vel saman. Seinna giftist Guðrún manni á Eskifirði og bjuggu þau þar.

Mörgum árum seinna var ég að sumarlagi úti á Vattarnesi við sjóróðra. Við höfðum farið heim á laugardag og inn á Eskifjörð til að ná í ýmislegt til næsta túrs og heyrðum við ekki getið um nein veikindi þar. Á sunnudagskvöld fórum við aftur út á Vattarnes. Þegar búíð var að undirbúa róður næsta dag fórum við að hvíla okkur. Ég lá þannig í rúminu, að ég sá strax höfuðið á þeim, sem kom upp stigann upp á loftið til okkar. Ég hefi að líkindum verið milli svefns og vöku, þegar ég sé Guðrúnu koma upp á loftið til okkar og ganga í áttina til mín. Ég þóttist sjá, að hún væri dáin og greip mig hræðsla. Þá segir hún: "Þú þarft ekki að óttast mig, þó að ég sé dáin, því að ég hefi fengið leyfi til að vera hjá börnunum mínum þangað til á laugardaginn". Síðan sneri hún við og fór sömu leið til baka. Þá var ég ábyggilega alveg vakandi, en þó fannst mér ég sjá hana fara niður stigann.

Morguninn eftir kom bátur af Eskifirði og færði þær fréttir, að Guðrún hefði dáíð kvöldið áður af barnsförum.

Meðan ég var ungur dreymdi mig mikið og varð ég var við, að mig dreymdi oft fyrir daglátum. Ég fór því smám saman að leggja trúnað á drauma og varð brátt furðu góður að ráða þá rétt. Ef ég mundi drauminn, meðan ég var að vakna, var ég viss með að ráða hann. Þetta kom sér vel, sérstaklega eftir að ég varð formaður, enda vissi ég oftast fyrirfram, hvernig okkur mundi ganga þann og þann daginn. Ég ætla nú að segja frá tveimur draumum, sem ég er ekki búinn að gleyma.

Um haust lágum við sem oftast úti á Vattarnesi til sjóróðra. Fiskur var nægur en algert beituleysi. Þetta var áður en íshús þekktust. Fréttist þá, að síld hefði fengizt í net inni í Reyðarfirði. Við fórum því strax af stað, fyrst heim en þaðan inn á Reyðarfjörð og komum þar um kvöld. Ég hitti mennina, sem áttu netin og fekk lofordð fyrir því, sem fengist daginn eptir. Vorum við svo þar um nóttina. Daginn eftir safnaðist saman svo mikið, að við fengum beitu til þriggja daga. Við heldum svo af stað, fyrst heim en þaðan út á Vattarnes. Þetta er um 6 tíma róður í logni.

Við beittum svo línurnar og átti að leggja þær um nóttina. Veður hafði verið gott en um kvöldið var auðséð, að sunnanátt var í vændum. Um nóttina var komið rok og ekki viðlit að fara á sjó. Sama veður helzt daginn eftir og ekkert útlit fyrir breytingu. Um kvöldið, áður en ég sofnaði, var ég að hugsa um, hvað þetta væri ergilegt, ef beitan yrði nú ónýt hjá okkur eftir alla þessa fyrirhöfn. Um nóttina dreymir mig, að ég sé niðri í húsinu okkar og horfi gegnum dyrnar inn yfir fjörðinn. Sé ég þá þrjár stórar öldur koma með miklum hraða innan með landi og skella þær að lokum á klöppinni fyrir neðan húsið okkar og slettur úr þeim koma inn á gólfið, þar sem ég stóð. Ég mundi drauminn, þegar ég vaknaði og áleit strax, að hann væri bending til mín. Þegar fór að birta, sagði ég við þá, sem með mér voru, að heldur en að gera beituna ónýta, skyldum við reyna að leggja línurnar á grunnfiski inn með landinu. Vindur hafði snúizt meira í suðvestur og var því smásævi þarna, en stormurinn var sá sami. Við tókum nokkra steina í bátinn, fórum á stað og lögðum línurnar á 6 til 10

faðma dýpi fram með landinu og er ekki að orðlengja það, að við hlóðum bátinn þarna af góðum grunnfiski. Eins fór næstu tvo daga. Þarna hafði engum dottið í hug að gæti verið svona mikill fiskur og hefði mig ekki dreymt þennan draum, mundi beitan hafa orðið ónýt hjá okkur, því að veður var alltaf það sama.

Eitt sinn löngu seinna, hafði verið mikið af hnísunum í firðinum og hafði ég náð mörgum af þeim. Í september voru þær horfnar. Fekk ég þá boð frá kunningja mínum utan úr firðinum, að skjóta fyrir sig hnísu og ýlda hana í hákarlabeitu. Ég vildi gjarnan gera honum þennan greiða og fór nokkrum sinnum í hnísuleit, en fékk ekkert. Þær sárafáu hnísur, sem ég sá, voru svo styggar, að það var ekki viðlit að komast að þeim. Eitt kvöld eftir árangurslausa tilraun, var logn og blíða og batt ég því skektuna við bryggjuna. Um nóttina dreymdi mig, að ég var einn á skektunni hinumegin við fjörðinn, framundar Beruneshöfn á að gizka 100 faðma frá landi og var alveg logn. Reis þá bára hjá skektunni og skall inn í hana. Þegar ég vaknaði í birtingu, mundi ég drauminn, klæddi mig í flýti og reri þangað sem draumurinn vísaði mér. Þetta var fullur klukkutímaróður fyrir einn á bát, var því orðið hjart, þegar ég kom þangað. Þegar ég var kominn á staðinn, sem mér var vísað á í draumnum, stóð ég upp og horfði í allar áttir, en sá ekki nokkurt líf á sjónum. Ég hefi líklega verið búinn að vera þarna í fimm mínútur, þegar hnísa kemur allt í einu upp við borðið hjá mér og náði ég henni.

Það er alveg áreiðanlegt, að þessa hnísu hefði ég ekki fengið, hefði mig ekki dreymt þennan draum, því að nokkrir bátar, sem voru að leita að hnísunum þennan dag í firðinum, sáu enga einustu.

Laust fyrir aldamótin síðustu var það einn vetur að gerði norðan snjóbyl sem oftast. Myndaðist þá að venju ágætis skíðabrekka á Svínaskála. Síðan gerði frost og stillur, svo að fjörðinn lagði og voru menn farnir að ganga hann. Einn sunnudag kom ungt fólk af Eskafirði út að Svínaskála til að skemmta sér á skíðum og sledum og vorum við að sjálfsögðu með. Alls höfum við verið ein 10 til 20 talsins. Að endingu var svo farið út á ísinn. Ísinn og sjórinn var svo tær, að sá í botn á töluverðu dýpi. Við höfum verið komin eina 15 til 20 faðma frá landi, þegar allur hópurinn staðnæmdest dálitla stund. Ég ranglaði þá eins og ósjálfrátt dálítið frá hópnum, en þegar ég leit á hann aftur, brá mér í brún og varð ég hálf miður mín, því að þá sá ég, að komin var töluverð laut í ísinn, þar sem hópurinn stóð og það mundi ekki skipta nema nokkrum augnablikum, þar til hann brysti. Ég þorði ekki að segja fólkinu í flýti, hvað hættan var mikil, það hefði þá allt hlaupið á stað í einu og það gat riðið baggamuninn. Ég sagði því eins rólega og ég gat, að það skyldi ekki standa svona þétt saman, því að það væri ekki víst, hvað ísinn væri traustur. Hópurinn dreifði úr sér og allt gekk vel. Mér er þessi atburður svo minnisstæður, að það fer hálfgerður hrollur um mig í hvert skipti sem ég minnst hans, því að hefði ísinn brostið undir okkur, hefði að líkindum ekkert okkar komizt lífs af. Heima voru engir nema kvenfólk og eitt farlama gamalmenni, bátar allir inni í húsi og að leita hjálpar frá næsta bæ hefði tekið of langan tíma. Hvað var það, sem olli því, að ég ranglaði frá hópnum nógu tímanlega til að sjá hættuna? Var það tilviljun eða eitthvað annað?

Seinna sagði ég nokkrum, sem þarna voru, frá þessu, en þeir ætluðu ekki að trúa því, að þarna hefði verið hætta á ferðum.

Endurminningar Árna Jónassonar

Fyrir nokkuð mörgum árum síðan var það seinni part dags að haustlagi, að ég gekk inn í bæinn bakdyramegin. Ég sneri svo til vinstri og ætlaði um dyr, sem liggja að gangi, sem er fyrir framan eldhúsið. Hurðin fyrir þessum gangi liggur ætíð upp að þilinu, þegar hún er ekki lokuð. Þegar ég ætlaði inn um dyrnar kom hurðin frá þilinu og lagðist aftur rétt við andlitið á mér. Um leið og hurðin lagðist fyrir, sá ég aftan á stóran gulan hund, sem var kominn rétt innfyrr þröskuldinn. Ég opnaði svo hurðina aftur til að reka hundinn út en þar var enginn hundur og dyrnar að eldhúsinu lokaðar. Mér þótti þetta einkennilegt en fekkst ekki meira um það. Morguninn eftir um fjögur-fimm leytið vaknaði ég við mannamál og heyrði, að einhver gestur var að tala við vinnumanninn, sem svaf í herbergi hinumegin við ganginn. Ég fór í einhver föt og gekk inn til þeirra til að vitja um, hvað um væri að vera. Þegar ég sá, hver gesturinn var, datt mér strax í hug það sem ég hafði séð daginn áður, því að þessi maður átti í mörg ár stóran gulan hund, sem ætíð fylgdi honum, þegar hann var við veiðar á landi. Erindi mannsins var að fá lánaða hjá mér byssu, því að hann ætlaði á rjúpnaveiðar.

Álftin

Eitthvað af álftum verpir víst árlega uppi á Jökuldalsheiði, en það heyrir til þess sjaldgæfa, ef þær sjást niðri við sjó hér á Austfjörðum.

Það var víst vorið 1933 að Einar læknir Ástráðsson á Eskifirði kom með 5 álftarunga ofan af Jökuldal. Ég hafði ekki áður séð álftarunga og varð mér því starsýnt á þá, þegar ég nokkrum dögum seinna kom þangað. Þessir fuglar, blágráir á lit, á stærð við hávellu lágu þarna í grasinu fyrir ofan húsið og bitu það jafnt fyrir aftan sig og framan án þess að hreifa kroppinn.

Þegar þeir stálpuðust, fóru þeir að fara í sjóinn og synda fram með landinu. Fóru þá ýmsir að gefa þeim maís og annað. Vöndust þeir því fljótt á að ganga á land, þar sem einhvers fengs var von. Aðallega lögðu þeir þá leið sína inn að Útkaupstað, því að þar var þá verzlunarmaður Snorri Jónsson - nú í Reykjavík - mikill dýravinur, sem gaf þeim alltaf, er þeir komu þangað.

Þegar leið á sumarið, fóru þeir í lengri sundtúra, stundum alla leið út að Svínaskála. Ég fór þá niður í fjöru og gaf þeim maís. Þeir tóku rösklega á móti gjöfinni, þ.e.a.s. ef maískornin lágu í bleytu. Lægju þau á þurru, virtust þeir ekki vilja þau. Seinnipart sumars fóru þeir að æfa flug en fóru ekki nema stutt í einu. Þegar leið fram á veturinn, fóru þeir að taka langa flugtúra, langt út á fjörð eða inn á Reyðarfjörð. Þeir flugu alltaf hver á eftir öðrum þannig, að sá næsti á eftir var dálítið til hliðar við þann, sem á undan var. Þeir mynduðu því skástrik við áttina, sem þeir flugu í og kvökuðu alltaf, þegar þeir flugu. Þegar þeir voru á vatni, syntu þeir alltaf nákvæmlega hver í annars far með jafnlöngu millibili eins og þeir væru bundnir saman með jafnlöngum spottum. Tæki sá fyrsti krók á leið sína, gerðu þeir, sem á eftir fóru nákvæmlega það sama. Þegar leið á veturinn, flugu þeir oft hér framhjá eitthvað út í fjörð og komu ekki aftur fyrr en eftir langan tíma.

Einn daginn, er snjór lá á jörðu, komu þeir úr svona langferð og settust á túnið nokkuð fyrir neðan bæinn. Ég fór þá með maís og fleygði til þeirra á snjóinn og voru þeir að smátína hann upp, er ég yfirgaf þá. Ég var kominn nokkuð á leið heim, er mér datt í hug að kalla á þá og líkti sem mest eftir kvakinu í þeim, er þeir voru á flugi. Einn þeirra leit upp og horfði á mig dálitla stund en hinir skiptu sér ekkert af mér.

Í næsta skipti, er þeir komu, gerði ég þetta sama og kom þá þessi sama álft labbandi í áttina til mín. Ég endurtók svo þetta nokkrum sinnum, er þeir komu og að endingu kom hún alveg að fótunum á mér og lofaði mér að strjúka sér. Upp frá þessu gat ég kallað þessa álft til mín, hvenær sem ég sá hana, en hinar leyfðu mér aldrei að koma nærri sér. Seinna um vorið var hún oft komin að bæjardyrinum, þegar komið var á fætur, þó að hinar væru inn á Eskifirði. Þegar hún var hér heima og ég var eitthvað að snúast úti, fylgdi hún mér eftir eins og tryggur hundur. Þó að hún væri hjá mér mestallan daginn, fór hún alltaf á kvöldin inn á Eskifjörð til félaga sinna.

Eitt skipti fórum við snemma á fætur til að vitja um raudmaganet. Hún var þá við dyrnar, þegar við komum út. Við fórum svo niður að sjó og settum niður bátinn. Þegar við vorum að ýta á flot, kom hún svífandi á vængjunum til okkar og settist við bátinn. Þegar við svo rerum af stað, synti hún á eftir bátnum líklega í faðms fjarlægð. Ef við hertum róðurinn, herti hún líka sunnið, svo að hún var alltaf jafnnærri bátnum. Ég ætlaði varla að geta vitjað um netin, því að hún var alltaf uppi í höndunum á mér á meðan. Hún elti okkur svo aftur í land og beið meðan við settum bátinn. Heldum við svo heim með álftina labbandi á eftir okkur.

Nokkru síðar vorum við að breiða áburð í djúpu gili utan við bæinn. Heyrði ég þá, að álfirnar voru að koma fljúgandi að innan. Þegar þær komu í ljósmál, sá ég, að þær flugu svo langt frá mér, að það mundi ekki vera til neins að kalla. Samt reyndi ég, og sá strax, að hún hafði heyrt til mín, því að hún yfirgaf hinar og kom í áttina til mín og sveimaði þar fram og aftur en virtist ekki vita hvar ég var. Kallaði ég þá aftur. Kom hún nú auga á mig í gilinu, stakk sér niður og settist við fæturna á mér. Hún var á túninu hjá mér allan daginn og kom til mín af og til til að láta mig strjúka sér. Ef einhver annar ætlaði að fara að strjúka hana, varð hún vond, beit hann og barði með vængjunum.

Um haustið fór ég gangandi inn í Eskifjörð í sólskini og logni. Þegar ég kom nokkuð inn fyrir þorpið, tók ég eftir því, að ein álf sat langt suður á firði. Ég kallaði, en svo lágt, að ég taldi víst, að hún gæti ekki heyrt til mín. Ég hafði gaman af að reyna, hve vel þær heyrðu. En hún hafði ófæð heyrt til mín, því að hún varð óróleg og snerist í allar áttir. Kallaði ég þá aftur hærra og var hún þá ekki lengi á leiðinni til mín, því að hún notaði líka vængina svo að gusurnar gengu langt frá henni. Hún stanzaði ekki fyrr en uppi á götu við fæturna á mér. Settist ég þá niður svo litla stund og strauk hana, helt síðan áfram en hún sat eftir.

Þessi álf flaug á ljósa- eða símastaur í myrkri og slasaðist svo, að það varð að drepa hana. Önnur fór að ég held á sömu leið. Sú þriðja varð undir bíl. Sú fjórða var að sögn skotin á Reyðarfirði. Var þá ekki nema ein eftir og hvarf hún um síðir. Nokkur ár á eftir komu fáeinar álfir á Eskifjörð stöku sinnum og var gizkað á, að þessi sem hvarf, mundi vera fararstjórinn.

Það var eftirsýnd að missa þessa fugla. Þeir voru svo fallegir og sjaldgæfir hér, þar sem fuglalíf er svo fábreytt. En þeir voru grimmir og máttu t.d. börn vara sig á þeim, ef þeir voru í vondu skapi. Í staðinn fyrir að hræðast ímyndaða óvini, réðust þær á þá eins og t.d. bifreiðar í gangi, svo að hugrekki vantaði þá ekki.

Ekki urðu menn þess varir, að þessar álfir verptu nokkru egg meðan þær voru hér. Hefði það verið, væru máské einhverjar álfir hér ennþá, þó að menningin og náttúran vinni ekki alltaf vel saman.

Móri

Það var víst veturinn 1887. Við bræðurnir vorum þá um skeið búnir að fara með byssu og skutum töluvert af fugli og einstöku kópa. Okkur þótti erfitt að setja niður bát í hvert skipti, sem við skutum fugl af landi og höfðum því mikinn hug á að ná í skothund. Við reyndum bæði innan sveitar og utan, en árangurslaust.

Á þessum árum bjó í Fáskrúðsfirði maður, sem Árne hét. Hvers son hann var, veit ég ekki. Hann var aldrei nefndur með föðurnafni heldur gekk hann undir nafninu Árne smiður. Þessi Árne var mikill og duglegur járnsmiður og smíðaði ekki einasta heima hjá sér heldur var hann fenginn til járnsmíða á bæjum þar sem smiðja og önnur smíðataeki voru til.

Faðir okkar var þá farinn að þreytast við járnsmíðar, enda hafði hann nógu öðru að sinna við bátasmíði og annað auk húsbóndastarfa á stóru heimili. Hann hafði því seinustu árin fengið Árna til að vera hjá sér í smiðju, hálfsmánaðar eða þriggja vikna tíma seinni part vetrar, þegar dag tók að lengja. Margt þurfti að smíða svo sem hestajárn, höffjaðrir, ljábakka allan bátasaum o.fl.

Þennan vetur kom Árne sem oftast, því að faðir okkar var að smíða bát, sem nefndur var Állinn. Það var ætíð starfi okkar bræðranna til skiptis, að blása undir eldi hjá Árna. Svo var einnig í þetta sinn. Við vorum honum því nákunnugir. Nú vissum við, að á þessum árum kom fjöldi af frönskum fiskiskútum á vorin til Fáskrúðsfjarðar. Datt okkur því í hug að reyna að biðja Árna að útvega okkur þar ungan hund, því að við vissum, að á flestum eða öllum skútunum voru sundhundar til að ná fiski, sem flaut af færum.

Árne tók dauflega þessari málaleitun og bjuggumst við ekki við, að hún bæri nokkurn árangur. Um vorið á laugardag fyrir hvítasunnu kom Árne og færði okkur franskan hvolp líklega um tveggja mánaða gamlan. Hann var fremur grannvaxinn og háfættur með stór, lafandi eyru, snögghærður eins og selur og gljáði á skrokkinn. Liturinn var dökkmóraður. Hann var skírður Móri. Ég þarf ekki að segja, hve vel okkur leizt á þennan hvolp og hvað okkur þótti strax vænt um hann, því að hann sýndi það líka bráðlega, hve skynsamur hann var.

Daginn eftir að hvolpurinn kom, á hvítasunnudag, fórum við inn á Eskifjörð til kirkju og fór Móri með okkur. Yzt í þorpinu var autt síldarsöltunarhús og höfðum við þar skóaskipti og hvolfdum tómrri tunnu yfir skóna. Var síðan farið í kirkju og hlýtt messu. En vitanlega fekk Móri ekki að vera þar á meðan. Þegar úr kirkjunni kom, sáu við hvergi Móra. Leituðum við svo um þorpið og spurðum fólk, en það bar engan árangur. Enginn hafði orðið var við Móra.

Við heldum því heim á leið heldur daprir í bragði. Þegar við komum að húsinu, þar sem skórnir voru, sáu við Móra liggja á tunnubotninum yfir skónum. Af þessu þóttumst við geta ráðið, að hann mundi vera vitur, þar sem við vorum ekki búnir að eiga hann nema um sólarhring.

Um vorið áttum við að ganga við lambféð. Við þorðum ekki að hafa Móra með okkur við þetta, því að hann var fjörugur og leikgefinn og vorum við hræddir um, að hann mundi kannske glettast við lömbin. Hann var því lokaður inni.

Einn daginn, er við vorum komnir heim undir bæ, gengum við fram á á, sem stóð yfir dauðu lambi og sáu við, að það var bitið eftir hund. Töldum við víst, að hér hefði Móri verið að verki, hann hefði farið að leita okkar, þegar hann slapp út og þá orðið þessu lambi að bana. Við þorðum ekki að láta nokkurn mann vita um þetta, því

að við töldum víst, að við fengjum ekki að hafa hvolpinn, ef hann dræpi lömb. En hvað átti að gera? Okkur hugkvæmdist að bera lambið heim í fjárhús. Sóttum við svo Móra, sýndum honum lambið og refsuðum honum rækilega. Eftir það leit hann aldrei við sauðkind eða alifuglum.

Um sumarið var hann orðinn bezti skothundur, sótti allt, sem honum var sagt, bæði á sjó og landi. Ýmsar listir lék hann líka svo sem að grípa steina á lofti. Mátti einu gilda, hve langt að við fleygðum smásteinum. Hann greip þá alltaf í kjaptinn, áður en þeir komu niður.

Móri hafði gaman af ferðalögum og var eins og á nálum, ef hann sá einhvern vera að búa sig í ferð, sérstaklega þó, ef fara átti ríðandi. Eftir að búið var að leggja á hestinn, fór hann ekki frá honum til þess að missa ekki af ferðinni.

Um haustið fór vinnukona héðan ríðandi inn á Reyðarfjörð og var Móri auðvitað með henni. Þegar hún var komin út að Hólmahálsi, tók hún eftir því, að Móri var ekki lengur með henni. Hún fór þá að skima eftir honum og sá um leið, að hún var búin að tapa stórum böggli, sem bundinn hafði verið aftan við söðulinn. Sneri hún þá aftur til að leita böggulsins. Þegar hún var komin nokkuð langt inneftir, mætti hún Móra með böggulinn í kjaptinum. En böggullinn var svo þungur, að hann varð að hvíla sig öðru hvoru.

Þá bjó á Eskifirði einn í húsi Norðmaður, sem Tönnesen hét. Hann var góður kunningi okkar og komum við oft til hans. Hann fekk mesta dálæti á Móra og gaf honum margan góðan bita.

Seinni part vetrar fór þessi Tönnesen til Noregs í snögga ferð. Við báðum hann að kaupa okkur hálsband á Móra. Hann færði okkur hálsbandið sem var úr leðri með látúnsskrauti og læst með litlum látúnslás, sem opnaður var með lykli. Móri virtist mjög hrifinn af þessu hálsbandi. Væri það tekið af honum, var hann ekki í rónni, fyrr en hann hafði fengið það aftur.

Einn dag um vorið lenti hann í hundapvargi út að Breiðuvík. Seint um kvöldið sást hann frá einum bænum á leiðinni fara hratt inneftir með eitthvað í kjaptinum. Morguninn eftir lá hann við bæjardyrnar og hálsbandið hjá honum. Í áflogunum hafa hundarnir líklega snúið lásinn af hálsbandinu en hann vildi ekki tapa því og kom með það heim. Seinna fór hann að bera sendingar og bréf milli Eskifjarðar og Svínaskála. Eftir að búið var að binda þetta við hálsbandið inni á Eskifirði, skipti hann sér ekki af neinu, hvorki hundum eða öðru, heldur helt í sprettinum heim og væri enginn úti við, þegar hann kom, þaut hann alla leið inn í baðstofu til að skila þessu af sér. Strax og það var búið, stökk hann út og fór að leika sér með hinum hundunum.

Seinasta vorið, sem hann lifði var mikið af horuðum svartfugli uppi undir landi. Þeir höfðu ekkert að lifa á, nema það, sem þeir fundu í botninum, en gátu ekki náð þangað nema á grunnu vatni. Einn dag tókum við eftir því, að hann sat á steini úti í sjónum og kom ekki heim til að éta. Seinna um daginn fórum við að grennslast eftir, hvernig á þessu stæði. Þá var hann búinn að ná í margna af þessum svartfuglum og bera þá í hrúgu við sjóhúsdyrnar. Þetta tók hann upp hjá sjálfum sér. Stundum gætti hann hestsins, ef maður var ríðandi á ferðalagi og þurfti að yfirgefa hann.

Móri varð svo stór og sterkur, að lítil börn gátu ríðið á honum og var það óspart notað. Virtist hann hafa gaman af því. Móri varð ekki nema rúmlega tveggja ára, því að þriðja sumarið, sem hann lifði, gekk hér megn hundapest, sem drap helzt alla hunda. Hann fell þá einnig í valinn.

Endurminningar Árna Jónassonar

Ég hefi aldrei þekkt hund, sem var jafnskynsamur og auðvelt að kenna. Það virtist eins og hann skildi mannamál. Hefði hann alizt upp undir leiðsögn kunnáttumanns, gæti ég trúað, að hann hefði vakið athygli.

Það varð næstum heimilissorg, þegar hann drapst, því að hann var uppáhald allra á heimilinu, enda ekki að ástæðulausu, því að hann var fallegur, skynsamur, og dauðmeiðlaus bæði við menn og skepnur.

Við grófum hann í grasbletti utan við túnið og lögðum hellustein á leiði hans. Þessi hella er nú sigrin í jörðu.

Örnefni í Svínaskála og Svínaskálastekks landi

Frá Merkgigli og inn að Stekksá heita Engjar upp að Hnausum. Fyrir ofan Hnausana eru Efri- og Neðri- Stekksbotnar innan við Langahrygg, sem nær alla leið upp í Svartafjall. Fyrir ofan Stekksbotna er Langahryggsmýri. Fyrir ofan hana er botn undir Svartafjalli, sem heitir Litlidalur. Breið rák er í Svartafjalli, sem heitir Geldsauðarák.

Frá Stekksá og inn að Beljanda heitir sléttan milli Stekks og Svínaskála Leiti. Efst á því er Grásteinsholt. Innsti partur þess (fyrir ofan sjóhúsin á Svínaskála) heitir Lambastekkur. Fyrir ofan Leiti taka við Rindar upp á brún. Rindinn, sem er í miðjunni heitir Breiðirindi og utan við hann upp við brúnina er dálítill grasbotn sem heitir Piltabotn. Um miðja rindana út við Stekksá er Stakiklettur. Fyrir ofan rindana taka við Hnausar og er Háihnaus þeirra yztur og gengur melhryggur upp úr honum upp í Sandskeiðsmel. Innan við hrygginn er Hnausamýri, Fyrir innan hana Sandskeið, fyrir innan það Tjarnarbotnar (Beljandinn rennur gegn um þá). Innst og neðst í þeim er Kofamelur. Fyrir ofan Sandskeiðsmel er graslægð, sem heitir Kringla. Yzti endi á Hólmgerðarfjalli heitir Horn. Það er mikið neðar og lægra en Svartafjallið. Myndast því þarna stór hvilft, sem kölluð er undir Völuhjöllum. Frá Kornu og út að Langahrygg liggur hjalli neðan undir Svartafjalli og heitir Völuhjalli og mýrarnar fyrir neðan Völuhjallamýrar.

Frá Beljanda og inn á Litlueyri heita móarnir frá túninu á Svínaskála og inn að Litlueyrargili Litlueyrarbörð. Holtið fyrir innan túnið á Svínaskála heitir Kvíaból. Hlíðin þar fyrir ofan heitir Brekkur. Í henni eru tveir grasblettir Araenni og Bjargarenni. Ofan við túnið á Svínaskála er hæð sem heitir Smjörhóll, utan við hann eru Klaufarkvíar, ofar er Grýluskot. Upp af því er Klauf innan undir Beljandahnaus, úr honum gengur melhryggur upp að Tjarnarbotnum, sem heitir Beljandahryggur. Innan við Klaufina er Hellumelur, fyrir ofan hann er Litlafjall. Mýrarnar fyrir ofan það heita Litlafjallsmýrar, nema efsti parturinn heitir Feti. Þar fyrir ofan er Dýhóll upp við Hólmgerðarfjall. Skammt fyrir innan Hellumel er djúpur botn, sem heitir Kúabotn, innan við hann er stór steinn, sem heitir Hlíðarsteinn. Fyrir ofan Kúabotn er Kúabotnsmelur, fyrir ofan hann Kúabotnsmýrar og ná þær alla leið upp að fjalli. Brekkurnar undir Litlafjalli og innan við það heita Litlafjallsenni. Hár klettur er þarna á miðju Hólmgerðarfjalli og heitir Háanef. Uppi á fjallinu ofarlega eru háir stórgrýtismelar, sem heita Urðarhólar.

Frá Litlueyri inn að Hlíðarenda eru Mjóeyrarmelar við sjóinn, síðan tekur við Hellnakambur. Fyrir ofan Mjóeyri eru tveir botnar í hlíðinni Efri- og Neðri-Mjóeyrarbotnar. Fyrir ofan þá er Brattabrekka, sem nær inn að Ytri-Lambeyrará. Fyrir ofan Bröttubrekku eru Fletir, sem ná upp að fjalli. Hlíðin frá Mjóeyrarbotnum inn að Hlíðarenda neitir Flatahlíð upp að Bröttubrekku. Upp af Hlíðarenda er Háihnaus og nær hann upp að Bröttubrekku. Þar fyrir ofan taka við Sniðbrekkur inn að Ytri-Lambeyrará. Snið heitir innendinn á Hólmgerðarfjalli. Melarnir fyrir ofan byggðina milli Lambeyraránna heita Hnausar. Fyrir ofan þá er Hnausamýri, þar fyrir ofan Kolabotnar upp að Selbotni, sem nær upp að brún á Sniðinu.

Ameríkuferðir

Eftir harðindaárin kringum 1880 fóru menn að tínast héðan til Ameríku. Mest voru það einhleypir menn sem fóru fyrst. Sumir þeirra komu aftur eftir nokkur ár, en smámsaman ukust þessir fólksflutningar fram yfir 1890. Meðan ég var hjá Tuliniusi komu á sumrin hópar af þessum vesturförum til Eskifjarðar í veg fyrir skip. Héðan úr sveitinni fóru nokkrar fjölskyldur, þar á meðal Páll Jónsson frá Litlu-Breiðuvík með allt sitt skyldulið, Gísli Jónsson frá Breiðuvíkurbjálleigu með konu og börn, Tobías Finnbogason frá Eskifirði með konu og börn, Þorvaldur Þorsteinsson frá Berunesi með konu og börn, Bjarni Lyngholt með konu og venzlafólk og svo eitthvað af einhleypu fólki. Páll Eyjólfsson mágur minn og Jónína systir mín kona hans fóru einnig á þessum árum til Ameríku með börn sín. Páll er dáinn fyrir mörgum árum en Jónína lifir enn og er svo vel ern að hún skrifar mörg bréf heim á hverju ári. Hún varð nú í júní 85 ára. Börn þeirra hafa komið sér ágætlega áfram og ein sonardóttir hennar vakti nýlega á sér svo mikla athygli fyrir framúrskarandi námsgáfur að skrifað var um það í amerísk blöð.

Eftir 1893 held ég að engir hafi flutt héðan vestur, enda batnaði þá mikið afkoma fólks. Síldveiði var þá orðin mikill þáttur í atvinnulífi og verzlunarskilyrði bötnuðu. Nokkrir framtakssömustu bændur fóru þá að fá mikið af nauðsynjum sínum beina leið frá útlöndum og hafði það sín áhrif á verðlag hjá kaupmönnum. Peningar fóru þá að verða algengir manna á meðal, því að Norðmenn og aðrir, sem komu hingað til síldveiða, borguðu allt í peningum, einnig fjárkaupmennirnir útlenzku.

Hákarlaveiði í Seley

Ég ætla að lýsa dálítið hákarlaveiði eins og hún tíðkaðist í Seley, meðan gert var út þaðan, en þar voru oft á vorin margir bátar við þá veiði aðallega. Veiðarfærið var hákarlavaður með fjórum sóknum, en svo voru krókarnir nefndir og þar sem þetta veiðarfæri er nú að hverfa úr sögunni, ætla ég að lýsa því nánar. Sjálfur vaðurinn var um 5 álna langt sívalt tré úr góðu efni. Í báða enda þess var fest með sigurnagla grannt þvertré um 1 1/2 alin á lengd. Úr hvorum enda þess hekk keðjutaumur með sókn á endanum. Taumurinn var í sigurnagla bæði að ofan og neðan. Í gegnum mitt stærra tréð var dreginn tvöfaldur, mjór kaðall og var hann þriggja faðma langur fyrir neðan tréð og álíka langur upp fyrir það. Í neðri endann, sem kallaðist undirgangur, var hann festur í kraka, sem var þannig að búinn var til kross, helzt úr eik. Í miðja arma krossins voru höggin göt og festar þar í trérengrum 1 1/2 alin á lengd og látnar mætast í hinn endann. Í bilið milli renglanna var raðað steinum og þær svo bundnar saman. Krakinn var hafður um 80 pund að þyngd. Uppistaðan var gildur strengur.

Þegar búíð var að beita sóknirnar var vaðnum rennt til botns, síðan dregnir aftur upp 5 faðmar og þar bundinn kálfsbelgur uppblásinn og varð að stinga honum fyrst niður með ár þar til vaðurinn dró hann niður. Belgur þessi var kallaður stingur og hélt hann vaðnum úr botni, svo að beitan óhreinnaðist ekki. Sem ból voru hafðar margar glerkúlur með nokkru millibili og lítill belgur á enda.

Vaðirnir voru hafðir í djúpinu suður og vestur úr eyjunni og lágu þeir í röð þvert yfir dýpið. Hver bátur hafði tvo eða þrjá vaði að stunda. Vegna strauma var ekki hægt að vitja um vaðina nema á enduðu suðurfalli, því að fengist nokkuð að ráði varð að hafa strauminn með sér til baka. Það var ógerningur að róa hákarlinn í land móti straumnum. Þegar komnir voru tveir fullorðnir hákarlar við hvort borð eða fleiri, var það kallað hlass. Gekk þá lítið, þó að róíð væri af kappi. Árarnar virtust alltaf fara í sama farið. Oft, þegar mikil hákarlsgengd var og ekki var hægt að vitja um nógu þétt, fekk maður bara hausana af hákórlunum. Þeir höfðu þá etið hver annan. Þegar að landi kom var komin fjara. Voru þá hákarlarnir bundnir við klöppina þar til á næsta flóði að þeir voru dregnir upp og látið fjara undan þeim. Síðan voru þeir skornir upp. Fyrst var kviðurinn skorinn frá úr kjaptviki aftur í gotrauf, haus og sporður skorinn af og búkurinn tekinn í tvennt aftan við bakuggann. Síðan var skinninu flett af bæði kvið og bútum með beittum hníf. Voru búturnir síðan flattir eins og fiskur og hryggurinn tekinn úr. Þegar hlutarmenn voru á bátnum var ætíð skipt í fjöru í sex staði. Bátur og veiðarfæri fengu tvo hluti. Hvor helmingur af afturbútnum var einn hlutur. Frambútshelmingurinn var ristur sundur langs um fiskmótin. Varð því kviðarrenglan nokkru minni. Kviðurinn var ristur sundur lengs og þvers um miðju. Urðu því frampartarnir nokkru stærri og voru þeir látnir fylgja kviðrenglunni en aftari partarnir bakrenglunni. Alltaf var skipt um hluti þannig, að þegar komnir voru sex hákarlar, var hver búinn að fá heilan hákarl í sinn hlut. Síðan var hákarlinn dreginn í kös og skinnin breidd yfir. Þau voru síðan þanin út á jörðu með trépinnum og skafin með reku, þegar þau hördnuðu. Lifrinni var ekki skipt fyrr en búíð var að bræða hana. Hákarlsmaganum var snúið við og hún látin í hann og bundið fyrir. Það var ágætt að flytja lifrina í mögunum. Þeir voru dregnir á flot og innbyrtir í bátinn með því að fara með kaðal undir þá og láta lifrina renna innan í þeim inn fyrir borðstokkinn. Þetta var samt vondur farmur, ef ágjöf var, því að magarnir lögðust svo þétt að borðunum, að sjór rann ekki niður.

Endurminningar Árna Jónassonar

Þegar hákarlinn var búinn að liggja í kösinni hæfilega lengi, var hann þurrkaður á klöppum lengra frá sjó. Það var ótrúlegt, hvað hann og annar fiskur þornaði vel þarna, þar sem virtist þó svo mikill raki frá sjónum. Seleyjarhákarl var orðlagður fyrir gæði.

Beitan sem brúkuð var fyrst á vorin, var reykt hrossakjöt, blóðýlda og selspik, en eftir að annar fiskur fór að veiðast var ordeild mesta tálbeitan. Það var maginn úr meðalstórri spröku. Partur af tálknunum var látinn fylgja með. Maganum var snúið við og öllum hinum innyflunum troðið niður í hann. Sókninni var svo smeygt í gegn um þetta og aðeins oddurinn látinn koma út úr botni magans. Tálknið var bundið við tauminn. Þegar hestum var slátrað til beitu, voru ganglimirnir ætíð reyktir en hitt kjötið af skrokknum skorið af beinunum og látið í tunnu ásamt öllu innan úr hestinum nema þörmunum. Yfir þetta var svo blóðinu helt. Þetta var kölluð blóðýlda og var mjög sterk lykt af þessari beitu.

Flestir eða allir bátarnir höfðu einnig haukalínu eða skötulínu sem sumir kalla og veiddist oft mikið á þær af skötu og spröku.

Með Perwie.

Vorið 1904 fékk Stefán Jónsson kaupmaður á Seyðisfirði fyrsta mótorbát til fiskveiða, sem kom til Austfjarða. Símon bróðir minn var ráðinn formaður á þessum bát fyrsta sumarið. Þegar hann kom heim um haustið sagði hann okkur svo mikið af svona veiðiaðferð, að við ákváðum að stofna félag til kaupa á mótorbát. Í félaginu voru Símon, jeg, Halldór Jónsson á Innstekk og Jón Arnesen verzlunarstjóri á Eskifirði, sem tók að sér að sjá um borgun á bátnum til bráðabirgða. Það var svo ákveðið, að ég skyldi fara utan um veturinn með Jóni Arnesen til að fá bátinn byggðan og útvega vél í hann. Perwie, lítið gufuskip, sem Þórarinn Tulinius hafði á leigu, var væntanlegt að norðan í janúar á leið til Hafnar og ætluðum við að fara með því. Perwie kom svo á tilteknum tíma og átti að leggja af stað kl. 8 morguninn eftir komuna. Ég var í landi um nóttina hjá Jóni Arnesen, því skipið var fullt af farþegum.

Um morguninn þegar við fórum um borð var logn en mjög dimmt í lofti og hafði loftvog fallið mjög mikið um nóttina og stóð nú afar lágt. Við skipstjórinn vorum vel kunnugir. Hann vissi að ég var gamall sjómaður og hafði tekið eftir veðri. Hann spurði mig því strax, hvað ég héldi um veðrið. Ég sagðist búast við norðvestan roki. Var strax byrjað að léttu akkerum, en áður en það var búið komu fyrstu rokurnar úr Borgarkróknum og byrjaði að snjóa. Það var því siglt beint í vindinn, þar til komið var á grunnt vatn. Var þar kastað báðum akkerum og keðjur gefnar á enda. Samt stöðvaðist ekki skipið. Það rak á hlið eins og það væri alveg laust, þó var vélin látin ganga með fullum hraða, til að reyna að snúa því upp í vindinn. Snjóbylur var svo mikill, að ekki sá út fyrir borðið, en sjórinn rauk yfir allt og fraus jafnóðum, því frostið fór svo að segja strax upp í 10 gráður. Af þessum ástæðum og því, hve skipið, sem var alveg tómt, hallaðist mikið undan veðrinu, varð helzt óstætt á þilfarinu. Kom þá skipstjóri niður og tilkynnti farþegum, að enginn mætti fara úr fötum, því hann væri að hugsa um að sigla skipinu heldur á land en láta það reka út fjörð og lenda þar máské á kletta eða sker. Þannig rak okkur í 2-3 klukkutíma, þar til akkerin fengu festu og skipið hætti að reka. Um kvöldið rofaði svo til, að við sáum ljós nokkuð hátt frá sjó og vissum við þá, að við vorum undan Svínaskála. Um morguninn birti upp, en stormur var ennþá, en fór þó lygnandi. Var þá farið að hreinsa ísinn af skipinu, svo hægt væri að léttu akkerum og var því lokið um hádegi. Var þá lagt af stað aftur í góðu veðri. Þegar kom út í fjarðarmynnið var komið norðaustan hvassviðri, með svo mikilli snjókomu, að ekki sá nema rétt útfyrir borðið. Var þá snúið aftur inn í fjörð og lagst undan Helgustöðum. Næsta morgun hafði birt nokkuð og var þá enn haldið af stað til Fáskrúðsfjarðar, sem var síðasta höfnin. Þegar út úr firðinum kom, var mikill sjór og hálfdimmt. Ég var uppi á stjórnþalli hjá skipstjóra, því ég var þaulkunnugur þessari leið, milli Skróðs og lands. Kom þá léttadrengur frá brytanum með þau boð til skipstjóra, að kona brytans væri orðin veik. Brytinn hafði konu sína með sér og virtist vera alveg komið að fjölgun hjá henni. Þá varð skipstjóra að orði: "Eigum við nú að fá það ofan á allt annað?" Hann skrapp svo niður, kom bráðlega aftur og sagði, að þetta væri ekki neitt alvarlegt. Komum við svo á Fáskrúðsfjörð og lágum þar til næsta morguns.

Af farþegum, sem voru með og ég þekki, man ég eftir Þorsteini Jónssyni kaupmanni af Borgarfirði. Af Seyðisfirði voru Þórarinn Guðmundsson kaupm. ásamt konu sinni og Borghild Hansen. Frá Norðfirði Gísli Hjálmarsson kaupm. og frá Eskifirði við Jón Arnesen og Georg Björnsson. Auk þessara farþega sem nú eru taldir

voru einhverjir frá Norðurlandi og stúlka norðan af fjörðum. Prengsli voru svo mikil, að þessi stúlka varð að liggja á bekk inni hjá bryta og konu hans. En hún var ekkert sjóveik og borðaði allar máltíðir með okkur, en hinar konurnar lágu alltaf fyrir þegar nokkuð ruggaði, en leið annars vel. Næsta morgun var svo lagt af stað í góðu veðri til Lerwick á Shetlandseyjum, því áformað var jafnvel að taka kolafarm í skozkri höfn til Hafnar, en það áttum við að fá að vita í Lerwick. Veður var gott á leiðinni, þar til að kvöldlagi er við komum sunnan að Shetlandseyjum. Þá var komið suðvestan stórviðri með nokkrum sjógangi og vorum við því áveðurs við eyjarnar. Það var orðið dimmt og skipstjóri vildi ekki eiga á hættu að leggja inn í sundið, sem er þröngt og opið fyrir sjó af þeirri átt. Við lágum því um nóttina þarna úti fyrir, þar til birti af degi. Það sváfu víst fáir þessa nótt, því skipið kastaðist til og frá, svo menn urðu að halda sér til þess að velta ekki úr rúmunum. Um morguninn var svo haldið inn í sundið og er það sú einkennilegasta innsigling, sem ég hefi séð. Það var eins og að sigla inní stóra trekt með háum hömrum á báða vegu. Eftir fáar mínútur er beygt í vinkil til vinstri og kemur maður þá allt í einu inn á poll eins og stöðuvatn. Fór þá skipstjóri í land, þó að hvasst væri og sendi skeyti um komu okkar þangað. Seinna um daginn kom svar, sem honum var flutt í stórum bát úr landi. Skyldum við halda áfram til Kaupmannahafnar. Um kvöldið var höfnin öll í samfelldu roki og streymdu þangað inn allan daginn og daginn þar á eftir, skip af öllum stærðum til að leita hafnar undan veðrinu.

Á fjórða degi fór veður að batna og fóru þá flestallir farþegar í land til að skoða sig um. Lerwick er snotur bær, sem stendur sunnan megin við höfnina. Hinumegin á móti bænum er herragardur með stórum ökrum. Þar sá ég á beit hóp af Shetlandshestum. Þeir eru á stærð við fullorðna sauðkind. Þeir eru ekki fallegir. Frá hnjám og niður úr vaxa löng hár alveg niður á hófa. Fæturnir sýnast því gildastir neðst.

Tvennt vakti sérstaklega athygli mína í Lerwick. Annað var steinninn, sem húsin voru byggð úr og hitt var fuglalífið í bænum. Steinninn var gulur að lit og óefað góður að vinna hann, því víða sá ég skrautsúlur úr honum við dyrnar á húsunum og yfir gluggum. Af máf og öðrum hvítfugli var svo mikið á götunum, að þeir gengu í hópum á undan okkur. Það var auðséð, að þeir voru ekki eltir með grjótkasti eins og víða á sér stað. Þó að nóg sé af kolum á Skotlandi, virtist þarna vera brennt miklu af mó. Við mættum þar stórum hóp af öldruðum konum með stórar körfur bundnar á bakið fullum af mó, sem þær komu með eitthvað utan af eynni. Allar gengu þær prjónandi og höfðu nælt hnyklinum í barm sér.

Annað sund liggur inn í höfnina norðvestanfrá, en það er svo grunnt og hlykkjótt, að þar fara ekki um nema smáskip.

Næsta morgun lögðum við af stað í síðasta áfangann, eftir að hafa legið í Lerwick í fimm daga. Veður var þá ágætt og helzt það alla leið til Hafnar. Þegar við vorum búnir að sigla sólarhring frá Shetlandseyjum komu boð til skipstjóra um, að stúlkan, sem svaf inni hjá brytahjónunum væri veik. Hann fór inn til hennar og sagði okkur, þegar hann kom til baka, að hún hefði ekki haft hægðir síðan við fórum frá Íslandi. Það mætti til með að hjálpa henni og setja henni pípu og fór fram á, að einhver okkar hjálpaði sér við það. Allir vildu helzt komast hjá þessu, en seinast bauðst þó einn til að aðstoða hann við þetta. Vorum við allir hinir reknir út úr káetunni og upp á þilfar. Einhver gægðist inn og sagði okkur, að þeir væru með stúlkuna á káetuborðinu. Þetta gekk ágætlega. Stúlkan fékk hægðir og heyrði ég seinna, um daginn, að

skipverjar væru að skopast að því, að eftirleiðis mundi verða grynnsli í Norðursjónum, þar sem athöfnin hefði farið fram.

Brytinn seldi fæði og annað þarna um borð fyrir eigin reikning. Vegna þess, hve ferðin gekk seint var hann orðinn fátækur af ýmsu, og þó sérstaklega drykkjarvörum. Seinasta daginn, áður en við komum til Hafnar, var ekkert orðið til að drekka annað en kampavín og vatn, sem ekki var gott. Hann bauð okkur þá flöskuna af kampavíni á 3 krónur. Hann ætlaði að hætta siglingum þegar þessari ferð væri lokið og vildi helst losna við það sem eftir var.

Þegar kom til Hafnar fórum við Jón Arnesen strax að leitast fyrir um smíði á bátnum og sömdum við Clausen bátasmið í Banholm á Láglandi. Þar sá ég nýja tegund af mótórvélum, sem hét Gideon og búin var til af bræðrunum Jörgensen í Horsens. Þessi vélategund var svo sterkleg og fábrotin, að við ákváðum að taka hana. Ákveðið var að fá 8 ha. vél í bátinn, en þeir gátu ekki smíðað hana með svo stuttum fyrirvara, því hún átti að vera tilbúin snemma í apríl. Þeir sögðust eiga tilbúna 10 ha. vél og skyldum við fá hana á sama verði. Við tókum þessu boði og sáum ekki eftir því seinna.

Báturinn kom til Eskifjarðar um miðjan maí, en ekki var byrjað að róa fyrr en í júníbyrjun. Það fiskaðist svo vel þetta sumar, að um haustið þegar hætt var gátum við, með þeim fiski, sem við áttum í salti, borgað bátinn og allan annan útgerðarkostnað, og þeir sex menn, sem við bátinn unnu höfðu eitt þúsund krónur hver í hlut. Slíkur sumarhlutur hafði aldrei þekkst hér um slóðir. Afleiðingin af þessu varð sú, að allir vildu ná sér í mótorbát. Meira að segja, menn sem aldrei höfðu komið nálægt sjó áður. Eftir tvö ár voru komnir á Eskifjörð 12 eða 14 mótorbátar. En ekki græddist á þeim öllum. Laxinn, bátur okkar, varð mesta happafleyta. Fiskaði ágætlega og varð aldrei neitt slys á honum. Vélin reyndist svo vel, að í flesta mótorbáta á Austfjörðum var fengin sama vélartegund.

Endurminningar Árna Jónassonar